


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk







19. JÚNÍ
FYLGIRIT Á KVENRÉTTINDADEGI


# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
19. júní 2012
142. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Í Reykjavík um helgar

*Tom Cruise eyðir frítíma sínum í Reykjavík á meðan hann dvelur á Íslandi.*

**fólk 28**

## Sigrar í jafnréttismálum

*Kvenréttindadagurinn er greyptur í sögu jafnréttis kynjanna, segir Jóhanna Sigurðardóttir.*

**skoðun 14**



## Stelpurnar fara á EM

*Íslenska kvennalandsliðið í handbolta kemst bakdyramegin inn á EM í desember.*

**sport 30**

**veðrið í dag**




**SKÝJAÐ** Í dag verður fremur hæg vestlæg átt víðast hvar. Lítilsháttar úrkoma A-til og víða síðdegisskúrir V-til. Hiti 5-15 stig, svalast NA-til.

**VEÐUR 4**

# Hálf Icesave skuld greidd

**Landsbankinn greiddi þrotabúi gamla bankans 73 milljarða fyrir helgi, einu og hálfu ári á undan áætlun. Eftir að það fé verður afhent kröfuhöfum er rúmlega helmingur af Icesave-skuldinni svokölluðu greiddur.**

**EFNAHAGSMÁL** Nýi Landsbankinn greiddi þrotabúi gamla bankans 73 milljarða króna í erlendum myntum fyrir helgi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður upphæðin mjög fljótlega greidd út til forgangskröfuhafa bankans. Eftir þá greiðslu verður þrotabú Landsbankans búið að greiða rúman helming hinnar svokölluðu Icesave-skuldar.

Þegar samið var um greiðslur nýja Landsbankans fyrir þær eignir sem hann fékk frá þeim gamla voru meðal annars gefin út verðtryggð skuldabréf sem gátu hækkað samhliða virði eignanna. Endurgreiðslur á skuldabréfunum, sem metin voru á um 290 milljarða króna í lok mars síðastliðins, áttu að hefjast í janúar 2014 og standa fram í október 2018.

Fyrir helgi samdist um að nýi Landsbankinn fyrirframgreiddi fjórðung skuldabréfanna, alls um 73 milljarða króna, strax og frestaði þar með fyrsta gjalddaga fram í apríl 2015. Upphæðin var öll greidd í evrum, pundum og dollurum. Við það sparar nýi bankinn sér umtalsverðan fjármagnskostnað, enda voru vextir á skuldabréfunum mun hærri en sú ávöxtun sem hann fékk á erlent laust fé sitt.

**594** milljarðar hafa verið greiddir kröfuhöfum. Á næstunni verða 73 milljarðar til viðbótar greiddir út.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður upphæðin greidd út til kröfuhafa gamla Landsbankans mjög fljótlega og bætist þar með við þá 594 milljarða króna sem áður hafa verið greiddar út til þeirra frá því í desember síðastliðnum. Þar með hefur þrotabúið greitt rúmlega 50 prósent af forgangskröfum sínum, sem nema samtals 1.323 milljörðum króna. Af þeim eru kröfur tryggingarsjóðs innstæðueigenda í Hollandi og Bretlandi vegna innlánasöfnunar Landsbankans í þeim löndum, meðal annars á Icesave-netreikninga, 86 prósent upphæðarinnar. Tryggingarsjóður innstæðueigenda á Íslandi (TIF) er í ábyrgð fyrir 674 milljörðum króna, eða helmingi allra samþykktra forgangskrafna. Sú greiðsla sem þrotabúið verður búið að greiða út á næstu vikum er nánast jafnhá og sem nemur ábyrgð TIF.

Samkvæmt eignamati slitastjórnar Landsbankans frá því í mars síðastliðnum mun þrotabúið eiga fyrir öllum forgangskröfum og eiga 122 milljarða króna umfram þær til að greiða almennum kröfuhöfum.

**- þsj**



**ALDREI FYRR FJÖGUR** Fjögur farþegaskip komu til hafnar í Reykjavík fyrri part dags í gær og með þeim um þrettán þúsund manns. Árið 1990 komu tíu þúsund farþegar með skemmtiferðaskipum en árið 2000 voru þeir þrjátíu þúsund. Í sumar verða þeir ríflega hundrað þúsund. Þegar hafa Faxaflóahafnir bókað 65 skipakomur fyrir sumarið 2013 og fjögur skip verða þá næst samtíða í höfn 9. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir frumsýnir nýja heimildarmynd 7. ágúst:

# Mynd um íslenska transkonu

**KVIKMYNDIR** Ný heimildarmynd Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur um manneskju sem leiðréttir kyn sitt verður frumsýnd 7. ágúst, eða á fyrsta degi Gay Pride-hátíðarinnar. Fjögur ár tók að vinna myndina.

„Þetta er búið að vera alveg ótrúlega erfitt verkefni og mikill rússíbani enda er þetta gífurlega mikil tilfinningaleg flækja sem manneskja fer í gegnum sem er að leiðrétta kyn sitt. Samt sem áður er þetta búið að vera rosalega lærdómsríkt,“ segir Ragnhildur Steinunn um gerð myndarinnar, sem nefnist Hrafnhildur.



RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR

Ragnhildur fylgdi í fjögur ár eftir manneskju sem fer frá því að vera líffræðilegur karl og breytist að lokum í konuna Hrafnhildi. Fylgst er með öllu ferlinu, þar á meðal ferðum hennar til geðlæknis og hormónameðferðinni. „Við fylgjumst með öllum þeim sálarflækjum sem hún gengur í gegnum og hvernig kerfið tekur henni. Þetta er bara upp og niður og veggir og hindranir alls staðar,“ segir Ragnhildur.

**- fb /** **sjá síðu 34**










## SPURNING DAGSINS



*Ragnheiður, ertu nokkuð að drukkna úr áhyggjum?*

„Nei, ég er ekki að drukkna úr áhyggjum en ég er á kafi í þessu enn þá.“

Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr KR, er vongóð um að komast á Ólympíuleikana þrátt fyrir að hafa enn ekki náð lágmarkinu.

Þriggja ára styrkur frá Kanada til fornleifauppgraftar í Þistilfirði:

# Grafið í öskuhaug frá þjóðveldisöld

**MENNING** Íslenskir og kanadískir fornleifafræðingar vinna nú að uppgreftri á Svalbarði við Þistilfjörð. Í sumar stendur til að grafa upp öskuhaug í Hjálmarsvík í Svalbarðstungu, en hann nær að minnsta kosti yfir tímabilið frá þjóðveldisöld og fram á þá fimmtándu.

Unnið hefur verið að rannsókn á byggðarsögu og landnotkun í Svalbarðstungu síðastliðin fjögur sumur. Í ár fékkst þriggja ára styrkur frá kanadíska ríkinu til fornleifarannsókna á svæðinu, en það eru fornleifafræðingar á vegum Fornleifastofnunar Íslands og Laval-háskóla í Quebec sem standa að rannsókninni.



**KROSSMYND Á HVALBEINSPLÖTU**

Fundist hafa níu taflmenn úr hvalbeini í öskuhaugnum, teningur, ferhyrnd plata úr hvalbeini sem á hefur verið rituð krossmynd og helmingur hringlaga hvalbeinsplötu með útskornu dýri. „Þótt rannsóknin sé stutt á veg komin er einsýnt að um geysilega merkilegan fund er að ræða, segir í tilkynningu frá Fornleifastofnun Íslands.

Flett hefur verið ofan af tólf fermetra holu og hefur fjöldi dýrabeina komið í ljós. Vonast er til þess að hægt sé að fá upplýsingar um lífsviðurværi íbúa á norðausturhorni landsins á þjóðveldisöld, með tilliti til mataræðis og gripa sem týnst hafa í rusli eða verið fleygt.

- kóp



**GRAFIÐ Í HAUGINN** Fornleifafræðingar grafa í öskuhaug í Hjálmarsvík í Svalbarðstungu. MYND/UGGI ÆVARSSON

Reyndu að flýja af slysstað:

## 13 ára stal bíl og olli óhappi

**LÖGREGLUMÁL** Þrettán ára stúlka varð valdur að umferðaróhappi í Reykjavík í gær. Hún ók fjölskyldubílnum, sem hún hafði tekið ófrjálsri hendi, aftan á annan bíl. Með henni í för var stúlka á svipuðum aldri. Stúlkurnar, og fimm sem voru í hinum bílnum, sluppu ómeiddir.

Stúlkurnar reyndu að komast undan á hlaupum en vegfarendur hindruðu för þeirra. Þær voru fluttar á lögreglustöð. Haft var samband við forráðamenn sem og fulltrúa barnaverndaryfirvalda.

- shá



**ESB** IPA-styrkir eru veittir ríkjum sem sótt hafa um ESB-aðild og eru hugsaðir sem fjárhagsaðstoð vegna umsóknarferlisins.

Hluti af samningi um þinglok:

## Staðfestu viðtöku IPA-styrkja

**STJÓRNMÁL Rammasamningur ríkisstjórnarinnar við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) um svonefnda IPA-styrki var samþykktur á Alþingi í gær. IPA-styrkirnir eru veittir vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB og eru hugsaðir sem fjárhagsaðstoð til Íslands vegna umsóknarferlisins.**

**Afgreiðsla málsins var hluti af samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu um þinglok sem náðist í gær. Alls 30 þingmenn greiddu atkvæði með samningnum en 18 gegn honum. Fjórir þingmenn greiddu ekki atkvæði en aðrir voru fjarverandi.**

- mþl

# Hrunið hafði lítil áhrif á viðskiptin

**Bræðurnir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir reka Jeppasmiðjuna sem er að finna skammt suður af Selfossi. Þeir eiga stóran hóp viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu sem setur það ekki fyrir sig að keyra tugi kílómetra eftir þjónustu þeirra.**

**VIÐSKIPTI** Bræðurnir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir á bílaverkstæðinu Jeppasmiðjunni eiga fjölmarga trygga viðskiptavini af höfuðborgarsvæðinu, sem leggja á sig að keyra þónokkurn spöl eftir sérfræðiþekkingu þeirra. Verkstæðið þeirra er ekki beinlínis í alfararleið, en það er að finna á Ljónsstöðum, um fimm kílómetra suður af Selfossi. Þeir kannast þó ekkert við það sjálfir að vera út úr.

„Þetta er styttri vegalengd heldur en stórborgarbúinn víðast hvar ferðast til vinnu á hverjum degi,“ segir Ólafur og hefur nokkuð til síns máls.

Jeppasmiðjan er sérhæfð í sjálfskiptiviðgerðum, varahlutasölu og jeppaviðgerðum. Alls starfa um tuttugu manns á verkstæðinu að þeim bræðrum meðtöldum. Eiginkona Ólafs er fjármálastjóri, eiginkona Tyrfings var þar líka um tíma, auk þess sem aðrir fjölskyldumeðlimir stíga inn eftir þörfum. „Þessi er víst eitthvað ættaður frá mér,“ segir Ólafur og bendir á ungan mann sem stendur einbeittur við sjálfskiptingu úr jeppa og setur hana saman eftir leiðbeiningum á tölvuskjá. Hans starf er einkennandi fyrir breytta tíma í þessum bransa, þar sem tölvurnar leika stöðugt mikilvægara hlutverk. „Þegar við byrjuðum var nýjasta tækið í bransanum faxtæki. Í dag er þetta allt orðið tölvustýrt.“

Þeir segja breytingarnar svo örar að þeir hafi verið í stöðugri endurmenntun alla tíð. Það sé helst núna sem hægt hafi á, enda lítið um bílainnflutning, þó þeir hafi enn þá nóg að gera. „Við erum mikið í sjálfskiptiviðgerðum, sem geta kostað allt að 600 þúsund krónur. Einhvern veginn virðist fólki þó ekki ganga verr að borga núna en fyrir hrun,“ segir Ólafur.



**SAMSTÍGA BRÆÐUR** Þeir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir reka Jeppasmiðjuna á Ljónsstöðum við Selfoss, þar sem þeir ólust upp og hafa búið alla tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þegar við byrjuðum var nýjasta tækið í bransanum faxtæki. Í dag er þetta allt orðið tölvustýrt.
>
> **ÓLAFUR LEÓSSON**
> ANNAR EIGENDA JEPPASMIÐJUNNAR

Jeppasmiðjuna stofnuðu þeir bræður árið 1990. „Við vorum báðir í vinnu hjá Ræktunarsambandinu uppi á Selfossi. Á þeim árum var ekki unnið á veturna svo við vorum alltaf eitthvað að dútla í bílunum á sumrin. Svo var þetta orðið þannig að maður mátti ekki vera að því að hætta í hobbíinu til að byrja að vinna á haustin. Þá stofnuðum við fyrirtækið,“ rifjar Tyrfingur upp.

Þeir bræður búa báðir tveir með sínum fjölskyldum á jörðinni. Þar býr einnig systir þeirra, en hún er með búskap á bænum sem þau ólust upp á. En fá þeir bræður aldrei nóg af nærveru hvor annars? „Þú sérð að við stöndum hér hvor á sínum staðnum,“ segir Ólafur og Tyrfingur botnar: „Eins langt í burtu hvor frá öðrum og mögulegt er.“ Þeir brosa samt báðir glettnislega og sjá má að lítil alvara er að baki orða þeirra. Þeir kunna enda vel við sig á æskuslóðum, segja Suðurlandsundirlendið prýðilegan stað til að búa á og sjá því enga ástæðu til að flytja.

holmfridur@frettabladid.is

Herráðið tók völdin:

## Segjast afhenda forseta völdin

**EGYPTALAND, AP** **Mohammed Morsi hefur lýst yfir sigri sem forseti Egyptalands. Kosningarnar voru fyrstu forsetakosningarnar í landinu eftir að Hosni Mubarak var komið frá völdum fyrir sextán mánuðum.**



**MOHAMMED MORSI**

**Opinber úrslit verða ekki kunn fyrr en á fimmtudag. Nokkrum klukkustundum eftir að Morsi, sem var frambjóðandi Bræðralags múslima, lýsti yfir sigri tilkynnti herráð landsins að það hygðist standa við skuldbindingar sínar og afhenda nýjum forseta völdin fyrir lok mánaðarins. Þrátt fyrir þetta hafði herráðið þegar gert nýja bráðabirgðastjórnarskrá, sem gefur hershöfðingjum mikil völd. Því er ekki víst hversu mikil völd nýi forsetinn mun hafa í raun.**

- þeb

Matsfyrirtækið Moody's:

## Skuldir Nokia settar í ruslflokk

**VIÐSKIPTI** Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody‘s hefur fært lánshæfiseinkunn finnska símarisans Nokia í ruslflokk. Þetta er í annað sinn á tveimur mánuðum sem Moody‘s lækkar lánshæfismat Nokia í ruslflokk. Nokia tilkynnti nýverið um umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir í rekstri sínum. Mun fyrirtækið meðal annars loka verksmiðjum og segja upp 10 þúsund starfsmönnum fyrir árið 2014.

Erfiðleikana í rekstri fyrirtækisins má rekja til hratt lækkandi markaðshlutdeildar á farsímamarkaðnum sem hefur tekið hröðum breytingum síðustu ár.

- mþl






**HVER ÞREMILLINN?** Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *ritstjorn@frettabladid.is*

# Langur hringur fyrir 20 manns

„Við erum ekki enn komin hringinn, en þess verður ekki langt að bíða úr þessu. Þetta stingur í augað en svona eru þessi blankheit“, segir Þorgrímur Hallgrímsson, rekstrarstjóri hverfastöðvarinnar á Njarðargötu, spurður um óslegnar umferðareyjar við Lönguhlíð. Þar virðist sem grasið sé að hafa betur en grenihríslurnar sem gróðursettar voru til að prýða umhverfið.

Þorgrímur útskýrir að starfsfólk hverfisstöðvarinnar sinni fyrst hreinsunarstörfum á opnum svæðum þar sem fólk kemur gjarnan saman. Verklagið sé jafnframt með þeim hætti að byrjað sé austast á því svæði sem hverfisstöðin sinnir og haldið sé vestur úr. Þorgrímur segir að fyrsti dagur sláttar hjá starfsmönnum á Njarðargötunni hafi verið 29. maí, en svæðið sem stöðin sinnir er allur vesturbærinn og miðbærinn frá Kringlumýrarbraut og vestur á Seltjarnarnes. „Ég er með tuttugu krakka í slætti fyrir allt þetta svæði. En auðvitað myndi ég vilja vera fljótari að þessu eins og fyrir þremur, fjórum árum þegar ég var með um 60 manns í vinnu“, segir Þorgrímur.

- shá



**VIÐ LÖNGUHLÍÐ** Grasið er að hafa betur en grenið á þessari umferðareyju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Finndu okkur á Facebook!




FLUGVÉLAFLOTI ICELAND EXPRESS ER SÁ ALLRA YNGSTI hjá þeim sem stunda áætlunarflug frá Íslandi.

# SÍÐUSTU SUMARSÆTIN!

LONDON / KÖBEN / GAUTABORG / EDINBORG / KÖLN / PRAG / PARÍS / BARCELONA / BERLÍN / BOLOGNA FRÁ:

# 12.900 KR.*

24 TÍMA TILBOÐ - hefst á hádegi -

**STUNDVÍSUST!** Nýjustu mælingar á Túristi.is sýna að Iceland Express er stundvísast af íslensku flugfélögunum í millilandaflugi til og frá Íslandi.

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, frá **12.900 kr.**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00 til kl. 12.00 á morgun

**Áfangastaðir:** London, Kaupmannahöfn, Gautaborg, Edinborg, Köln, Prag, París, Barcelona, Berlín og Bologna.

**Ferðatímabil:** 20. júní til 30. ágúst

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

Iceland Express
- lækkar verð

FÍTON / SÍA

## EDINBORG
28. JÚNÍ-2. JÚLÍ



**BORGARFERÐ** MEÐ GÍSLA MARTEINI

Verð á mann í tvíbýli

**79.900 KR.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* hóteli ásamt morgunverði og íslensk fararstjórn.

## PARÍS
23. ÁGÚST-27. ÁGÚST



**BORGARFERÐ** MEÐ HALLDÓRI E. LAXNESS

Verð á mann í tvíbýli

**125.900 KR.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 4 nætur á Hotel André Latin með morgunverði, akstur til og frá flugvelli, skoðunarferðir (nema með áætlunarbíl) og íslensk fararstjórn.

## COSTA BRAVA
2. JÚLÍ-9. JÚLÍ



**SÓLARFERÐ** Á FENALS GARDEN HOTEL ★★★★

Verð á mann frá

**112.800 KR.**

Verð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára.
Verð fyrir 2 fullorðna 81.900 kr.

Express ferðir
590 0100 | www.expressferdir.is

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 18.06.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,91 | 125,51 |
| Sterlingspund | 195,68 | 196,64 |
| Evra | 157,76 | 158,64 |
| Dönsk króna | 21,225 | 21,349 |
| Norsk króna | 20,94 | 21,064 |
| Sænsk króna | 17,851 | 17,955 |
| Japanskt jen | 1,5786 | 1,5878 |
| SDR | 189,92 | 191,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,4563

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rúmur helmingur lána frá AGS og Norðurlöndunum hefur nú verið endurgreiddur:

# Ríkissjóður endurgreiðir hluta AGS-lána

**EFNAHAGSMÁL** Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í byrjun þessarar viku samtals 171 milljarð króna fyrir fram af erlendum lánum sínum. Er um að ræða lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og Norðurlöndunum sem veitt voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS sem lauk á síðasta ári.

Alls verður jafnvirði 62 milljarða króna greitt til AGS og jafnvirði um 109 milljarða króna til Norðurlandanna. Ná þessar fyrirframgreiðslur til gjalddaga sem falla á árunum 2013 og 2014 í tilfelli AGS-lánanna og á árunum 2016 til 2018 í tilfelli lánanna frá Norðurlöndunum.

Að þessum fyrirframgreiðslum loknum verður búið að greiða til baka 53% af upphaflegri lánsfjárhæð frá AGS og 59% af upphaflegri lánafyrirgreiðslu Norðurlandanna.

Í yfirlýsingu frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að ákvörðunin um fyrirframgreiðslur komi í framhaldi af 125 milljarða króna skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í maí. Sú aðgerð undirstriki aðgang Íslands að erlendum lánsfjármörkuðum og veiti svigrúm til að endurgreiða lán sem veitt eru til skemmri tíma. Þá hafi ákvörðunin verið tekin með hliðsjón af tiltölulega rúmri lausafjárstöðu ríkissjóðs og Seðlabankans í erlendri mynt næstu misseri. **- mþl**



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Ákvörðun um fyrirframgreiðslu er tekin í kjölfar erlends skuldabréfaútboðs ríkissjóðs í maí og með hliðsjón af tiltölulega rúmri lausafjárstöðu ríkissjóðs og Seðlabankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hefur ekki undan að svara:

## Breivik fær fjölda ástarbréfa

**NOREGUR Hryðjuverkamaðurinn Anders Behring Breivik hefur fengið ástarbréf og stuðningsyfirlýsingar í fangelsið þar sem hann dvelur. Hann hefur sýnt sálfræðingi sínum nokkur þeirra.**



**ANDERS BEHRING BREIVIK**

**Terje Tørrissen skrifaði niður hluta af bréfunum sem hann sá og sagði fyrir rétti í Ósló í gær að um væri að ræða hreinar stuðningsyfirlýsingar. Hann lýsti jafnframt ástarbréfum frá sextán ára stúlkum, tilboðum um giftingu og sitthvað fleira. Breivik hefur að sögn sálfræðinga reynt að svara öllum en magnið af bréfum er svo mikið að hann kemst ekki yfir það. Hann fær einnig mjög mikið af haturspósti og jafnvel líflátshótunum. - þeb**

Um 18.000 á Bíladögum:

## Nokkrir kærðir vegna þvagláta

**AKUREYRI** Alls voru 22 teknir fyrir of hraðan akstur á Bíladögum um síðustu helgi og tveir fyrir ölvunarakstur. Sjö voru kærðir fyrir ýmsar óspektir, flestir fyrir þvaglát á almannafæri. Sjö eignaspjöll voru tilkynnt og þrjár líkamsárásir. Tólf ökumenn voru kærðir fyrir ýmis ökulagabrot.

Akureyri vikublað birti í gær uppgjör ýmissa aðila frá Bíladögum um þar sem þetta kemur fram. Samkvæmt lögreglu er þetta sambærilegt við sömu helgi í fyrra. Aðstandendur Bílaklúbbs Akureyrar segja við blaðið að um 18.000 manns hafi sótt viðburði klúbbsins. **- sv**

# Veiðigjöld afgreidd en stjórnunin bíður

**Alþingi lýkur störfum í dag samkvæmt samkomulagi flokkanna. Veiðigjald verður 12,7 til 13,7 milljarðar. Frumvarp um fiskveiðistjórnun og rammaáætlun bíða haustsins. Sérstakur samráðshópur mun fara yfir sjávarútvegsmálin.**

**ALÞINGI** Samkomulag náðist um þinglok á milli formanna stjórnmálaflokkanna í gær. Það felur í sér samþykkt veiðigjalds, með þónokkrum breytingum, og að frumvarpi um fiskveiðistjórnun verði frestað, sem og þingsályktunartillögu um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Þessi voru þrjú stóru mál ríkisstjórnarinnar á vorþinginu.

Til stóð að samþykkja frumvarp um veiðigjöld í gærkvöldi. Gjaldið verður 12,7 til 13,7 milljarðar og ef það fer yfir 13,8 milljarða verður greitt til baka sem því nemur. Það verður á fjórum gjalddögum og miðast við kvótaárið, en það stendur frá 1. september til 31. júlí.

Sérstakur samráðshópur mun fara yfir áhrif veiðigjaldanna, en þau verða aðeins samþykkt til eins árs. Þá verður framhaldið metið.

Framsóknarflokkurinn fór fram á að samkomulag um þinglokin yrði formlega undirritað. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segist ánægður með samkomulagið, úr því sem komið var.

„Við hefðum viljað sjá mat á því hvaða áhrif hækkun veiðigjalds hefur, en það gekk ekki eftir. Áfram verður þó unnið að málum í sumar og haust og ef forsendur breytast er mögulegt að taka á því.“

Frumvarp um stjórn fiskveiða frestast fram á næsta þing. Í samkomulaginu er einnig tekið á umdeildum atriðum í því, svo sem 40/60 reglunni. Í henni felst að fari



**SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** Til stóð að samþykkja breytt frumvarp Steingríms J. Sigfússonar um veiðigjald í gær. Frumvarpi hans um fiskveiðistjórnun verður hins vegar frestað til haustsins. Hér ráðslagar ráðherrann við Helga Hjörvar fyrr í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

þorskkvóti yfir 202 þúsund tonn gangi 40% af honum til ríkisins en útgerðin fái 60%.

Sigmundur segir að með samkomulaginu hafi náðst ákveðinn stöðugleiki. „Menn vita þá nokkurn veginn hvar þeir standa með kerfið. Í samkomulaginu felst einnig að þau atriði sem helst höfðu verið gagnrýnd af sérfræðingum, og öðrum sem skiluðu umsögnum, detta út.“

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra sjávarútvegsmála, segir að um tímamótamál sé að ræða. Vissulega sé verið að fara vægar af stað en færa mætti rök fyrir að sjávarútvegurinn þoli, en meira tillit sé tekið til skuldugra fyrirtækja.

Hann segir það vissulega vonbrigði að fiskveiðistjórnunin hafi ekki náðst í gegn.

„Jú jú, en það er þó verið að reyna að setja það í farveg og við skulum sjá hverju það skilar. Að sjálfsögðu hefði maður viljað klára allan pakkann og það er vaxandi stuðningur við að það sé gert.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**KÓK** Brátt verða Kúba og Norður-Kórea einu lönd heims þar sem kók er ekki fáanlegt.

Bandaríkin opna á viðskipti:

## Kók loks fáanlegt í Mjanmar

**VIÐSKIPTI** Gosdrykkjaframleiðandinn Coca-Cola mun brátt hefja sölu á gosdrykkjum sínum í Mjanmar, áður Búrma, þar sem kók hefur ekki verið fáanlegt í ríflega sextíu ár. Á næstunni mun því löndum þar sem ekki er hægt að kaupa kók fækka úr þremur í tvö en utan Mjanmar fæst kók ekki á Kúbu og í Norður-Kóreu.

Ákvörðun Coca-Cola er tekin í kjölfar ákvörðunar bandarískra stjórnvalda um að hætta viðskiptaþvingunum gegn Mjanmar. Þíðu hefur gætt í samskiptum Vesturlanda við stjórnvöld í Mjanmar eftir ýmsar lýðræðisumbætur herforingjastjórnarinnar. **- mþl**

Unnið að jafnréttismálum:

## Staðall um jöfn laun kynntur

**JAFNRÉTTISMÁL Staðall um launajafnrétti verður kynntur í dag, en 19. júní er alþjóðlegur kvenréttindadagur. Unnið hefur verið að staðlinum síðan árið 2008, en að þeirri vinnu hafa komið velferðarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands.**

**Frumvarp um staðalinn er tilbúið og fer í hefðbundna kynningu. Samkvæmt því verður fyrirtækjum í sjálfsvald sett hvort þau innleiða hann eða ekki, en hann á að auðvelda þeim að koma á launajafnrétti. Staðallinn verður kynntur á morgunverðarfundi á Grand hóteli Reykjavík í dag. - kóp**


FULLKOMINN FERÐAFÉLAGI!




www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Víðast hvar hægur vindur næstu daga. Að mestu skýjað í dag en bjartara yfir á morgun og á fimmtudag, þó víða líkur á skúrum, einkum síðdegis. Frekar milt í veðri, hiti að 15 stigum yfir daginn V-til. Hlýnar heldur NA- og A- til á morgun.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 19° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 19° |
| París | 21° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# WOW CYCLOTHON

AROUND **ICELAND** 1332 km / 4

# 13 lið
# 48 klukkustundir
# 1.332 km

Hjólað umhverfis landið til styrktar Barnaheillum.

19. - 22. júní, 2012



## Við hvetjum hjólreiðafólk til að fylgja keppendum úr hlaði í kvöld

Þrettán fjögurra manna lið taka þátt í WOW Cyclothon og hjóla **1.332 kílómetra** með boðsveitarformi umhverfis landið, um Hvalfjörð og yfir Öxi. Í samvinnu við Barnaheill – Save the Children á Íslandi verður efnt til átaksverkefnisins „Hreyfing og líkamlegt heilbrigði barna“. Hægt er að heita á liðin til styrktar átakinu á **www.wowcyclothon.is**. Við hvetjum allt hjólreiðafólk til að **fjölmenna að Hörpu kl. 18 og fylgja keppendum úr hlaði**. Ræst verður kl. 19 og hjólað í lögreglufylgd frá Hörpu upp að Ártúnsbrekku.



WOW air | V SPORT | TRI | Barnaheill Save the Children Iceland | LYKILL

Nánari upplýsingar
wowcyclothon.com
facebook.com/wowcyclothon

## KJÖRKASSINN



*Hélst þú upp á þjóðhátíðardaginn með einhverjum hætti?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 36,6% |
| NEI | 63,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að sá tími sem einn einstaklingur getur setið í embætti forseta Íslands verði takmarkaður?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Bjargaðist eftir að hafa rekið tíu kílómetra með stríðum straumi Borgarfjarðar:

# Ótrúleg björgun á Borgarfirði

**BJÖRGUN** Rúmlega fertugur karlmaður og tólf ára gömul dóttir hans voru hætt komin þegar bát þeirra hvolfdi á Borgarfirði skammt frá Borgarnesi á sunnudagskvöld. Stúlkan náði að koma sér upp á sker og beið þar björgunar. Faðir hennar rak hins vegar rúmlega tíu kílómetra út fjörðinn áður en áhöfn TF-LÍF, björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar, kom honum til bjargar þremur tímum eftir að hann lenti í sjónum.

Henning Þór Aðalmundsson, sig- og stýrimaður hjá LHG, lýsti því í viðtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gærkvöldi að maðurinn hafi verið orðinn mjög kaldur og hrakinn þegar hann náðist upp í þyrluna, en hann var fluttur rakleiðis á Landspítalann. Að hans mati þarf ekki að velkjast í vafa um það að flotgalli mannsins og dóttur hans urðu þeim til lífs.

TF-LÍF fór í loftið frá Reykjavík klukkan 22.37 og hafði fundið manninn aðeins rúmum hálftíma síðar. Stúlkuna og bátinn hafði borið upp á Borgareyjar svokallaðar þar sem maður, sem einnig var á skemmtisiglingu, fann hana. Hún var ágætlega á sig komin. - shá



**GÆSLAN AÐ STÖRFUM** Eftir að hafa bjargað telpunni hófst leitin að föður hennar, en hann hafði rekið rúma tíu kílómetra þegar hann fannst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórn BSRB ályktar:

# Launaleiðréttingar krafist

**KJARAMÁL** Stjórn BSRB hefur sent frá sér ályktun þar sem farið er fram á að félagsmenn njóti sömu launaleiðréttinga og þingmenn, ráðherrar, embættismenn og margir sveitarstjórnarmenn hafa fengið undanfarið.

Í kjölfar ákvörðunar kjararáðs um að draga launalækkanir til baka í desember var fjármálaráðherra sent bréf þar sem óskað var eftir sambærilegri launaleiðréttingu fyrir félagsmenn BSRB. Í ályktuninni er sú krafa enn fremur ítrekuð. - shá

Ný rannsókn á bankaránum:

# Bankarán gefa lítið í aðra hönd

**VÍSINDI** Venjuleg bankarán gefa lítið í aðra hönd og geta vart talist sérlega arðbær sé tekið tillit til áhættunnar af því að nást. Þetta er niðurstaða tveggja breskra hagfræðinga sem hafa rannsakað arðsemi bankarána.

Í meðalbankaráni hafa ræningjarnir 12.707 pund, jafngildi um 2,5 milljóna íslenskra króna, upp úr krafsinu á mann. Í ljósi þess að meðallaun á almennum vinnumarkaði á Íslandi voru 4,4 milljónir á ársgrundvelli á síðasta ári framfleytir bankarán ræningjunum því ekki einu sinni í eitt ár.

Þá kemur fram í rannsókninni tvímenninganna að um þriðjungur allra bankarána mistekst. Þá nást ræningjarnir í þrjátíu prósentum tilvika þótt ránið takist. Það þýðir að illa fer fyrir ræningjunum í um helmingi allra bankarána. - mþl

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ölvaður á torfæruhjóli

Karlmaður á fertugsaldri var stöðvaður af lögreglunni á Suðurnesjum þegar hann ók torfæruhjóli sínu um Sandgerðisveg á 122 kílómetra hraða. Þar er leyfilegur hámarkshraði 90. Maðurinn var ölvaður og var því handtekinn og sviptur ökuréttindum.

### Stálu olíu og steypumótum

Lögreglunni á Suðurnesjum barst tilkynning um stuld á steypumótum um helgina. Flytja átti steypumótin en voru þau þá horfin. Þá var tilkynnt um stuld á olíu af vinnutækjum á vinnusvæði við Reykjanesvirkjun.

## SÁDI-ARABÍA

### Salman nýr krónprins

Salman prins hefur verið gerður krónprins í Sádi-Arabíu eftir að Nayef bróðir hans lést. Salman er 76 ára og er talinn frjálslyndari en eldri bróðirinn. Ekki er þó gert ráð fyrir því að nýi krónprinsinn breyti nokkru.

# Bætur hækkaðar til þolenda ofbeldis

**Ríkissjóður greiðir þolendum kynferðisbrota þrjár milljónir króna í hámarksbætur í stað 600 þúsunda. Hámarksbætur fyrir líkamstjón hækka úr 2,5 milljónum í 5 milljónir. Aðstoð við innheimtu mismunar dæmdra bóta og greiðslu ríkissjóðs.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Hámarksbætur fyrir miska sem ríkissjóður greiðir til dæmis þolendum kynferðisbrota og hafa verið óbreyttar í sextán ár verða hækkaðar úr 600 þúsund krónum í þrjár milljónir króna, samkvæmt lagabreytingu sem á að taka gildi um næstu mánaðamót.

Hingað til hafa þolendur kynferðisbrota sjálfir orðið að innheimta mismuninn á þeirri upphæð sem þeim var dæmd og bótunum sem ríkissjóður greiddi. Samkvæmt nýju lögunum geta þeir sem fá dæmdar bætur fengið aðstoð ríkissjóðs við að innheimta mismuninn í þeim tilvikum sem greiðsla ríkissjóðs nægir ekki fyrir dæmdum bótum.

„Ég hugsa að í mörgum tilfellum hafi innheimta aldrei verið reynd. Það er erfitt hugarfarslega að standa í því. Það þarf að ráða lögmann og innheimtan óviss," segir Halldór Þormar, starfsmaður bótanefndar vegna þolenda afbrota.

Hann tekur fram að ríkissjóði verði heimilt að taka gjald vegna aðstoðar við innheimtu. „Mér þykir líklegt að innheimtan verði gegn málamyndagjaldi."

Hámarksbætur fyrir líkamstjón, þar með talið fyrir varanlegan miska og varanlega örorku, verða hækkaðar úr 2,5 milljónum króna í fimm milljónir króna. Hvorki verða þó greiddar bætur fyrir varanlegan miska nema hann sé að lágmarki fimm prósent né varanlega örorku nema hún sé að lágmarki 15 prósent. Er það í samræmi við það sem tíðkast í skaðabótalöggjöf til dæmis í Danmörku og Noregi, að sögn Halldórs.

Í frumvarpinu, sem samþykkt var í síðustu viku, er bent á að ekki hafi svo kunnugt sé verið farið fram á bætur vegna varanlegra andlegra afleiðinga kynferðisbrota þótt ætla megi að slík tjón séu í mörgum tilvikum veruleg. „Rannsóknir í Danmörku sýna að nokkur hluti kvenna sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi fellur brott af vinnumarkaði," greinir Halldór frá.

Markmiðið með lagabreytingunum er að bæta frekar meira tjón en það sem minna er. Miðað við þau mál sem bótanefnd afgreiddi á 36 mánaða tímabili frá 2009 til 2011 er áætlað að aðeins um fimm prósent þeirra sem gera kröfu um varanlegan miska muni ekki ná lágmarkinu. Miðað við kröfur um bætur fyrir varanlega örorku hefur einkum minni háttar tjón verið bætt en þeir sem orðið hafa fyrir meira tjóni hafa setið með það óbætt.

Ríkissjóður hefur árlega greitt 130 til 160 milljónir króna til þolenda ofbeldisbrota. Hækkun heildarútgjalda vegna breytinganna er áætluð 9 til 10 milljónir króna.

ibs@frettabladid.is



**HÆRRI BÆTUR** Um næstu mánaðamót hækka bætur til þolenda ofbeldis. Þær hafa verið óbreyttar í sextán ár.

> Rannsóknir í Danmörku sýna að nokkur hluti kvenna sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi fellur brott af vinnumarkaði.
>
> **HALLDÓR ÞORMAR**
> STARFSMAÐUR BÓTANEFNDAR


## FISKBÚÐIN HÖFÐABAKKA
HÖFÐABAKKA 1 SÍMI 587 5070

FISKBOLLUR OG PLOKKFISKUR
990 kr.kg

FLOTTUR STÓR HUMAR
5.500 kr.kg ( 1 kg. í öskju )

HEITUR MATUR
frá 11.30 - 13.30
og 17.00 - 19.00
Fiskbudinhofdabakka.is ( matseðill )

NIÐURSÖGUÐ LAMBALÆRI
1.390 kr.kg

GRILLSAGAÐ LAMBAKJÖT
1.100 kr.kg

Snæfell
Sérvalið Gæðakjöt
100% AUSTFIRSKT!


Lokaskýrsla breskra heilbrigðisyfirvalda um niðurstöður rannsókna á PIP-púðum:

# PIP-púðar lekir en ekki eitraðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Gelið sem notað var til fyllinga í frönsku PIP-brjóstapúðunum er ekki eitrað. Lekatíðni púðanna er þó helmingi meiri en hjá öðrum framleiðendum.

Þetta eru lokaniðurstöður sérfræðihóps á vegum breskra heilbrigðisyfirvalda sem skoðuðu um 240 þúsund brjóstafyllingar af mörgum gerðum sem notaðar eru í Englandi og voru settar í um 130 þúsund konur. Einnig voru notaðar upplýsingar frá um 5.600 brottnámsaðgerðum í landinu.

Í lokaskýrslu hópsins segir að efnasamsetning gelsins í PIP-púðunum valdi ekki óafturkræfum skaða á heilsufari kvenna, þó það leki út úr fyllingunum. Þó hefur óvissan valdið mörgum kvennanna mikilli streitu og kvíða og segir formaður rannsóknarhópsins í samtali við BBC slíkt vissulega geta flokkast undir langtíma heilsubrest, þó hann komi ekki til af eitrun.

Um 47 þúsund konur í Bretlandi hafa fengið PIP-púða í brjóst sín. Hér á landi er talið að fjöldi kvennanna sé yfir 400, en eins og kunnugt er hefur velferðarráðuneytið boðið 330 konum að láta fjarlægja púðana á Landspítalanum fyrir lágmarkskostnað. Um hundrað konur undirbúa nú málaferli á hendur Jens Kjartanssyni lýtalækni, en hann kom PIP-púðunum fyrir í langstærstum hluta kvennanna hér á landi. - sv



**PÚÐAR FJARLÆGÐIR** Bresk heilbrigðisyfirvöld hafa komist að þeirri niðurstöðu að PIP-púðarnir séu ekki krabbameinsvaldandi þó þeir leki. NORDICPHOTOS/AFP

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

# Hlutafjárútboð í fasteignafélaginu Regin hf. lýkur í dag

Hlutafjárútboð í Regin hf. fer fram dagana 18. og 19. júní 2012. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. mun bjóða til sölu 975.000.000 áður útgefna hluti í Regin, sem samsvarar 75% af heildarhlutafé í Regin. Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama verði sem liggja mun á verðbilinu 8,1-11,9 kr. á hvern hlut í Regin. Söluandvirði útboðsins getur numið á bilinu 7,9-11,6 ma.kr. Markaðsvirði alls hlutafjár í Regin miðað við fyrrgreint verðbil er á bilinu 10,5-15,5 ma.kr.

Útboðið er markaðssett á Íslandi. Skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu eru að þátttakendur hafi íslenska kennitölu og séu fjárráða. Útboðið er tvískipt og skiptist í tilboðsbók og áskriftarhluta. Meginmarkmið seljanda með útboðinu er að Reginn uppfylli skráningarskilyrði Aðalmarkaðar Kauphallarinnar um dreifingu hlutafjár.

**Ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um áskriftarhluta útboðsins í síma 410 4040, fjarmalaradgjof@landsbankinn.is, kl. 9-20 meðan á útboðinu stendur.**

Sótt hefur verið um töku allra hlutabréfa í Regin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin). Seljandi mun falla frá útboðinu ef eftirspurn verður ekki nægjanleg til þess að Reginn uppfylli skráningarskilyrði Aðalmarkaðar Kauphallarinnar um dreifingu hlutafjár eða ef ekki næst að selja yfir 50% af heildarhlutafé í Regin í útboðinu. Seljandi hefur ákveðið að halda eftir 25% eignarhlut í Regin eftir útboðið og hefur skuldbundið sig til þess að selja þann eignarhlut ekki í 10 mánuði eftir töku hlutabréfa í Regin til viðskipta í Kauphöllinni.

Reginn hefur birt lýsingu sem dagsett er 11. júní 2012. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér allar upplýsingar sem þar er að finna áður en þeir taka ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Regin. Lýsinguna má nálgast á vefsíðu Regins, www.reginn.is.

**Útgefandi**
Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, www.reginn.is.

**Hlutafé útgefanda**
Heildarfjöldi útgefinna hluta í Regin er 1.300.000.000 hlutir. Þeir eru allir í einum flokki.

**Seljandi**
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

**Áskriftartímabil**
Útboðið hefst kl. 10:00 þann 18. júní 2012 og lýkur kl. 16:00 þann 19. júní.

**Verðbil og útboðsgengi**
Að áskriftartímabilinu loknu mun seljandi ákveða útboðsgengi sem verður það sama til allra sem taka þátt í útboðinu. Útboðsgengið verður á verðbilinu 8,1-11,9 kr. á hvern hlut í Regin. Seljandi mun byggja ákvörðun sína um útboðsgengi á þeim tilboðum sem berast í útboðinu að teknu tilliti til markmiða sinna með útboðinu.

**Fyrirkomulag útboðs**
Útboðið er tvískipt. Í tilboðsbók eru til sölu 633.750.000 hlutir eða sem nemur 48,75% af heildarhlutafé í Regin. Í áskriftarhluta eru til sölu 341.250.000 hlutir eða sem nemur 26,25% af heildarhlutafé í Regin. Ein áskrift er heimil fyrir hverja kennitölu í útboðinu. Þátttaka í útboðinu er skuldbindandi fyrir fjárfesta.

**1. Tilboðsbók – áskriftir að lágmarki 50 m.kr. að kaupverði**
Í tilboðsbók skila fjárfestar áskrift sinni til umsjónar- og/eða söluaðila á sölutímabilinu á sérstöku áskriftareyðublaði sem nálgast má hjá Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskiptum Landsbankans.

**2. Áskriftahluti – áskriftir á bilinu 100.000-49.999.999 kr. að kaupverði**
Fjárfestar skrá áskriftir sínar á áskriftarvef Landsbankans, sem opinn verður á áskriftartímabilinu: www.landsbankinn.is/reginnutbod. Til að skrá áskriftir sínar verða fjárfestar að hafa aðgang að netbanka, sem getur verið hvaða íslenski viðskiptabanki sem er.

Fjárfestar skrá kennitölu sína og panta lykilorð á áskriftarvefnum sem þeir fá sent sem rafrænt skjal í netbanka sinn. Fjárfestar geta skilyrt áskrift sína við það að endanlegt útboðsgengi fari ekki umfram ákveðið hámarksverð á hlut. Ef fjárfestir tilgreinir ekkert hámarksverð í áskrift sinni skoðast áskriftin sem gerð á útboðsgengi.

**Úthlutun og skerðing áskrifta**
Áskriftir undir útboðsgengi verða ekki samþykktar og aðilar sem bjóða verð undir útboðsgengi eða tilgreina hámarksverð sem er undir útboðsgengi fá ekki úthlutað hlutum í útboðinu.

Áskriftir í tilboðsbók sem eru á og yfir útboðsgengi verða samþykktar. Ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir í tilboðsbók skertar hlutfallslega, með tilliti til heildartilboðsfjárhæðar tilboðsgjafa sem buðu á og yfir útboðsgengi að teknu tilliti til tilboðsgengis þeirra.

Áskriftir í áskriftarhluta sem eru á útboðsgengi og hámarksgengi yfir útboðsgengi verða samþykktar. Verði umframáskrift í þessum hluta útboðsins verða áskriftir ekki skertar niður fyrir 100.000 kr. að kaupverði. Leitast verður við að skerða ekki áskriftir sem eru allt að 2 m.kr. að kaupverði. Að öðru leyti verður skerðing hlutfallsleg.

Seljandi áskilur sér rétt til þess að breyta þeim fjölda hluta sem eru boðnir til sölu í hvorum hluta útboðsins fyrir sig og til þess að hafna áskriftum að heild eða í hluta án frekari rökstuðnings.

**Gjalddagi og afhending**
Greiðsluseðlar verða sendir í netbanka áskrifenda. Gjalddagi og eindagi greiðsluseðla er 27. júní 2012. Afhending hluta fer eingöngu fram gegn greiðslu áskriftarloforða og fer fram 29. júní 2012.

**Fyrsti dagur viðskipta í Kauphöll**
Kauphöllin mun tilkynna um fyrsta viðskiptadag með hluti í Regin með eins viðskiptadags fyrirvara. Fyrsti dagur viðskipta getur í fyrsta lagi orðið 2. júlí 2012.

**Umsjónar- og söluaðili útboðs og töku hlutabréfanna til viðskipta**
Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík, sími 410 7340, fyrirtaekjaradgjof@landsbankinn.is.

**Söluaðili útboðs í tilboðsbók**
Markaðsviðskipti Landsbankans, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík, sími 410 7330, reginnutbod@landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvar eru bíladagar haldnir?*
2. *Hvaða númer er á landsliðstreyju Margrétar Láru Viðarsdóttur?*
3. *Hvar verður næsta heimsmeistaramót í handknattleik haldið?*

**SVÖR**

*1. Akureyri 2. 9 3. Á Spáni.*

Þrettán lið hjóla hringinn:

## Hjóla til styrktar Barnaheillum

**SAMFÉLAGSMÁL** Þrettán lið hjólreiðakappa munu næstu daga hjóla hringinn í kringum landið í alþjóðlegu hjólreiðakeppninni WOW Cyclothon. Liðin eru að safna áheitum vegna hjólreiðanna sem munu renna óskipt til áheitaverkefnis Barnaheilla sem nefnist „Hreyfing og líkamlegt heilbrigði barna“.

Liðin þrettán munu hjóla alls 1.332 kílómetra á fjórum dögum eftir boðsveitarformi en fjórir eru í hverju liði. Liðin munu safnast saman við Hörpu í kvöld og hjóla í lögreglufylgd að Ártúnsbrekku klukkan 19.00 þar sem keppnin hefst. Hægt er að heita á liðin á áheitavef Barnaheilla, www.heillakedjan.is/wow, en þegar hafa um 800.000 krónur safnast.

- mþl

# Nú vitið þið að ég er enginn jólasveinn

**Hannes Bjarnason kom óþekktur inn í baráttuna um forsetaembættið. Hann segir þá reynslu undarlega enda hafi margir haldið að hann væri einhver jólasveinn. Það álit hafi þó snarbreyst eftir að hann fór að kynna sig.**

FORSETA KOSNINGAR 2012

Hannes Bjarnason forsetaframbjóðandi heimsótti Landspítalann á dögunum og kynnti framboð sitt til forsetaembættisins.

Hannes segir persónu forsetans skipta jafn miklu máli og málefnin. Íslendingar eigi að kjósa þann frambjóðanda sem það vill sjá í forsetastóli næstu fjögur árin.

„Þetta eru fyrstu kosningarnar eftir hrun og hingað til hafa kosningarnar aðallega snúist um það hvort eigi að halda Ólafi eða ekki. Það er fáránleg umræða í sjálfu sér. Það er enginn að tala um það hvernig forseta hann vill.“

Hannes sagði mörgum hafa í fyrstu fundist framboðið fáránleg hugmynd, aðra hafa spurt sig um tilgang framboðsins, og hvort hann hafi hugsað sér að „koma hingað á hvítum hesti og ætla að bjarga Íslandi“.

En það er þráin að láta gott af sér leiða sem fékk Hannes til að snúa aftur til landsins.

„Ég býð mig til embættis forseta Íslands af því að síðan fyrir hrun hef ég fylgst vel með þjóðfélagsumræðunni á Íslandi. Eftir hrun varð ég alveg viðþolslaus og fannst ég verða að gera eitthvað jákvætt fyrir Ísland. Ég hef mikla trú á Íslandi.

Með bakgrunn í þessu, ákvað ég að bjóða mig fram. Ég veit ósköp vel að hverju ég geng, en ég hef alltaf trúað því að ef ég myndi ná að hreyfa við fólki þá ætti ég kannski möguleika.“

Hannes sagði marga hafa haft neikvætt álit á framboði sínu til að byrja með en það álit hafi breyst.

„Þetta hefur verið svolítið undarleg upplifun. Þegar fólk uppgötvar allt í einu að þessi maður er ekkert ruglaður og að kannski sé hann enginn jólasveinn eftir allt. Núna eruð þið búin að sjá mig og vitið að ég er bara ósköp venjulegur maður.“

Hannes lagði áherslu á að menn þyrftu ekki að vera þekktir í íslensku samfélagi til að vinna gott starf fyrir landið.

„Ég vil ekki þannig samfélag að þeir sem vilja vinna í þágu þjóðarinnar þurfi að vera þekktir í sjónvarpi og útvarpi eða skrifa í blöðin endalaust. Ég vil ekki búa börnunum mínum þannig samfélag.“

katrin@frettabladid.is



**HEIMSÓTTI LANDSPÍTALANN** Hannes segir mikilvægt að Íslendingar kjósi þá persónu sem þeir vilji sjá á Bessastöðum næstu fjögur árin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**REYÐARFJÖRÐUR** Útibú Landsbankans á Eskifirði og Fáskrúðsfirði voru meðal þeirra sem lokað var nýverið. Íbúar þar þurfa nú að sækja sér þjónustu útibúsins á Reyðarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sveitarfélög á Austurlandi:

## Fordæma lokun útibúa

**BYGGÐAMÁL** Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fordæmir nýlegar lokanir útibúa Landsbankans á Austurlandi í nýrri bókun.

Í bókuninni segir að til lengri tíma litið sé vandséð að hagræði fyrir bankann felist í lokun útibúanna. Þá geti ákvörðunin skapað mikið óhagræði fyrir viðskiptavini hans á svæðinu auk þess sem hún stangist á við yfirlýsta stefnu stjórnvalda, eiganda bankans, um að verkefni, störf og þjónusta verði efld í nærumhverfinu. Loks kemur fram í bókuninni að það sé lágmarkskrafa að haft sé samráð við hlutaðeigandi aðila þegar ákvarðanir eru teknar sem varða skert lífsgæði íbúa á tilteknu svæði.

- mþl

LÖGREGLUFRÉTTIR

**Innbrot í Reykjanesbæ**

Brotist var inn í fyrirtæki í Reykjanesbæ aðfaranótt sunnudags og þaðan stolið verðmætri Apple-tölvu. Rúða hafði verið brotin og öryggiskerfi fór í gang og var þá hringt eftir aðstoð lögreglu sem rannsakar nú málið.



**EINSTÖK TILBOÐ!**



## Audi Q7 3,0 TDi
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 49.000 km, sjálfskiptur

**Ásett verð:**
**8.290.000,-**

# GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Touareg** V10 TDi
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.190.000,-**



**VW Polo** Trendl 1,2
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 30.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.980.000,-**



**Audi A6** 2,0 TFSi
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 115.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.150.000,-**



**MM Pajero** GLS 33"
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 117.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.890.000,-**



**Toyota Hilux** 33"
Árgerð 2005, dísel
Ekinn 115.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.490.000,-**



**Nissan** Pathfinder 2500 SE
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 106.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.200.000,-**



**Honda CR-V** 2,0 Lifestyle
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.350.000,-**



**Nissan Murano** 3500
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 75.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.390.000,-**



**BMW** 318i 2,0
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 45.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.850.000,-**



**Hyundai Getz**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 90.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**980.000,-**



**Toyota Aygo**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 60.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.090.000,-**



**Nissan X-Trail**
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.290.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**



**MÓTMÆLT Á SPÁNI** Mótmælandi heldur á björgunarhring fyrir framan höfuðstöðvar Bankia-bankans í Madríd á Spáni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breska efnahagsbrotadeildin viðurkennir mistök eftir að sýnt var fram á rangfærslur í rannsóknargögnum:

# SFO hætt að rannsaka Vincent Tchenguiz

**VIÐSKIPTI** Breska efnahagsbrotadeildin, Serious Fraud Office (SFO), hætti í gær rannsókn sinni á fjárfestinum Vincent Tchenguiz. Áður hafði dómari sagt SFO hafa sýnt algera vangetu við meðhöndlun sína á rannsókn sem deildin hefur verið með í gangi á Vincent og bróður hans Robert.

Vincent Tchenguiz var handtekinn í mars 2011, húsleitir framkvæmdar á skrifstofum fjárfestingafélags hans og lagt hald á mikið magn af lausum og rafrænum gögnum. Rannsókn SFO á Tchenguiz-bræðrunum sneri meðal annars að 35 milljarða króna láni sem þeir fengu hjá Kaupþingi í mars 2008.

SFO þufti síðar að viðurkenna að margþættar rangfærslur hefðu verið í þeim gögnum sem lögð voru fram þegar heimild fyrir aðgerðunum var tryggð fyrir dómstólum.

Rannsókn á Robert Tchenguiz verður haldið áfram. Samband hans við Kaupþing var nánara en bróður hans, en Robert sat meðal annars í stjórn Existu, sem nú heitir Klakki, stærsta eiganda bankans fyrir fall hans.

Í fréttatilkynningu sem Vincent sendi frá sér í gær var haft eftir honum að „skugga hefur verið lyft og ég get haldið áfram að byggju upp líf mitt og viðskiptahagsmuni“. Enn eigi hins vegar eftir að gera upp tjónið sem hann hafi orðið fyrir. Breskir fjölmiðlar voru sammála um það í gær að hann myndi líklega höfða skaðabótamál gegn SFO.

- þsj



**VINCENT TCHENGUIZ** Rannsókn SFO sneri meðal annars að 35 milljarða króna láni sem Tchenguiz-bræður fengu að láni frá Kaupþingi. MYND/BLOOMBERG








**FUNDAÐ Í ÞINGINU** Antonis Samaras og Alexis Tsipras hittust á fundi í gær. Tsipras segir flokk sinn verða í stjórnarandstöðu, en ekki verði komið í veg fyrir stjórnarmyndun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vilja mynda stjórn í dag

**Mynda þarf ríkisstjórn með eins mörgum flokkum gríska þingsins og hægt er, sagði leiðtogi Nýja lýðræðisflokksins í gær. Hann fékk stjórnarmyndunarumboð og vill breyta skilmálum björgunaráætlunar.**

**GRIKKLAND, AP** Antonis Samaras, leiðtogi Nýja lýðræðisflokksins í Grikklandi, fékk formlegt umboð frá forsetanum Karolos Papoulias til að mynda ríkisstjórn í gærmorgun. Til þess hefur hann þrjá daga, og forsetinn sagði mikilvægt að ný stjórn yrði mynduð sem allra fyrst. „Landið má ekki við því að vera stjórnlaust í svo mikið sem klukkustund.“

Samaras sagðist í gær ætla að leita leiða til þess að breyta skilmálum í björgunaráætlun Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í gærmorgun varð hækkun á mörgum mörkuðum vegna úrslita kosninganna, en það entist ekki lengi, sem þykir gefa til kynna að sérfræðingar hafi ekki trú á því að með úrslitunum sé vandi evrusvæðisins nú að minnka.

> Landið má ekki við því að vera stjórnlaust í svo mikið sem klukkustund.
>
> **KAROLOS PAPOULIAS** FORSETI GRIKKLANDS

Samaras fundaði með leiðtoga Syriza, róttæka vinstribandalagsins, í gær. Leiðtoginn, Alexis Tsipras, sagði flokk sinn ætla að vera í stjórnarandstöðu og kljást við stjórnvöld. „Hlutverk sterkrar og ábyrgrar stjórnarandstöðu er að hafa áhrif og grípa inn í og þetta er það sem ég fullvissaði herra Samaras um að við munum gera.“

Þrátt fyrir viðbrögð Tsipras sagði Samaras að nauðsynlegt væri að mynda ríkisstjórn í þjóðarsátt með eins mörgum flokkum og hægt er. Hann fundaði með leiðtoga sósíalistaflokksins Pakos, Evangelos Venizelos, seinni partinn í gær. Flokkarnir tveir gætu myndað meirihluta en Samaras vill fleiri flokka með til þess að hafa stærri meirihluta í þinginu og meiri stöðugleika. Venizelos sagði í gær að nauðsynlegt væri að ríkisstjórn hefði verið mynduð fyrir lok dagsins í dag.

Þegar öll atkvæði höfðu verið talin hafði Nýi lýðræðisflokkurinn fengið 29,7 prósent atkvæða og 129 þingsæti. Syriza hlaut 26,9 prósent og 71 sæti og Pasok 12,3 prósent og 33 sæti. Flokkurinn sem hlýtur flest atkvæði í kosningum í Grikklandi fær alltaf 50 sæti til viðbótar; þannig fékk Nýi lýðræðisflokkurinn í raun 79 þingsæti í kosningunum. Stjórnmálaskýrendur hafa bent á að einungis fjórutíu prósent kjósenda hafi valið flokka sem gefa sig sérstaklega út fyrir að styðja björgunaráætlunina frá ESB og AGS.

Þrátt fyrir þetta var niðurstöðunum fagnað í Evrópu. Fjármálaráðherrar evruríkjanna sautján gáfu út yfirlýsingu þar sem fram kom að besta leið Grikkja út úr kreppunni væri að halda áfram endurbótum. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hringdi í Samaras þegar úrslitin voru ljós og óskaði honum til hamingju og minnti á mikilvægi þess að ríkið héldi áfram að vinna að björgunaráætluninni. thorunn@frettabladid.is

# Hálfmaraþon í fyrsta sinn og nýjar leiðir í 10 km og 5 km hlaupi

MIÐNÆTURHLAUP SUZUKI

21. júní 2012




SUZUKI bílar hf. styðja
Kára Stein Karlsson
maraþonhlaupara

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**3,72 MILLJARÐAR KRÓNA** var heildarvelta á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu vikuna 8. til 14. júní. Meðalvelta á viku frá áramótum hefur verið 2,87 milljarðar.




**SKIPTI** Kaupþing, sem verður eignarhaldsfélag að mestu í eigu erlendra kröfuhafa verði nauðasamningur samþykktur, er óbeinn eigandi að 56% hlut í Klakka. Skipti, sem á Símann, stærsta fjarskiptafyrirtæki landsins, er meðal dótturfélaga þess. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þrotabú Kaupþings á stóran hlut í Klakka/Existu:

## Kaupþing búið að fá hlut sinn afhentan

Hlutafé í Klakka ehf., sem áður hét Exista, var aukið um 4,8 milljarða króna að nafnvirði á stjórnarfundi þann 29. maí síðastliðinn. Þetta kemur fram í tilkynningu til Fyrirtækjaskráar. Allt hið nýja hlutafé rann til þrotabús Kaupþings en það nemur um tuttugu prósenta eignarhlut í félaginu. Klakki/Exista er meðal annars eigandi Skipta (móðurfélags Símans), VÍS og Lýsingar.

Hlutafjáraukningin er hluti af risavöxnu samkomulagi milli Klakka/Existu og þrotabús Kaupþings sem snerist um að gera upp fjölmörg ágreiningsmál milli aðilanna. Klakki/Exista var stærsti eigandi Kaupþings fyrir bankahrun og var auk þess einn stærsti viðskiptavinur bankans. Samkvæmt samkomulaginu gaf Klakki/Exista eftir 254 milljarða króna kröfu á Kaupþing og þrotabúið gaf eftir sambærilega upphæð á félagið. Um fimmtungshlutur Klakka/Existu féll þrotabúinu í skaut vegna uppgjörsins. Eftir hlutafjáraukninguna heldur Kaupþing, eða félög í meirihlutaeigu búsins, um 56 prósenta hlut í Klakka/Existu. Þorri þeirrar eignar er hjá Arion banka.

Slitastjórn Kaupþings tilkynnti nýverið um þau áform sín að leggja fram nauðasamning í haust. Samkvæmt honum verður stofnað íslenskt eignarhaldsfélag utan um eignir þess sem verður í eigu almennra kröfuhafa, sem eru að langstærstu leyti erlendir. Þeir munu því eiga og stjórna nýja félaginu. - þsj

# Methagnaður hjá CCP

**CCP hagnaðist um 1,1 milljarð í fyrra og hefur hagnaður aldrei verið meiri. Um 97% tekna koma frá sölu áskrifta að EVE Online. Tveir nýir leikir í burðarliðnum.**

Tölvuleikjafyrirtækið CCP hagnaðist um 8,8 milljónir Bandaríkjadala á síðasta ári, jafngildi 1,1 milljarðs króna á núverandi gengi. Tekjur fyrirtækisins frá netleiknum EVE Online námu ríflega 7,9 milljörðum á árinu og hafa aldrei verið meiri. Þá varði fyrirtækið rúmum 1,6 milljörðum í rannsóknir og þróun á árinu.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn var kynntur á aðalfundi fyrirtækisins í síðustu viku.

Eins og áður sagði var hagnaður CCP 8,8 milljónir Bandaríkjadala á árinu en til samanburðar hagnaðist fyrirtækið um 5,5 milljónir Bandaríkjadala árið 2010 og 6 milljónir árið 2009. Bætta afkomu má að stærstum hluta rekja til fjölgunar áskrifenda að tölvuleiknum EVE Online sem fyrirtækið hefur haldið úti síðastliðin níu ár.

Rekstrartekjur fyrirtækisins á árinu námu 65,3 milljónum Bandaríkjadala og komu 96,7% þeirra frá sölu áskrifta að EVE Online. Áskrifendur að leiknum voru ríflega 350 þúsund í lok ársins og fjölgaði þeim um í kringum 10 þúsund á árinu. Tekjur frá leiknum hafa því aldrei verið jafn miklar og á síðasta ári. Líklegt má telja að tekjurnar verði enn hærri á þessu ári þar sem fjöldi áskrifenda rauf nýverið 400 þúsund spilara múrinn.



**DUST 514** CCP mun á næstunni gefa út nýjan tölvuleik sem nefnist DUST 514. Hefur fyrirtækið unnið að þróun leiksins í fjögur ár.

### Íslenskir fjárfestar geta eignast hlut í CCP

Á aðalfundi CCP í síðustu viku var samþykkt tillaga stjórnar fyrirtækisins þess efnis að fyrirtækið legðist í skuldabréfaútgáfu upp á allt að 2,5 milljarða króna. Kaupendur skuldabréfanna munu hafa valrétt um að breyta láninu í hlutafé og þannig verður íslenskum, sem og erlendum, fjárfestum gefinn kostur á að eignast hluti í fyrirtækinu. Í viðtali við Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóra CCP, sem birtist í Fréttablaðinu á laugardag kom fram að fyrirtækið legðist í útgáfuna til að gera því kleift að standa af útgáfu DUST 514 af meiri krafti en ella. Leikurinn kemur út síðar á þessu ári.

Á móti var rekstrarkostnaður fyrirtækisins 51,8 milljónir Bandaríkjadala og jókst um 11,2% á milli ára. Fjórðungur rekstrarkostnaðar er vegna rannsókna og þróunar en CCP vinnur um þessar mundir að tveimur nýjum tölvuleikjum; DUST 514, sem kemur út á þessu ári, og World of Darkness sem er skemmra á veg kominn. magnusl@frettabladid.is



www.peugeot.is

# Fjölskylduvænir

## - Eyðslugrannir og með fimm stjörnu öryggi




**Peugeot 3008**
**- sjálfskiptur, dísil**
Meðaleldsneytiseyðsla frá **4,7L/100km**
$CO_2$ útblástur frá **122g**
kr. **4.590.000**

**Peugeot 5008**
**- 7 manna, sjálfskiptur, dísil**
Meðaleldsneytiseyðsla frá **4,8L/100km**
$CO_2$ útblástur frá **125g**
kr. **4.760.000**




MOTION & EMOTION

PEUGEOT

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

VR 2012

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Landsliðsmenn í handbolta flengja félagana:

## Vondu fyrirmyndirnar okkar

Furðulegt hefur verið að fylgjast með umræðum innan íþróttahreyfingarinnar undanfarna daga um flengingar sem einhvers konar hópefli og „busavígslu" í íþróttaliðum.

Málið komst í hámæli eftir að nýliði í landsliðinu í handbolta sagðist gera ráð fyrir að verða flengdur eftir fyrsta landsleikinn sinn og að það væri guðsþakkarvert að ein af handboltahetjunum okkar væri hætt í liðinu, af því að viðkomandi kempa væri svo harðhent.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Í framhaldinu sagði Ómar Ragnarsson fréttamaður frá því á bloggsíðunni sinni að hann vissi dæmi svipaðra flenginga í yngri flokkum íþróttafélaga, þar sem menn kæmu heim, jafnvel flengdir til blóðs, og gætu varla setið eða legið eftir meðferðina. Ómar krafðist rannsóknar á málinu innan íþróttahreyfingarinnar.

Fyrstu viðbrögð forsvarsmanna ÍSÍ voru að draga í efa að svona væri í pottinn búið. Fljótlega voru hins vegar dregin fram dæmi í fjölmiðlum, þar á meðal hér í Fréttablaðinu, þar sem nafngreint íþróttafólk segir frá slíkum flengingum, meðal annars á fjórtán og fimmtán ára unglingum sem voru að byrja að spila með meistaraflokki.

Sumum finnst flengingarnar fullkomlega eðlilegar. „Þetta er bara hefð og menn hafa ekki slasast að því ég best veit," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Handknattleikssambandsins, hér í blaðinu.

Öðrum finnst málefnið fyndið og skemmtilegt. Þannig sagði leikmaður með meistaraflokki kvenna hjá ÍBV í samtali við Fréttablaðið að það væri „gaman að þessu" og ætti kannski að endurvekja flengingahefð sem hefði lagzt af þar á bæ. „„„Kjúllarnir" hafa aldrei fundið fyrir því að vera nýliðar. Þær eru bara hluti af eldri hópnum og kannski ágætt að þær finni fyrir því að þær séu yngri og að spila fyrstu leikina í meistaraflokki," sagði leikmaðurinn. Með öðrum orðum finnst henni sjálfsagt og eðlilegt að niðurlægja fólk sem hefur náð þeim árangri í íþrótt sinni að fá að spila með meistaraflokki.

Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri Olweusar-áætlunarinnar gegn einelti, setti þennan bavíanahátt í rétt ljós í samtali við Fréttablaðið á föstudag. Hann sagðist vita til þess að börn hefðu hætt í íþróttum vegna ótta við flengingarnar. „Þetta er alveg eins og hvert annað ofbeldi þar sem krakkar eru að reyna að komast inn í hópana. Þetta á að afnema með öllu og það á ekki að fara neina millileið," sagði Þorlákur.

Hann bendir sömuleiðis á það hversu ömurlegar fyrirmyndir „strákarnir okkar" eru þegar þeir taka þátt í þessu niðurlægjandi og ofbeldisfulla athæfi og hafa það svo í flimtingum: „Þarna eru fyrirmyndirnar og krakkarnir apa þetta eftir. Það á ekki að vera gantast eitthvað með svona."

ÍSÍ hefur nú tekið á sig rögg, ætlar að kanna hversu útbreiddar flengingarnar eru og taka svo fyrir þær. Það er rétt afstaða. Það á að sjálfsögðu að taka við nýliðum í íþróttaliðum af virðingu og væntumþykju, en ekki með heimskulegu ofbeldi og niðurlægingu.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óvænt úrslit?

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, vísaði í gær til Ólafs Ragnars Grímssonar sem þess forsetaframbjóðanda sem líklegastur væri til sigurs í sumar. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hafði þetta að segja um málið: „Við formann Sjálfstæðisflokksins vil ég segja að bæði dæmið af honum sjálfum og dæmið af Grikklandi í gær sýnir að menn eiga aldrei að gefa sér niðurstöðu kosninga fyrir fram." Er Össur með þessu að segja að formannskosningarnar í Sjálfstæðisflokknum, sem Bjarni vann með tæpum 60% atkvæða, hafi verið jafn tvísýnar og í Grikklandi um helgina?

### Dómur um það sem koma skal

Fjölmargir þingmenn kváðu sér hljóðs í upphafi þingfundar í gær um fundarstjórn forseta, Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Henni virtist nóg um og kynnti einn þingmann í pontu á þann veg að hann ætlaði að taka til máls „um fundarstjórn forseta sem varla er hafin".



### Allt vont kemur frá ESB

Rétttrúnaður er yfirleitt hvimleiður því honum fylgir oft og tíðum sá leiði fylgifiskur að allt er skýrt út frá fyrirframgefinni forsendu. Þannig virðist Ragnar Arnalds búinn að gefa sér að allt illt í heimi hér eigi uppruna sinn hjá Evrópusambandinu. Hann rekur vefsíðuna Vinstrivaktin gegn ESB og skrifar þar um að ESB hafi tekist að láta leiðrétta kosningaúrslit í Grikklandi. Þar skipta staðreyndir Ragnar litlu, til dæmis það að stjórnarkreppa var í landinu og því þurfti að kjósa á ný.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Nýir sigrar jafnréttisbaráttunnar


Jafnrétti



Jóhanna Sigurðardóttir

forsætisráðherra


Kvenréttindadagurinn er greyptur í sögu jafnréttis kynjanna og mannréttinda hér á landi. Sjaldan eða aldrei sem í dag getum við fagnað jafn stórum áföngum á jafn stuttum tíma. Í dag þökkum við líka fyrir baráttu undangenginna kynslóða og ríka getu íslenskra kvenna til samstöðu og samvinnu um að stefna enn hærra. Við fögnum því að hafa þrjú ár í röð skipað efsta sætið á lista Alþjóðaefnahagsráðsins yfir stöðu jafnréttismála á heimsvísu og ætlum að halda þessu forystusæti með því að sækja stöðugt fram.

Í fyrsta skipti í Íslandssögunni eru konur í meirihluta æðstu embætta stjórnsýslunnar. Af níu ráðherrum eru fimm konur, af tíu ráðuneytisstjórum eru fimm konur. Í fyrsta skipti hafa konur náð hinu 40% nú lögbundna lágmarki í nefndum og ráðum Stjórnarráðsins. Kynjakvótinn sem núverandi stjórnarmeirihluti innleiddi hefur þegar leitt til fjölgunar kvenna í stjórnum lífeyrissjóða og fyrirtækja en hann kemst að fullu til framkvæmda 2013. Hert barátta gegn kynbundnu ofbeldi dylst engum, svo sem lögleiðing austurrísku leiðarinnar, bann við kaupum á vændi, aðgerðaáætlun gegn mansali og ný aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem er í smíðum.

Vert er að minna á nýja greiningu Þjóðmálastofnunar á þróun launamunar kynjanna fyrir hrun annars vegar og í tíð þessarar ríkisstjórnar hins vegar. Greiningin byggir á gögnum Hagstofunnar og sýnir minnkandi mun, úr 30-35% í 13-20%, eftir því við hvaða launahugtak er miðað.

En þessi árangur nægir mér ekki, ekki núverandi ríkisstjórn og ekki konum þessa lands. Launajafnrétti kynjanna er það svið jafnréttisbaráttunnar þar sem stöðugt þarf að sækja fram, móta einarðan pólitískan vilja og finna ný og beittari verkfæri til að hrinda honum í framkvæmd. Í dag verður kynnt frumvarp að staðli um launajafnrétti kynja. Með honum hafa aðilar vinnumarkaðarins í samvinnu við stjórnvöld og Staðlaráð unnið algert frumkvöðla- og brautryðjendastarf. Ég bind miklar vonir við að atvinnulífið allt taki honum fagnandi og nýti þá möguleika sem hann skapar til að ná enn frekari árangri í baráttunni gegn launamisrétti kynjanna.

Til hamingju með daginn!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Öryggi sjúklinga – dæmisaga úr kerfinu

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Það er áhugavert að fylgjast með þeirri umræðu sem verið hefur um samtengda rafræna sjúkraskrá undanfarin ár og seinaganginn í því verkefni. Við höfum um nokkurt skeið verið með því sem næst sama sjúkraskrárkerfið á öllum heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum hérlendis, þá hafa einnig sérfræðilæknar og einkareknar læknastöðvar verið að notast við sama kerfið en það heitir Saga.

Ég ætla ekki að fara sérstaklega ofan í kosti og galla þessa kerfis, en staðreyndin er sú að menn eru ekki allir sammála um ágæti þess. Það sem hins vegar er ótvíræður kostur er að það eru allir að vinna meira og minna í sama kerfinu sem gerir okkur auðvelt fyrir að tengja það saman. Það hafa lengi verið uppi hugmyndir um að bjóða út nýtt kerfi og skipta en einnig að reyna að nýta sem best það sem fyrir er. Þarna skiptast menn í fylkingar aftur svo það er flókið úrlausnarefni fyrir heilbrigðisyfirvöld að komast að niðurstöðu, að minnsta kosti hefur það ekki tekist enn og óljóst hvenær verður.

En á meðan þessu stendur má velta því fyrir sér hvort öryggi sjúklinga geti verið ógnað þar sem upplýsingar um sjúklinga geta verið býsna mikilvægar og á stundum er sjúklingurinn ekki fær um að veita þær sjálfur, t.d. þegar hann er meðvitundarlaus í kjölfar lyfjaeitrunar þar sem hann hefur reynt að svipta sig lífi, en það getur verið mannbjörg að vita hvaða lyf viðkomandi innbyrti, eða jafnvel eftir slys eða alvarleg veikindi. Það þarf hins vegar ekki að vera svo dramatískt heldur getur sjúklingurinn einfaldlega verið að biðja um endurnýjun reglubundinna lyfja sinna eða leita eftir rannsóknarsvörum.

> Umræða um persónuvernd og ýmis önnur tæknileg og hagsmunatengd atriði hefur tafið framgang…

Þarna myndi samtengd rafræn sjúkraskrá bæta verulega úr og hjálpa læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki að glíma við þessi verkefni og leysa þau á farsælan hátt, fyrir utan þann geysilega sparnað sem felst í að forða tvíverknaði.

Umræða um persónuvernd og ýmis önnur tæknileg og hagsmunatengd atriði hefur tafið framgang þessa máls á landsvísu, en þó hefur tekist í nokkrum heilbrigðisumdæmum að klára þessa hugsun og tengja saman þjónustuaðila. Þar má til dæmis nefna Norðurland, Vesturland og Austurland.

Íbúar á þessum svæðum geta treyst því að læknir þeirra geti nálgast upplýsingar um þá frá mismunandi stöðum innan hvers umdæmis fyrir sig til að geta veitt bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni. Á Norðurlandi get ég sem læknir séð rannsóknarsvör, lyfjaútskriftir og samskipti við aðra lækna um mína skjólstæðinga milliliðalaust í gegnum hið rafræna fyrirkomulag. Þetta getur skipt sköpum og sérstaklega þegar um er að ræða alvarleg veikindi eða jafnvel svo einfaldan hlut sem endurnýjun lyfja viðkomandi.

Þar sem ég er búsettur á höfuðborgarsvæðinu get ég hins vegar verið þess fullviss að engin slík samskipti eru milli heilsugæslu minnar, sérfræðilæknisins eða Landspítala – háskólasjúkrahúss sem er auðvitað forkastanlegt og reyndar má segja með öllu ólíðandi að sjúklingar, aðstandendur og ekki síst heilbrigðisstarfsfólk skuli sætta sig við slíka mismunum sem í þessu felst. Þessu þarf að breyta og það hratt!

Allra síðustu sætin
2 fyrir 1 til
Mallorca
26. júní
Frá kr. 34.950

Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin
Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Mallorca 26. júní í 14 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

Verð kr. 34.950
Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 26. júní í 14 nætur. Netverð á mann. Verð áður kr. 69.900.

Verðdæmi fyrir gistingu með allt innifalið:

Kr. 65.100
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn á Palma Bay hótelinu 26. júní í 14 nætur með allt innifalið. Verð á mann í tvíbýli kr. 95.800 í 14 nætur með allt innifalið.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Vissir þú að...
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Fornleifaskráning: Stefnuskrá óskast

Menning
Birna Lárusdóttir
fornleifafræðingur



Árið 1981 birtist stutt grein í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags. Hún lét ekki mikið yfir sér en var þó að mörgu leyti tímamótaverk og markaði upphaf á nýrri sýn á landslag og minjar. Í henni var skrá Kristjáns Eldjárns yfir örnefni og sýnilegar fornleifar á Bessastöðum á Álftanesi. Þar á meðal var hinn frægi Skans en líka túngarður, sauðaborg, skothús og jafnvel nafnlausar minjar sem engum sögum fór af. Slík heildarskráning minja á einni jörð var nýmæli en Kristján benti á að minjaskráning samkvæmt nýjum viðhorfum væri mjög brýn og væri vænlegt að gera stefnuskrá um þetta mál, enda væri mörgum stöðum hætta búin því aðeins fáar, útvaldar minjar væru friðlýstar með lögum.

Með nýjum þjóðminjalögum árið 1989 var stigið mikið framfaraskref þegar allar fornleifar á Íslandi voru friðaðar. Allt fram til dagsins í dag hefur fornleifaskráning, ekki ósvipuð þeirri sem Kristján gerði á Bessastöðum fyrir rúmum þrjátíu árum, vaxið hægt og sígandi en skv. núgildandi þjóðminjalögum er skylt að fornleifaskráning fari fram í tengslum við skipulagsgerð. Aðalskipulag fæst þannig aðeins samþykkt ef fyrir liggur skráning fornleifa. Þótt vel hafi gengið er enn mikið starf óunnið og hefur verið giskað á að meira en 60% fornleifa á Íslandi séu enn óskráð.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra laga um menningarminjar og stefnir í þriðju umræðu þegar þetta er ritað. Í 16. grein er gerð breyting á ákvæði um fornleifaskráningu. Samkvæmt því þarf ekki að skrá fornleifar á vettvangi nema þar séu fyrirhugaðar framkvæmdir af einhverju tagi. Fornleifaskráning er þar með orðin að heldur leiðinlegu og óhjákvæmilegu formsatriði sem þarf að afgreiða áður en framkvæmdaleyfi er gefið út eða deiliskipulag afgreitt. Í þessu er fólgið bæði metnaðarleysi og mikill misskilningur. Fornleifaskráning er ekki bara nauðsynlegt tæki til að koma í veg fyrir skemmdir á minjum. Fornleifar eru menningarverðmæti ekki síður en t.d. handrit, örnefni og þjóðsögur og heildarskráning á þeim ætti að vera metnaðarmál hjá íslenskum stjórnvöldum. Fornleifar eru gríðarlega mikilvægur hluti af menningarsögu þjóðarinnar, þær eru víða ráðandi þáttur í landslagi og þær veita nýja innsýn í sögu menningar og búskaparhátta.

> Það er óskiljanleg skammsýni að grafa undan skráningu menningarverðmæta með lagasetningu.

Á síðasta ári kom út fyrsta almenna yfirlitsritið um íslenskar fornleifar, bók sem ég skrifaði ásamt fleirum og heitir Mannvist - sýnisbók íslenskra fornleifa. Án fornleifaskráningar hefði ekki verið grundvöllur fyrir ritun hennar. Það er óskiljanleg skammsýni að grafa undan skráningu menningarverðmæta með lagasetningu. Þvert á móti ætti ríkið að beita sér fyrir því að heildarskráning fornleifa í öllu landinu sé tiltæk. Stefnuskrá fyrir fornleifaskráningu á Íslandi óskast.

Forsetakosningar 30. júní 2012

Kjörstaðir í Reykjavík

Í Reykjavíkurkjördæmi suður:
Hagaskóli
Hlíðaskóli
Breiðagerðisskóli
Ölduselsskóli
Íþróttamiðstöðin Austurbergi
Árbæjarskóli
Ingunnarskóli

Í Reykjavíkurkjördæmi norður:
Ráðhús
Laugardalshöll
Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi
Borgaskóli
Ingunnarskóli
Klébergsskóli

Kjörfundur hefst laugardaginn 30. júní kl. 9.00 árdegis og lýkur kl. 22.00. Sérstök athygli er vakin á að kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi suður mun hafa aðsetur í Hagaskóla á kjördegi og þar mun talning atkvæða hefjast að loknum kjörfundi kl. 22.00.

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður mun hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur á kjördegi og þar mun talning atkvæða hefjast að loknum kjörfundi kl. 22.00.

Kjörskrár í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður

Kjörskrár í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður vegna forsetakosninga 30. júní nk. liggja frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur frá 20. júní nk. fram á kjördag.
Vakin er athygli á því að hægt er að fá upplýsingar um hvar kjósendur eru á kjörskrá á vefnum www.kosning.is.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra eru á kjörskrá. Athugasemdum vegna kjörskráa í Reykjavíkurkjördæmum skal beint til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411 4700, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna skráningar í kjörskrá.

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi suður
Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður
Skrifstofa borgarstjórnar

# Réttlátara og betra samfélag

Jafnrétti

Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Eftir nákvæmlega þrjú ár verður þess minnst að 100 ár verða liðin frá því að íslenskar konur 40 ára og eldri fengu kosningarétt til Alþingis. Það var einmitt 19. júní fyrir 97 árum sem Danakonungur undirritaði lög þessa efnis en kosningaaldur kvenna átti svo að lækka um eitt ár á ári niður í 25 ár til jafns við karla.

Mörgum þótti sérkennilegt að gera þennan greinarmun á konum og körlum og skrifaði Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ein helsta forystukona kvenréttindabaráttunnar, að Íslendingar yrðu að athlægi um allan heim. Meirihluti þingmanna lét þau orð sem vind um eyru þjóta og bar því við að konur skorti pólitískan þroska. Sennilega var hin raunverulega ástæða ótti við viðbrögð nýs kjósendahóps sem raskað gæti ríkjandi valdahlutföllum.

Árið 1918 var 40 ára aldursákvæðið loks numið úr lögum en þó ekki fyrir tilstilli Íslendinga heldur að kröfu Dana. Á þessum tíma blésu mannréttindavindar um alla Evrópu eftir lok hrikalegrar heimsstyrjaldar en það þurfti að ýta við valdamönnum hér til að afnema þetta hlægilega ákvæði.

### Beita þarf vopnum sem bíta

Um aldir giltu mismunandi lög um konur og karla hér á landi. Karlar höfðu nánast algjöran yfirráðarétt yfir konum og börnum og það tók meira en öld og mikla baráttu að tryggja konum og körlum jöfn lagaleg réttindi. Þá var eftir glíman við hefðirnar, kyngervin, verkaskiptinguna, launamisréttið, íhaldssemina og staðalmyndirnar að ógleymdu kynbundnu ofbeldi sem komst ekki almennilega á dagskrá fyrr en undir lok 20. aldar og enn er verk að vinna.

Lagalegt jafnrétti dugir ekki eitt sér, meira þarf til í jafnréttisbaráttunni. Miklu skiptir að allir landsmenn taki verkefnið alvarlega og beiti þeim vopnum sem duga. Margt hefur áunnist eins og sést á því að undanfarin þrjú ár hefur Ísland verið í efsta sæti á lista World Economic Forum yfir kynjajafnrétti í heiminum. Þar eru einkum mæld fjögur svið þar sem verulega reynir á jafnrétti kynjanna en það eru menntun, kyn og völd, heilbrigðismál og staða á vinnumarkaði.

### Gerum góðan árangur betri

Góður árangur okkar gæti samt verið betri. Okkar veiki hlekkur er staðan á vinnumarkaði, einkum launamunur kynjanna og skarður hlutur kvenna í áhrifa- og stjórnunarstöðum fyrirtækja og stofnana. Það síðartalda stendur til bóta því á næsta ári ganga í gildi lög sem gera kröfur um að hlutur hvors kyns um sig sé ekki minni en 40% í stjórnum hlutafélaga, einkahlutafélaga og lífeyrissjóða. Konum hefur þegar fjölgað verulega í stjórnum lífeyrissjóða en um 55% fyrirtækja þurfa að bæta konu eða konum í stjórnina nema hvað eitt fyrirtæki þarf að bæta við karli. Alls vantar 192 konur í stjórnir til að jafna kynjahlutföllin.

Launajafnrétti kynjanna hefur aftur á móti reynst afar erfitt viðureignar, ekki bara hér heldur í öllum ríkjum OECD. Árið 1961 voru sett lög um launajafnrétti kynjanna hér á landi og var hugmyndin sú að jafna launamuninn á sjö árum með launahækkunum til kvenna. Enn í dag mælist launamunurinn á bilinu 7–16% eftir því hvaða breytur og hópar eru skoðaðir en í löndum Evrópusambandsins er hann að meðaltali rúm 16%. Vonbrigðum veldur að nýjustu kannanir á tilteknum hópum benda til þess að kynbundinn launamunur sé nú heldur að aukast á ný hér á landi.

### Jafnlaunastaðall kynntur

Það er ánægjulegt að geta í dag kynnt til sögu svokallaðan jafnlaunastaðal sem unnið hefur verið að undanfarin ár í samræmi við bráðabirgðaákvæði jafnréttislaga frá árinu 2008, undir styrkri stjórn Staðlaráðs Íslands. Vonandi verður hann öflugt tæki í baráttunni við launamisrétti kynjanna en markmiðið er að fyrirtæki og stofnanir sjái sér hag í að innleiða staðalinn við launaákvarðanir, noti hann sem leiðarvísi og geti ef rétt er á málum haldið fengið vottun uppfylli þau kröfur staðalsins um launajafnrétti kynjanna. Frumvarp til laga um staðalinn fer nú í opið kynningar- og umsagnarferli og ætti að komast í notkun fyrir lok þessa árs.

Við höfum í þrjú ár mælst standa okkur best ríkja hvað varðar jafnrétti kynjanna samkvæmt mælikvörðum Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum). Við eigum að gera allt sem við getum til að halda því sæti, vera góðar fyrirmyndir fyrir aðrar þjóðir um leið og við gerum okkar samfélag réttlátara og betra.

# Til hamingju með daginn

Jafnrétti

Árni Stefán Jónsson
formaður SFR stéttarfélags í almannaþjónustu



Þann 19. júní fyrir 97 árum fengu íslenskar konur fyrst kosningarétt og kjörgengi. Rétturinn var þó til að byrja með takmörkunum háður. Þennan sama dag, tæpum 40 árum síðar, skrifaði forseti Íslands undir Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. 19. júní er því merkur dagur jafnréttis og mannréttinda í augum margra. Í tilefni dagsins er því viðeigandi að doka við og skoða aðeins betur stöðu kynjanna á Íslandi í dag. Hvar stöndum við í dag? Margt hefur sannarlega áunnist á þessum næstum 100 árum, enda baráttan oft verið bæði fjölmenn og hörð.

Hjá SFR stéttarfélagi í almannaþjónustu hafa jafnréttismálin verið mikilvægur málaflokkur. Undanfarna áratugi hefur baráttan fyrir jöfnum launum verið efst á baugi. Því miður sýna árlegar launakannanir SFR að launamunur kynjanna er enn til staðar.

Undanfarin ár hefur vissulega dregið lítillega saman með kynjunum en niðurstöður launakannanna síðastliðið haust sýndu að launamunurinn er að aukast aftur. Í stað þess að halda áfram þeirri hægfara þróun til jöfnunar sem hafin var eru launagreiðendur að stíga skref afturábak. Það er því staðreynd sem við verðum að horfast í augu við að launamunur kynjanna er viðvarandi og vaxandi vandamál hjá hinu opinbera.

### Vilji er ekki nóg – það þarf líka fé

Hvað skal gera? Hafa stjórnvöld ekki lýst því yfir að þau eru hlynnt jafnrétti kynjanna? Því skilar það sér ekki í launaumslaginu? Að mínu mati þurfum við fyrst að breyta því viðhorfi að launamunur kynjanna sé eitthvert lögmál sem við ráðum ekki við. Í tilfelli félagsmanna SFR eru það stjórnvöld sem eru launagreiðandinn. Stjórnvöld hafa það því í hendi sér að leiðrétta þennan mun. Gallinn er hins vegar sá að þau hafa ekki gert það sem til þarf til að leiðrétta þetta skammarlega ójafnrétti. Svo einfalt er það. SFR hefur lagt til leiðir til leiðréttingar, sem hægt er að vinna að í áföngum. Það er algerlega dagljóst að til að leiðrétta laun kvenna þarf fjármuni. Það þarf peninga og þar stendur hnífurinn í kúnni. Það er auðvelt að tala sig hásan um fagrar hugsjónir og framtíðarsýn jafnréttis og bræðralags. Það geta allir. Það krefst hins vegar vilja og staðfestu að breyta hlutunum raunverulega, þannig að við sjáum það í launaumslaginu og í launakönnunum.

Í tengslum við 24. október síðastliðinn sendi SFR öllum konum í félaginu bréf og hvatti þær til þess að óska eftir launaviðtali við stjórnendur stofnana. Forstöðumenn og starfsmannastjórar fengu einnig bréf þar sem átakið var kynnt. Launamunur kynjanna verður nefnilega til þar sem launasetning starfsmanna á sér stað. Það er engin tilviljun að launamunurinn hefur aukist aftur. Það er verið að hækka laun karla meira en laun kvenna. Það eru karlarnir sem fá bitlingana sína aftur þegar árferðið skánar. Ekki konurnar. Þessar ákvarðanir um launasetningu eru teknar hjá stjórnendunum sjálfum.

Fjölmargir fundir hafa verið haldnir nú á vormánuðum til að finna lausn á þessu máli. Þar hafa fulltrúar BSRB, BHM og KÍ komið að málum og reynt að knýja á um breytingar. Nýjasta útspil stjórnvalda lýsir hins vegar þeim litla aðgerðavilja sem er þar á bæ. Nú snýst umræðan frá hendi stjórnvalda ekki lengur um hvernig á að lagfæra launamuninn. Þau hafa fundið nýja leið til að taka ekki á vandanum. Nú vilja þau finna út úr því hvernig hægt er að breyta aðferðafræðinni og mælikvörðum. Finna á hókus pókus mælitæki þannig að launamunurinn minnki eða jafnvel hverfi af sjálfu sér! Við skorum á stjórnvöld að hætta þessum sjónhverfingum og láta verkin tala. Útrýmum launamun kynjanna núna – ekki bráðum.

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is



+20% afsláttur af allri Corega línunni
Nýtt
Corega Neutral Taste
Frábær festa allan daginn, bragðlaus svo að þú njótir matarins án truflunar.
Lægra verð í Lyfju
Gildir til 15. júlí.
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 60184 6/12

# Valdsvið forseta Íslands

Forsetaembættið

Eiríkur Bergmann
stjórnmálafræðingur



Merkilegt er hvað forsetaefnin virðast líta valdheimildir embættisins ólíkum augum. Fræðimenn hafa sömuleiðis að undanförnu rætt út og suður um stjórnskipun landsins, svo allt í einu er orðin óvissa um sjálfan grundvöll ríkisvaldsins – sem tæpast kann góðri lukku að stýra. Ruglingurinn ræðst einkum af því hve óskýr stjórnarskráin okkar er um hlutverk forseta í stjórnskipuninni.

### Leppshlutverkin

Við lýðveldistökuna árið 1944 var í nafni samstöðu ákveðið að gera sem minnstar breytingar á fullveldisstjórnarskránni frá árinu 1920 sem að uppistöðu var byggð á dönsku stjórnarskránni – sem lítið hafði breyst frá endalokum einveldisins árið 1849. Í stað konungs kom þjóðkjörinn forseti. Að öðru leyti endurspeglaði stjórnarskáin ekki almennilega þá stjórnkerfisbreytingu sem orðið hafði við hægfara umskipti frá einveldi til fulltrúalýðræðis.

Þjóðhöfðinginn var áfram sagður fara með ýmsar stjórnarathafnir sem í raun höfðu verið færðar til ráðherra. Þaðan kemur sú arfleifð að forseti er sagður fara með ýmis völd sem í raun voru farin frá honum; svo sem að skipa ráðherra, ákveða tölu þeirra og skipta með þeim verkum (15. gr.), veita embætti (20. gr.), leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta (25. gr.), gefa út bráðabirgðalög (28. gr.), gera þjóðréttarsamninga við önnur ríki (21. gr.), fella niður saksókn vegna afbrota, náða menn og veita uppgjöf saka (29. gr.) auk þess að veita undanþágur frá lögum samkvæmt reglum sem farið hefur verið eftir hingað til (30. gr.). Stjórnarskráin færir forsetanum þannig ýmis völd sem hún svo kippir til baka í greinum þar sem segir að forseti sé ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum (11. gr.) og að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt (13. gr.) enda öðlast löggjafarmál og stjórnarerindi fyrst gildi þegar ráðherra undirritar þau með forseta (19. gr.).

Stjórnarskráin okkar er því óþægilega þvælin um hlutverk forsetans sem sagður er fara með ýmis verk sem hann sannarlega sinnir ekki. Öðru máli gegnir hins vegar um 26. greinina sem er ein fárra sem Íslendingar settu sér sjálfir við lýðveldistökuna en samkvæmt henni getur forseti ákveðið að synja lögum staðfestingar án þess að atbeini ráðherra komi til, eðli málsins samkvæmt.

### Þingræðislýðveldi

Lengst af lýðveldistímanum hafa menn litið svo á að forseti geti ekki virkjað framangreind leppshlutverk sem fólust í valdatilfærslunni frá arfakonungi til þingbundinnar ríkisstjórnar. En nú virðist það allt komið á flot og sum forsetaefnanna gæla við þá hugmynd að forseti geti lagt fram frumvörp á Alþingi og jafnvel rofið þing að eigin frumkvæði. En slíkt myndi vitaskuld stefna stjórnskipan landsins í uppnám. Fram er komin sú kenning að hér sé ekki hefðbundið þingræði heldur einhvers konar hálf-forsetaræði. Hugtakið hálf-forsetaræði (stundum þýtt forsetaþingræði) kemur frá stjórnmálafræðingnum Maurice Duverger og var notað til að lýsa franska stjórnkerfinu. Í samanburði á sjö Evrópuríkjum komst Duverger að þeirri niðurstöðu að lagalega væri forseti Íslands einn sá valdamesti en að í raun væri hann samt sem áður sá valdaminnsti.

Öfugt við það sem þekkist hér á landi er franski forsetinn helsti stjórnmálaleiðtogi landsins en deilir ríkisforystunni með forsætisráðherra. Vandi slíkra kerfa er einkum óstöðugleiki, óljós ábyrgð og stjórnmálin eiga það til að lamast í gagnkvæmum ásökunum á milli þátta hins klofna framkvæmdavalds. Ríki sem búa við hálf-forsetaræði/forsetaþingræði eru til að mynda Litháen, Haítí, Palestína, Kína, Sri-Lanka, Alsír og Finnland fram að stjórnarskrárbreytingunni árið 2000.

Íslenska stjórnkerfið er í grundvallaratriðum ólíkt slíkum ríkjum. Eins og fram kemur í fyrstu grein lýðveldisstjórnarskrárinnar er Ísland lýðveldi með þingbundinni stjórn, svokallað þingræðislýðveldi (e. parliamentary republic eða parliamentary constitutional republic), eins og á við um fleiri ríki sem brutust undan konungsveldum á öldum lýðræðisbylgjunnar miklu. Í þingræðislýðveldum fer fjölskipuð ríkisstjórn með framkvæmdarvaldið í umboði þings en forseti gegnir áfram hlutverki þjóðhöfðingja en er þó ekki eiginlegur hluti af hinu daglega pólitíska valdi.

# Áríðandi tilmæli

Dýravernd

Anna Kristine Magnúsdóttir
formaður Kattavinafélags Íslands



Í Kattholti dvelja nú tuttugu nýfæddir kettlingar. Stjórn Kattavinafélags Íslands hefur á undanförnum vikum farið víða um höfuðborgarsvæðið í leit að heimilislausum köttum og reynt að koma þeim í skjól í Kattholti. Ástandið er skelfilegt. Hungraðar og hræddar kisur sem eiga í engin hús að venda halda til í fjöru, bak við gáma, fela sig bak við steina – þar til þær sjá mat. Þá verður hungrið hræðslunni yfirsterkara.

Í Kattholti er mikill fjöldi óskilakatta og í ljósi ástandsins þar nú sér stjórn Kattavinafélags Íslands sig tilneydda að hvetja kattaeigendur að láta gelda högna og taka læður úr sambandi. Þær kettlingafullu læður, litlir kettlingar og kisur á ýmsum aldri sem búa nú í Kattholti sýna aðeins eitt: Ábyrgðarleysi kattaeigenda.

Kattavinafélag Íslands hvetur kattaeigendur um allt land til að axla þá ábyrgð sem fylgir því að eiga kött og láta taka þá úr sambandi um leið og þeir komast á réttan aldur. Aðeins þannig getum við stemmt stigu við offjölgun katta. Ófrjósemisaðgerð er varanleg lausn og fær kisi að fara samdægurs heim og er fljótur að ná góðri heilsu.

Útigangskettir lifa við harðan kost, hungraðir, veikir, kaldir og hraktir og eiga ömurlega ævi. Rekstur Kattholts er mjög erfiður og reynir þessi gríðarlega offjölgun katta mjög á starfsfólk og starfsemi Kattholts sem er líknarfélag, rekið af félagsgjöldum og með hjálp fyrirtækja sem færa kisunum mat.

Algengt viðhorf fólks er að halda að læða þurfi endilega að eignast kettlinga. Það er mikill misskilningur. Kostir við geldingu og ófrjósemisaðgerðir eru að bæði læður og högnar verða góðir einstaklingar, heimakærir, blíðir, hreinlátir og lenda síður í slagsmálum og á flakki.

Kattaeigendur! Tökum höndum saman og breytum ástandinu til betri vegar, sýnum ábyrgð og dýravernd. Það er allra hagur, ekki síst kattanna.



Sigríður Ingunn Bragadóttir, starfsmaður Fjarðaáls.

## Fyrir samfélagið og komandi kynslóðir

Íslenskar konur hafa undanfarna áratugi sótt fram á stöðugt fleiri sviðum þjóðlífsins og margar þeirra standa nú við stjórnvölinn í æðstu embættum landsins.

Við fögnum þessum árangri og hlökkum til að sjá fleiri konur komast til áhrifa í stjórnum fyrirtækja og stofnana á komandi árum. Tveir af þremur forstjórum álfyrirtækja á Íslandi eru konur og nær fjórðungur starfsmanna Alcoa Fjarðaáls eru konur.

Við óskum öllum konum til hamingju með kvennadaginn 19. júní um leið og við hvetjum þær til dáða og munum áfram leggja okkar af mörkum til að stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna.

Fjarðaál býður í kvennakaffi í dag klukkan 17:00 í tilefni dagsins.
Einnig verður gestum boðið í skoðunarferð um lóð álversins.
Allar konur velkomnar.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

# Konur og kosningar

**Jafnrétti**

Stjórn Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar
Hrafnhildur Ragnarsdóttir
Heiða Björg Hilmisdóttir
Margrét Lind Ólafsdóttir
Rósa Guðrún Erlingsdóttir

Í dag er baráttudagur kvenna. 19. júní árið 1915 hlutu íslenskar konur fyrst kosningarétt, með aldursákvæði, en fimm árum síðar var lögfest fullt og skilyrðislaust jafnræði með konum og körlum um kosningarétt og kjörgengi. Ingibjörg H. Bjarnason var fyrsta konan kosin á þing árið 1922 af sérstökum kvennalista. Konur voru framan af ekki mjög áberandi í stjórnmálum. Frá kjöri Ingibjargar og fram til 1971 áttu að jafnaði aðeins ein eða tvær konur sæti á þingi og á tveimur kjörtímabilum átti engin kona sæti á þingi.

Framboð Vigdísar og sérstök kvennaframboð í upphafi 9. áratugarins breyttu ásýnd íslenskra stjórnmála og ekki var aftur snúið, konur sýndu að þær vildu, þorðu og gátu. Konur hafa nú setið á þingi í níutíu ár en það var þó ekki fyrr en í síðustu alþingiskosningum 2009 sem konur urðu í fyrsta skipti yfir 40% þingmanna og sá sögulegi viðburður átti sér stað að kona, Jóhanna Sigurðardóttir, varð forsætisráðherra. Hún og ríkisstjórn hennar tóku við eins konar þrotabúi eftir 18 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Þrátt fyrir einhverja alvarlegustu stöðu þjóðarbúsins í sögu lýðveldisins hefur á síðustu þremur árum tekist að stýra landinu í átt að aukinni hagsæld, jöfnuði og kynjajafnrétti. Það má því segja að með kjöri fyrstu hreinu vinstri stjórnar lýðveldisins undir forystu jafnaðarmanna að hlutfall kvenna og karla hafi orðið jafnara en nokkru sinni áður við stjórn landsins. Af níu ráðherrum eru fimm konur og einnig í fyrsta sinn er kona fjármálaráðherra.

Í stjórnarsáttmálanum frá 2009, sem er einn sá ítarlegasti í sögu íslenska lýðveldisins, kemur skýrt fram sú krafa af hálfu meirihluta kjósenda að leiða til öndvegis ný gildi jöfnuðar, félagslegs réttlætis, samhjálpar, sjálfbærrar þróunar, kvenfrelsis, siðbótar og lýðræðis. Í þessum sáttmála var einnig kveðið á um að kynjuð hagstjórn yrði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn, sem þýðir að fjármálum ríkisins verði hagað þannig að niðurskurður komi ekki verr niður á konum en körlum og að verkefni verði kynjagreind svo ekki fari t.d. eingöngu fjármagn í að skapa hefðbundin karlastörf eða að annað kynið fái fleiri tækifæri á kostnað hins. Meirihluti æðstu ráðamanna stjórnsýslunnar er nú í fyrsta sinn skipaður konum, af tíu ráðuneytisstjórum eru fimm konur og í fyrsta sinn í sögunni ná konur í ráðum og nefndum á vegum stjórnarráðsins 40% markinu. Þá er búið að lögbinda 40% hlutfall hvors kyns í stjórnum lífeyrissjóða og fyrirtækja, sem þegar er farið að hafa áhrif á skipan þessara mikilvægu stofnana og kemur að fullu til framkvæmda á næsta ári.

Mikilvægt er að muna að það var núverandi stjórnarmeirihluti sem innleiddi austurísku leiðina, innleiddi aðgerðaáætlun gegn mansali, bannaði kaup á vændi og hefur hert baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi svo um munar. Því ber að fagna að í dag er starfandi sérstök ráðherranefnd um jafnréttismál sem tryggir áherslu ríkisstjórnarinnar á jafnréttismál. Ýmislegt fleira hefur áunnist á þeim stutta tíma sem ríkisstjórn undir forystu jafnaðarmanna hefur setið við völd sem ekki verður upptalið hér.

Við eigum hins vegar langt í land með að ná þeim jöfnuði sem við viljum hafa. Bregðast þarf strax við kynbundnum launamun innan hins opinbera. Við bindum vonir við jafnlaunastaðalinn sem kynntur verður í dag sem er verkfæri til að vinna gegn kynbundnum launamun. Þá mun aðgerðaáætlun stjórnvalda til að taka á kynbundnum launamun hjá hinu opinbera birtast á næstunni.

Það er á ábyrgð okkar kjósenda að tryggja að þetta starf haldi áfram. Það er á okkar ábyrgð að hér sé samfélag sem byggi á jöfnuði, réttlæti og jafnrétti en ekki misskiptingu og mismunun. Að auður landsins dreifist jafnt og að við fáum öll sömu tækifæri í lífinu sama hvaðan við komum, hvers kyns við erum eða hver við erum. Við þurfum að hafa þetta í huga í hvert sinn sem við göngum að kjörborðinu og tryggja að bæði kynin eigi sér talsmenn og að ungt fólk alist upp við það að hér sé sjálfsagður hlutur að bæði kynin eigi sér fyrirmyndir á öllum sviðum þjóðlífsins. Konur og karlar þurfa að kjósa konur til jafns við karla.

Við konur höfum náð langt í okkar baráttu fyrir kvenfrelsi og kvenréttindum en víða er enn verk að vinna. Sífellt þarf að vera á verði og þess vegna þarf að kjósa rétta fólkið í valdastöður. Það skiptir máli að konur og karlar hafi jafnmikið vægi. Það skiptir máli hverjir stjórna.

# Leika golf meðfram þjóðvegi 1

**Góðgerðarmál**

Ragnar Örn Pétursson
umdæmisstjóri Kiwanis



Að ganga eða hjóla hringveginn þykir nú á dögum ekkert tiltökumál og oftast gert til að safna fé til góðgerðamála og er það vel. Fyrir meira en ári fékk Kiwanisfélagi í Kiwanisklúbbnum Eldey í Kópavogi þá hugdettu, sagði í raun að hann hefði dreymt þetta verkefni, sem er að leika golf til fjáröflunar með fram þjóðvegi 1.

Nú rúmu ári síðar er þetta verkefni orðið að veruleika og hefur vakið athygli hér innanlands og ekki síður erlendis. Ísgolf eins og verkefnið heitir er samvinnuverkefni Eldeyjar, Kiwanishreyfingarinnar og Unicef og verður safnað áheitum á slegin högg sem verða 9.500. Þetta er um 1.350 km leið sem er sambærilegt eins og að leika 300 golfhringi.

Ýmsar skemmtilegar þrautir þarf að leysa á leiðinni, en af tryggingaástæðum verður ekki leyfilegt að slá í gegnum þéttbýliskjarna. Glíma þarf við lúpínubreiður, hraun, stórfljót, Skeiðarársand sem er stærsta sandgryfja sem hefur verið leikin og ýmislegt annað. Í för verða átta bifreiðar og 10-15 Kiwanisfélagar verða að jafnaði í hópnum sem lagði af stað aðfaranótt mánudagsins 18. júní. Farið var af stað suðurleiðina og gert er ráð fyrir að hringnum ljúki 2. júlí nk. Það var Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sem sló fyrsta höggið og gert er ráð fyrir að Stefán Eiríksson lögreglustjóri slái síðasta höggið við Olís á Kjalarnesi.

Allt fé sem safnast mun renna til góðgerðamála og skiptast á milli verkefnisins Stöðvum stífkrampa sem er heimsverkefni Kiwanishreyfingarinnar í samstarfi við Unicef. Stífkrampi er óþekktur sjúkdómur á Vesturlöndum en er landlægur í 34 fátækustu þjóðlöndum heims. Á níu mínútna fresti deyr móðir eða barn úr þessum sjúkdómi en Kiwanis og Unicef stefna að því að útrýma þessum sjúkdómi á næstu fimm árum. Hinn helmingur söfnunarfjárins mun renna til sambýla fatlaðra víðs vegar um landið þar sem skráður er Kiwanisklúbbur.

> Ísgolf eins og verkefnið heitir er samvinnuverkefni Eldeyjar, Kiwanishreyfingarinanr og Unicef...

Fjölmargir aðilar hafa stutt þetta verkefni og er of langt mál að telja þá alla upp en vert er að minnast á sýslumannsembættin en þau gáfu leyfi til að slá golfbolta meðfram þjóðvegi 1. Landsbanki Íslands er aðalstyrktar- og fjárvörsluaðili verkefnisins og söfnunarreikningur Ísgolf 2012 er 0130-26-000717 kt. 571178-0449.

Hægt er að fylgjast með framvindu golfsins á www.isgolf.is.

Kiwanisfélagar á landinu eru um 1.000 í klúbbum víðs vegar um landið og ég hvet þá til að taka þátt í verkefninu.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## PAPRIKA Á GRILLIÐ

**Nýjar íslenskar paprikur eru ljúffengar og bragðmiklar. Mjög gott er að grilla papriku, penslið fyrst með smávegis olíu. Paprikan er holl, hún inniheldur A- og C-vítamín, trefjar og steinefni. Rauð paprika inniheldur þrisvar sinnum meira C-vítamín en appelsína en sú græna tvisvar sinnum meira.**


NÝKOMINN AFTUR !!



Teg. DECO - létt fóðraður og saumlaus í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 9.660,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Lokað á laugardögum í sumar

Vertu vinur



Eirberg



Íþróttastuðningshlífar

BAUERFEIND®

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



friendtex® praxis

...þegar þú vilt þægindi



ÚTSALAN

40% afsláttur af vor og sumarvörum friendtex

Opið mán. – föst. kl. 11–18
Lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




**GÓÐ HEILSA** Það er ekki skemmtilegt að þjást af blöðrubólgu í sumar og sól en sú hætta er alltaf fyrir hendi.

# ÖFLUG OG FLJÓTVIRK LAUSN GEGN BLÖÐRUBÓLGU

**GENGUR VEL KYNNIR** *Roseberry er náttúrulegt efni gegn blöðrubólgu sem hefur reynst afar vel. Hentugt sem fyrirbyggjandi gegn blöðrubólgu og einnig eftir að einkenni gera vart við sig.*

Blöðrubólga er algeng á vorin og sumrin! Það hljómar þversagnarkennt að blöðrubólga sé algeng á þessum tíma árs þegar sólin er hátt á lofti. Það er freistandi að fara í sandala og stuttbuxur en því miður er sjaldnast nægilega heitt í veðri og því geta fylgt ýmsar afleiðingar. Roseberry er öflug og fljótvirk blanda gegn blöðrubólgu.

Roseberry kom á markað í fyrra og hafa viðtökur verið frábærar. Um einfalda og fljótvirka lausn er að ræða við þessum sársaukafulla kvilla. Teknar eru inn 2-3 töflur áður en gengið er til hvílu. Ráðlegt er fyrir þá sem eru með mikil einkenni að taka inn þrjár töflur á dag í þrjátíu daga en þeir sem vilja fyrirbyggja þennan kvilla taka inn tvær töflur.

Innihald Roseberry er þykkni úr trönuberjum, læknakólfi (hibiscus) og C-vítamíni sem gefur þrívirka virkni og skjóta lausn gegn óþægindum vegna blöðrubólgu. Mjög mikilvægt er að það sé nægjanlegt magn af PAC-trönuberjum, að minnsta kosti 36 mg, en í tveimur töflum af Roseberry eru 36 mg. Einstaklingsbundið er hversu lengi þarf að taka inn Roseberry en góð regla er að klára glasið, alls 90 töflur. Lykilatriði er að drekka nóg af vatni og helst volgt, þrífa vel kynfærasvæði og vera í hreinum nærfötum. Hreyfing er einnig mikilvæg en þekkt er að hreyfihamlað fólk fær frekar blöðrubólgu en aðrir. Mezina, framleiðandi Roseberry, gerði könnun meðal fólks sem bundið er við hjólastól. Svarendur sögðu að Roseberry virkaði fljótt, drægi úr einkennum og hefði lengur áhrif en önnur náttúruefni sem þeir höfðu prófað.

Roseberry fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða.




**ROSEBERRY**
Öflugt og gott náttúrulegt efni gegn blöðrubólgu.




Myndir sem segja WOW!

Taktu þátt í ljósmyndakeppni WOW Air og Vísis

Sendu inn mynd sem segir WOW fyrir 30. júní og þú getur unnið flugmiða fyrir tvo til Evrópu!



Flokkar:

1 WOW Náttúra
2 WOW Fólk
3 WOW Húmor

Allar upplýsingar og skráning á: www.visir.is/wow

vísir

WOW air

# STUNDAR JÓGA Á INDLANDI

**HITTIR JÓGAMEISTARANN** *Dagný Alda Steinsdóttir leggur land undir fót í haust en þá mun hún fara með hóp af Íslendingum í jógaferð.*

Dagný Alda Steinsdóttir stendur fyrir hópferðum til Indlands í haust fyrir áhugafólk um jóga. Sjálf kynntist hún jóga í Bandaríkjunum fyrir löngu en segist ekki hafa lært að meta það fyrr en hún fór til Indlands: „Þar hitti ég í fyrsta skipti mann að nafni Sajeevan, sem er mikill jógameistari," segir Dagný en hún hefur þrisvar í kjölfarið boðið meistaranum til landsins til að kenna Íslendingum jóga. „Hann kom síðast í sumar. Þá ferðuðumst við um landið og héldum námskeið sem voru mjög vinsæl – nánast alltaf fullmönnuð."

Sajeevan býr í borginni Fort Kochin við suðvesturströnd Indlands en þangað er ferðinni heitið í haust. Gist verður á fimm stjörnu hóteli í útjaðri borgarinnar, í fimm mínútna göngufjarlægð frá miðbænum. Dagný segir að í ferðinni verði rík áhersla lögð á jóga og vellíðan. „Fólk kemur út á morgnana í indversku náttfötunum sínum, rétt nýbúið að opna augun. Þá tekur við tveggja tíma jógastund undir mangótré."

Fyrrnefndur Sajeevan sér um jógakennsluna en hún hugsuð bæði fyrir vana iðkendur sem byrjendur.

Eftir jógastundina er boðið upp á nudd á hótelinu en það er svokallað Ayurveda-lækninganudd sem byggir á 3500 ára gömlum lækningafræðum. „Fólk liggur og lætur hella yfir sig heilu fötunum af olíu og svo nudda konurnar það til lífsins," segir Dagný.

Þrátt fyrir mikilvægi jógastundanna og slökunar er einnig lögð áhersla á að sjá og upplifa hina einstöku menningu Indlands. Boðið verður upp á margs konar dagsferðir. „Við förum til dæmis að skoða te-ekrur í fjalllendinu og í leiðinni lítum við á villta fíla. Svo er farið í síkisferðir á bambusbátum," segir Dagný en bætir við að fólk hafi einnig mikinn frjálsan tíma sem það geti nýtt að vild.

„Fólk er á hjólum að versla allan daginn," segir hún og hlær. „Flestir kaupa sér efni og fá svo skraddarann í heimsókn til að sníða föt á sig." Hún bætir við að það sé margt að sjá í Fort Cochin og enginn ætti að þurfa að leita langt eftir nýjum upplifunum.

Þetta er í þriðja sinn sem Dagný fer með hópa til Indlands og stefnir hún á að fara með þrjá hópa í haust. Fyrsta ferðin verður farin 29. september og eru bókanir hafnar. Hver hópur er tólf nætur í þorpinu en ferðalagið til Indlands tekur sextán klukkustundir. Nánar má lesa um ferðirnar og skoða myndir af aðstöðunni á heimasíðunni www.indland.org. Þar eru einnig upplýsingar um hvað þarf að hafa í huga fyrir brottför og hvernig bóka megi ferðirnar.

■ halla@365.is



**JÓGAKENNARINN** Dagný Alda fer með hópa til Indlands til að stunda jóga.












# GRENNIST AF ÞVÍ AÐ DREKKA ALPHA DAILY

***HP Heilsa kynnir** Björn Ingi Stefánsson er orkumeiri og grennri eftir að hafa drukkið Alpha Daily í nokkra mánuði.*



Björn Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri og Kríunesbóndi, mælir með Alpha Daily en hann hefur drukkið drykkinn í um fjóra mánuði. „Því meira sem ég drekk því meira grennist ég. Löngun í sykur er miklu minni eftir að ég byrjaði að drekka Alpha Daily og ég er allur orkumeiri og frískari," segir Björn.

Hann segist ekki hafa fundið áhrifin alveg frá fyrsta degi en finnur mikinn mun á sér nú eftir að hafa drukkið Alpha Daily-blönduna í nokkurn tíma. „Nú er ég kominn í ákveðið neyslumynstur. Ég drekk blönduna á hverjum degi, nokkrum sinnum á dag. Ég fæ ekki betri svaladrykk og hann er mjög góður við þorsta. Ég finn líka mun á húðinni, ég hef verið með viðkvæma húð lengi og er miklu betri núna, ekki eins þurr. Einnig er ég laus við einhvers konar óþol sem ég þjáðist af, ég fæ ekki magaverki og meltingin er öll betri."

Alpha Daily fæst í Hagkaupi, Víði, Fjarðarkaupum, Kosti, Melabúðinni, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Garðheimum og Blómavali. Drykkurinn er í glerflöskum sem má skila til HP Heilsu, Smiðjuvegi 38 í Kópavogi, og fá áfyllingu. Ef skilað er inn sex flöskum fæst áfylling á heildsöluverði.




**VATNSLOSANDI EIGINLEIKAR**

***Blandan eplaedik og hunang, sem Alpha Daily samanstendur af, er þekkt fyrir vatnslosandi eiginleika sína og hefur áhrif á bjúg og bólgur. Hún styrkir ónæmiskerfið og hefur sýrustillandi áhrif. Fjölbreytt og hollt mataræði úr öllum fæðuflokkum og regluleg hreyfing er leiðin til betra lífs hvar sem við erum stödd í tilverunni. Regluleg neysla eplaediks er ein leið til að bæta og styrkja líkama okkar svo við megum enn frekar njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða.***



# 19. JÚNÍ



Í ritstjórn *19. júní* sitja Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Eygló Árnadóttir, Fríða Rós Valdimarsdóttir, Helga Birgisdóttir, Helga Þórey Jónsdóttir og Hildur Knútsdóttir.
*Ljósmynd: Sveinbjörg Bjarnadóttir*

# RITSTJÓRNARPISTILL

*19. júní*, ársrit Kvenréttindafélags Íslands, er í ár helgað fjórðu bylgju femínismans. Femíniskri hugmyndafræði hefur verið skipt í nokkrar bylgjur. Fyrsta bylgjan barðist fyrir kosningarétti kvenna, önnur bylgjan einkenndist af kvennahreyfingum á 7. og 8. áratugnum og þriðja bylgjan lagði áherslu á fjölbreytileika og frelsi. Nú eru ýmis teikn á lofti um að fjórða hugmyndafræðibylgja femínismans stefni að ströndum landsins.

*19. júní* fagnar framtíðinni. Við fjöllum um félög og hópa sem hafa sprottið upp síðustu árin og fagna jafnrétti kinnroðalaust og kynnumst til dæmis Félagi ungra jafnréttissinna þar sem yngstu meðlimirnir eru 14 ára gamlir. Við fjöllum um tímaritið Endemi sem rýnir í kynjaójafnvægi í lista- og menningarumfjöllun á Íslandi, um Nei-hópinn, um Knúzið, vefrit um femínisma og jafnréttismál, um druslugöngur hérlendis og erlendis og drögum saman staksteina um jafnréttismál á Íslandi á árinu. Við tölum við nýkjörinn biskup Íslands, Agnesi M. Sigurðardóttur og fjöllum um Stóru systur en hópurinn vakti mikla athygli á síðasta ári með aðgerðum sínum gegn vændiskaupum á Íslandi.

Það er ýmislegt á seyði á nýrri öld. Samfélagið er að endurmeta hvað það þýðir að vera þátttakandi í samfélagi fólks. Ísland stendur nú fremst þjóða heimsins í jafnréttismálum og framtíðin er björt.

# ÓLGUSJÓR KVENNABARÁTTUNNAR

*Í TILEFNI KVENRÉTTINDADAGSINS VERÐUR SÉRSTAKUR HÁTÍÐARÞÁTTUR Á DAGSKRÁ RÁSAR 1 ÞANN 19. JÚNÍ. ÞÁTTURINN SEGIR SÖGU ÍSLENSKRAR KVENNABARÁTTU Í TALI OG TÓNUM.*



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Helga Birgisdóttir eru umsjónarmenn þáttarins, en í honum er stiklað á stóru yfir sögu kvenréttindabaráttunnar hér á landi. Byrjað verður árið 1915 þegar konur hlutu kosningarétt og svo er brunað yfir árin og áratugina og staðnæmst við markverða atburði sem hafa sett sitt mark á kvenréttindabaráttuna.

Þá er rætt um þrjár hugmyndafræðilegar bylgjur femínismans og spurt hvort fjórða bylgjan sé mögulega að stefna að landi. Ef við smættum þessar bylgjur niður í stikkorð, þá getum við sagt að fyrsta bylgjan hafi snúist um aðgang (að kosningum, námi, menntun, o.s.frv.), önnur bylgjan um jafnrétti og þriðja bylgjan um fjölbreytileika og frelsi. Við spáum því að fjórða bylgjan muni snúast um áhrif: Hvað mun gerast í samfélagi þar sem konur eru komnar til raunverulegra valda í flestum stofnunum samfélagsins og hafa raunveruleg áhrif á framtíð okkar allra?

Vandræðahugtakið „femínismi“ og mismunandi merkingar þess eru einnig til umfjöllunar. Hvað þýðir orðið, hvaðan kemur það, hvernig skilja Íslendingar „femínisma“. Þáttastjórnendur spurðu gesti Kringlunnar hvort þeir gætu útskýrt orðið og svörin voru jafn fjölbreytt og viðmælendur margir.

Orðið sjálft kemur úr latínu og notkun þess, á ensku og frönsku, í merkingunni „kvenfrelsisbarátta“ er rakin aftur til nítjándu aldar. Þáttastjórnendur fikra sig áfram á milli landa og tungumála og loks til Íslands. Þeir rekast fyrst á orðið „femínismi“ í íslenskum dagblöðum árið 1960, en hugtakið náði svo smám saman fótfestu á 9. og 10. áratugnum innan háskólans og alþingis sem akademískt og pólitískt flokkunarhugtak. Að lokum verður rætt um séríslenska hugtakið „öfgafemínisma“ sem notið hefur mikilla vinsælda síðustu árin.

**Þátturinn er á dagskrá á Rás 1 þriðjudaginn 19. júní kl. 13.00 og endurtekinn laugardaginn 23. júní kl. 8.05.**

# FER PRESTURINN EKKI AÐ KOMA?

*ÞANN 25. APRÍL SÍÐASTLIÐINN VAR SÉRA AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR KJÖRIN BISKUP, FYRST ÍSLENSKRA KVENNA. AGNES ER JAFNFRAMT ÞRIÐJA KONAN SEM HLAUT PRESTSVÍGSLU HÉR Á LANDI EN HÚN FAGNAÐI ÞRJÁTÍU ÁRA VÍGSLUAFMÆLI SÍNU ÞANN 20. SEPTEMBER Á SÍÐASTA ÁRI.*



Séra Agnes M. Sigurðardóttir. *Ljósmynd: Árný Herbertsdóttir.*

„Þegar ég var sautján ára fékk ég þá flugu í höfuðið að ég vildi verða prestur,“ segir Agnes. „Mér datt aldrei í hug að líta á það sem takmörkun að ég væri kona, þótt konur væru ekki prestar í mínum uppvexti. Pabbi var prestur og ég hafði alltaf mikinn áhuga á kirkjustarfinu, svo fyrir mér var það eðlilegt framhald að feta í hans fótspor.“

### „Svo þú ert stelpan sem ætlar að fara í guðfræðina“

Agnes segir það hafa vakið nokkra athygli þegar hún hóf nám í guðfræði haustið 1975. „Við vorum ekki margar í guðfræðinni á þessum árum en það voru tvær aðrar konur við nám þegar ég byrjaði í deildinni.“ Fyrsti skóladagurinn, þar sem hún gekk um ókunnuglega ganga skólans, er henni minnisstæður. „Þá sagði einn nemandi við mig: Svo þú ert stelpan sem ætlar að fara í guðfræðina. Ég velti því fyrir mér í stutta stund hvort ég hefði kannski villst og væri ekki á réttum stað en hristi það fljótt af mér.“ Að sögn Agnesar var guðfræðideildin svolítil karlaveröld. „Mér datt nú stundum í hug að við værum þarna upp á punt, sérstaklega þegar verið var að velja í stjórnir og nefndir Félags guðfræðinema.“

Hún lét það þó ekki slá sig út af laginu og kveðst einnig hafa fundið fyrir miklum meðbyr. „Ég hóf nám haustið 1975 þegar mikil gróska var í kvennabaráttunni og fann styrk frá henni, einkum eftir að ég vígðist.“ Fólk var ekki vant því að sjá konur í prestshlutverkinu á þessum fyrstu árum. „Ég hef verið í kirkju að undirbúa messu þegar fólk hefur spurt: Fer presturinn ekki að koma?“ Agnes bætir því við að fólk hafi oft sagt henni að það hafi aldrei áður heyrt konu predika.

### Konur og kristin trú

Að sögn Angesar voru það ákveðin tímamót árið 1978 þegar séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir kom mjög kát að utan eftir að hafa verið á ráðstefnu um kvennaguðfræði. „Kvennaguðfræði gengur út á það að draga fram konur í Biblíunni. Kirkjusagan er karlmiðuð eins og önnur saga, enda skrifuð að miklu leyti af körlum. Kvennaguðfræðin víkkar sjóndeildarhring okkar þegar við skoðum Biblíuna því hún leyfir okkur að skoða hana frá nýju sjónarhorni, þetta er spurning um hugsunarhátt og þær áherslur sem notaðar eru þegar Biblían er skoðuð.“

Aðspurð um stöðu kvenna innan kristinnar trúar segir Agnes mikilvægt að hafa það í huga að Biblían er ekki náttúruvísindi heldur lofgjörð til sköpunarinnar. „Guð skapaði manninn í sinni mynd og skapaði karl og konu, hann skapaði ekki karlinn í sinni mynd og svo konuna,“ segir Agnes og dregur þannig fram hvernig skoða má texta Biblíunnar í ákveðnu ljósi.



Séra Agnes messar í Hólskirkju, Bolungarvík. *Ljósmynd: Þjóðkirkjan.*

### Fann fyrir mikilli gleði vegna framboðsins

Agnes hefur af fremsta megni tekið þátt í kvennastarfi innan kirkjunnar, þrátt fyrir að hafa verið búsett úti á landi. Hún hefur stutt við Kvennakirkjuna og sótt messur á hennar vegum þegar hún hefur verið í Reykjavík.

„Í eðli mínu er ég ekki baráttukona en með störfum mínum og því sem ég er og geri tel ég mig vera fyrirmynd fyrir ungar stúlkur og er þakklát því að við búum í landi þar sem stúlkur hafa tækifæri til að verða það sem þær vilja.“

Agnes segir biskupsframboðið hafa verið mjög jákvæða upplifun. „Ég fann aldrei fyrir mótlæti vegna kynferðis míns í biskupsframboðinu, þvert á móti fann ég fyrir mikilli gleði, bæði vegna framboðs míns og því að tvær konur skyldu bjóða sig fram til biskups.“

### Hefði líklega brugðist öðruvísi við

Varðandi þau erfiðu mál sem kirkjan hefur þurft að kljást við á undanförnum árum, þar á meðal kynferðisbrot Ólafs Skúlasonar, segir Agnes: „Mér finnst líklegt að ég hefði brugðist öðruvísi við þessu máli,“ en bætir við að auðvelt sé að vera vitur eftir á. „Hafa verður í huga að svona mál varða ekki aðeins sitjandi biskup heldur einnig kirkjuráð og kirkjuþing, ábyrgðin liggur víða.“ Hún segir fagráð kirkjunnar nú fara með mikla ábyrgð. „Þegar mál Guðrúnar Ebbu kom fyrst upp taldi fagráðið sig ekki geta fjallað um málið en nú hefur það verið tryggt að fagráðið megi og eigi að taka á svona málum. Það er öruggt.“

Ummæli Agnesar um samviskufrelsi presta við hjónavígslu samkynhneigðra vöktu nokkra athygli skömmu eftir kjör hennar og vill hún árétta að auðvitað fari kirkjan að landslögum. „Í landslögum um hjónavígslur er þetta svigrúm leyft og við förum að lögum. Það er hratt minnkandi hópur presta í þjónustu kirkjunnar sem vill ekki gefa samkynheigð pör saman.“ Hún telur að þetta eigi fljótlega eftir að breytast, að ákveðin kynslóðaskipti eigi sér nú stað innan kirkjunnar og er þess fullviss að innan fárra ára leysist þessi mál af sjálfu sér.

Agnes hefur það á tilfinningunni að kjör hennar muni verða kirkjunni til bóta og er bjartsýn á að nú fari nýir tímar endurnýjunar í hönd innan kirkjunnar. „Ég hef hitt marga sem söðu sig úr kirkjunni þegar þessi mál gengu yfir en segjast nú vilja ganga í hana aftur. Það hefur glatt mig.“



# ENDEMIS LIST

*ENDEMI, TÍMARIT UM ÍSLENSKA SAMTÍMALIST, FAGNAÐI Í ÁR TVEGGJA ÁRA AFMÆLI SÍNU. MARKMIÐIÐ MEÐ TÍMARITINU ER AÐ SKAPA VETTVANG FYRIR MYNDLISTAMENN ÞAR SEM ÞEIR GETA KOMIÐ VERKUM SÍNUM Á FRAMFÆRI, EN Í DAG ER ENDEMI EINA ÍSLENSKA TÍMARITIÐ HELGAÐ MYNDLIST. **19. JÚNÍ** RÆDDI VIÐ **RAGNHILDI JÓHANNS** UM ENDEMI, KONUR Í ÍSLENSKRI MYNDLIST OG STÖÐU MYNDLISTAR Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI.*

*Endemi* var stofnað árið 2010 af nokkrum ungum listakonum. Komið hafa út þrjú hefti af tímaritinu og settar upp sýningar tengdar útgáfunni. Aðstandendur tímaritsins halda úti veglegri fréttasíðu á netinu þar sem almenningur getur fylgst með íslenskri liststarfsemi og í ár fékk tímaritið Menningarverðlaun DV fyrir sýninguna „Endemis (ó)sýn“.

**Kynjaójafnvægi í listheiminum**

Eitt af aðalmarkmiðum Endemis er að rýna í kynjaójafnvægi í lista- og menningarumfjöllun á Íslandi í dag. Ragnhildur bendir á að enn halli á konur í myndlist, þrátt fyrir miklar breytingar undanfarna áratugi. „Á stórum sýningum eru karlarnir áberandi, en árum saman, ef ekki áratugum saman, útskrifuðust konur í miklum meirihluta frá listaskólum Íslands. Bara í mínum árgangi voru fjórir karlar sem útskrifuðust en 29 konur. Samt skilar þetta nám mjög litlu í umhverfinu. Það virðist vera auðveldara fyrir karla að komast áfram.“

Endemi leikur sér að kynjahlutföllunum. Karlmenn eru ekki hunsaðir en fyrir hendi er vilji til að rýna í þetta ójafnvægi í íslenskri myndlist. „Í fyrsta blaðinu okkar og á fyrstu sýningunni, „Heyr á Endemi“, voru bara konur. Í öðru tölublaðinu, „Endemis (ó)sýn“, snerum við þessu svolítið við. Í stórum almennum samsýningum hefur kynjahlutfallið verið 70 karlar á móti 30 konum en við snerum þessu við í okkar sýningu, 70% konur á móti 30% karlar. Í nýjustu sýningunni okkar, „Endemis offors“, er kynjahlutfallið orðið jafnt, 50/50.“

Árið 2011 kom út vegleg fimm binda Íslensk listasaga og töluverða athygli vakti hve hallaði á hlut kvenna. Formaður Sambands íslenskra myndlistamanna (SÍM) hélt ræðu þann 5. nóvember síðastliðinn á Listasafni Íslands og vakti athygli á því að félagsmenn SÍM væru nú 75% konur og færi fjölgandi og sagði verkið því ekki gefa raunsanna mynd af íslenska listheiminum. Við ritun verksins hefði þurft að setja upp enn sterkari kynjagleraugu segir formaðurinn: „Þrjár konur á móti 13 karlmönnum í fyrsta bindi, 5 á móti 26 í öðru bindi, 11 á móti 37 í því þriðja, 17 á móti 31 í því fjórða og 65 á móti 74 í því fimmta. Tölulega lagast því hlutfallið þegar nær dregur nútímanum, en það segir ekki alla söguna. Konurnar fá hér sem endra nær styttri umfjöllun og færri ljósmyndir af myndverkum svo verulega hallar á.“



***Efri mynd:*** Elísabet Brynhildardóttir afhendir fyrsta eintak af Endemi. *Ljósmynd: Endemi.*

***Neðri mynd:*** Perla Dagbjartar- Hreggviðsdóttir, Selma Hreggviðsdóttir, Elísabet Brynhildardóttir, Lára Kristín Kristinsdóttir, Ragnhildur Jóhanns og Lilja Birgisdóttir taka við styrk Hlaðvarpans. *Ljósmynd: Endemi.*

**Þurfum listkennslu í grunn- og menntaskólana**

Endemi vinnur að því að gera konur í íslenska listheiminum sýnilegri en ekki síður að gera list sýnilegri fyrir almenning. Stór gjá er milli íslensks almennings og íslenskrar myndlistar. Erfitt er að finna íslensk myndverk á veraldarvefnum og lítil sem engin listasaga hefur verið kennd í skólum landsins. Það kemur því ekki á óvart að flestir Íslendingar vita lítið sem ekkert um íslenska myndlist, hvort sem um er að ræða samtímalist eða list fyrri alda.

Endemi birtir í hverri viku myndir af nýjum sýningum á heimasíðu sinni og Ragnhildur lítur svo á að heimasíðan og tímaritið séu ekki aðeins upplýsingamiðill fyrir almenning um íslenskt menningarlíf, heldur einnig heimild fyrir framtíðina. Hún bindur svo miklar vonir við nýja deild innan Listaháskólans þar sem kennd er listkennsla. „Það er aðeins að birta yfir í þessum efnum, en ég fór í gegnum allan grunnskóla og menntaskóla án þess að fræðast um íslenska myndlist. Og þegar ástandið er svo, þá fáum við umræðu á hverju ári um listamannalaunin. Almenningur lítur á þetta sem dútlerí, sem hobbí, eitthvað sem ekki á að borga laun fyrir.“

Á heimasíðu Endemis, *endemi.wordpress.com*, eru fréttir um nýjar íslenskar listasýningar og útgáfu og einnig er hægt er hlaða niður sjálfu tímaritinu gjaldfrjálst. Ragnhildur lítur björtum augum á framtíðina. Mikil gróska er í íslensku listalífi og íslensk list vekur sífellt meiri athygli erlendis. „Síðasta hefti tímaritsins okkar var tvítyngt, bæði á íslensku og ensku. Við vorum þar að svara kröfu. Það var mikill áhugi erlendis, erlendir ferðamenn vildu fá þetta. Erlendir ferðamenn fara á listasöfn og þeir hafa áhuga á íslenskri myndlist!“

# AF HVERJU AÐ KÚLDRAST Í EIGIN HORNI?

*ÞAÐ HEFUR EKKI FARIÐ FRAMHJÁ LESENDUM AÐ UMRÆÐAN UM JAFNRÉTTISMÁL HEFUR VERIÐ ÁBERANDI Í SAMFÉLAGINU Á ÁRUNUM EFTIR HRUN. Í JANÚAR Á ÞESSU ÁRI VAR STOFNAÐ NÝTT FÉLAG UNGRA JAFNRÉTTISSINNA, EN FÉLAGSMENN ERU ALLIR Á ALDRINUM 14-28 ÁRA OG Í STJÓRN FÉLAGSINS SITUR FÓLK Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM, Í GRUNNSKÓLA, MENNTASKÓLA OG HÁSKÓLA. **19. JÚNÍ** RÆDDI VIÐ **BRYNDÍSI TORFADÓTTUR**, EINN STOFNENDA FÉLAGSINS, UM FÉLAGIÐ OG JAFNRÉTTISMÁL Á ÍSLANDI.*

Félag ungra jafnréttissinna var stofnað af hópi menntskælinga sem var þreyttur á því hve skrítin umræðan um jafnrétti var orðin á Íslandi. Hópurinn vildi skapa nýjan vettvang þar sem ungt fólk gæti rætt um jafnrétti, vettvang þar sem áherslan væri ekki eingöngu á jafnrétti kynjanna, heldur jafnrétti allra hópa á Íslandi. „Við teljum að öll hagsmunafélög sem standa í jafnréttisbaráttu stefni á sama stað. Og af hverju þá að kúldrast í eigin horni þegar við erum sterkari saman,“ segir Bryndís. „Þetta á ekki eftir að gera hagsmunabaráttu veikari, heldur sterkari þar sem hagsmunasamtök geta fengið stuðning frá öðrum félögum til að vinna að sínum markmiðum.“

Í vetur hefur félagið staðið fyrir opnum fundum í Hinu húsinu um jafnréttismál þar sem áhugasamir geta kynnt sér jafnréttismál og hlustað á fyrirlestra frá ýmsum stofnunum og hagsmunahópum sem standa í jafnréttisbaráttu.

„Okkar framtíðarsýn er sú að hver og einn verður metinn á einstaklingsgrundvelli óháð stöðu hans. Við í félaginu leggjum áherslu á minnihlutahópa og viljum berjast gegn neikvæðum staðalímyndum,“ segir Bryndís. „Við höfum lagalegt jafnrétti, en við þurfum hugarfarsbreytingu og vitundarvakningu. Fólk af yngstu kynslóðinni er almennt jafnréttissinnað. Það eru til dæmi um karlrembu, en það einkennir ekki mína kynslóð.“

# DRUSLUR GANGA UM GÖTUR BORGARINNAR



Nei-hópurinn á druslugöngu í Reykjavík 2011. *Ljósmynd: Dagný Ósk Aradóttir.*

Fyrsta druslugangan fór fram í apríl 2011 í Toronto í Kanada. Mótmælendur skipulögðu gönguna eftir að lögregluþjónn ávarpaði nemendur við York-háskóla þar í borg og sagði að konur ættu að forðast að klæða sig eins og druslur, svo ekki yrði ráðist á þær.

Druslugöngurnar breiddust hratt út og innan þriggja mánaða höfðu slíkar göngur verið skipulagðar í 75 borgum um allan heim. Ein þeirra var Reykjavík en á síðasta ári gengu þúsundir karla og kvenna niður Skólavörðuholtið og sýndu þolendum kynferðisofbeldis samstöðu í verki.

Það er einkennandi fyrir druslugöngur að skipuleggjendur þeirra eru ungar konur sem eru þreyttar á neikvæðri umræðu um útlit og hegðun kvenna. Að sumu leyti vísa druslugöngurnar aftur til liðinna áratuga þegar fjölmennar göngur og mótmæli einkenndu kvenréttindabaráttuna. Þannig virðast druslugöngurnar bera vitni um aukna pólitíska virkni yngri kynslóða og meðvitund um misrétti í samfélaginu.

Skipuleggjendur druslugöngunnar í ár segjast með göngunni vilja færa ábyrgð kynferðisglæpa frá þolendum og yfir á gerendur. „Við viljum ekki einblína á klæðnað, hegðun eða fas þolenda sem mögulega afsökun fyrir glæpamenn. Við viljum einfaldlega að menn hætti að nauðga.“

Druslugangan fer fram 23. júní næstkomandi. Gengið verður frá Hallgrímskirkju kl. 14.00, niður Skólavörðustíg og Bankastræti og endað á Lækjartorgi þar sem við taka fundarhöld og tónleikar. Mætum öll og sýnum þolendum kynferðisofbeldis stuðning.



# NEI EÐA JÁ?

Margir hafa eflaust heyrt um Nei-hópinn svokallaða en um er að ræða hóp karla og kvenna sem berst gegn nauðgunum. Hópurinn hefur verið sérstaklega áberandi um verslunarmannahelgar, en síðustu árin hefur hann heimsótt stærstu útihátíðir landsins og dreift miðum, merkjum og bolum sem á stendur einfaldlega „NEI“.

Upphaf Nei-átaksins má rekja til ársins 2003 og til Karlahóps Femínistafélags Íslands en um er að ræða grasrótarhreyfingu sem vildi koma einföldum skilaboðum til karla, þ.e.a.s. „nei!“ Nei-hópurinn vildi beina áherslunni á gerendur kynferðisbrota, fá karlmenn til umhugsunar og hvetja þá sjálfa til að segja nei, áður en þeir gera eitthvað afskaplega heimskulegt á útihátíðunum.

Í fyrra hóf hópurinn nýja herferð sem var kölluð „Ef þú fékkst ekki samþykki þá ertu nauðgari“. *19. júní* ræddi við Odd Sigurjónsson um verkefnið.

„Verkefnið leggur áherslu á að aðeins einn er ábyrgur fyrir kynferðisbrotum og það er sá sem beitir ofbeldinu. Í sumar verður lögð áhersla á samþykki og tónninn því í jákvæðari kantinum. Það er orðið tímabært að fjalla um orðið „já“ í kynlífssamskiptum í stað þess að tala sífellt um „nei“. Þetta hefði ekki verið hægt fyrir nokkrum árum og má þakka upplýstri umræðu undanfarinna ára fyrir það.“

Nei-hópurinn verður áberandi á útihátíðum og stórviðburðum í sumar en umræðan á ekki að einskorðast við þetta tímabil, segir Oddur. „Í haust stefnum við á að fara í grunnskóla, menntaskóla og félagsmiðstöðvar til að kynna efnið. Einnig er mikilvægt að við náum til foreldra ungmenna og fáum þau til þess að ræða saman. Þetta virðist vera mikið feimnismál, en það er vandamál sem mikilvægt er að yfirstíga.“

# VÆNDISKAUP Á ÍSLANDI




*VÆNDI, 'BLÍÐUSALA KVENNA, SKÆKJULIFNAÐUR'. Í FORNÍSLENSKU MERKTI VÆNDI VONSKU EÐA ILLA HEGÐUN OG VAR EINKUM NOTAÐ SEM EIGNARFALLSFORLIÐUR VÆNDIS-: VÆNDISFÓLK, VÆNDISMAÐUR, VÆNDISKONA. ORÐIÐ ER LEITT AF LÝSINGARORÐINU VÁNDR. SJÁ VONDUR. (HEIMILD: ÍSLENSK ORÐSIFJABÓK, 1989)*

**Stóra systir**

Það vakti töluverða athygli í október á síðasta ári þegar Stóra systir boðaði til blaðamannafundar í Iðnó og tilkynnti að meðlimir samtakanna hefðu tekið saman lista með 56 nöfnum og 117 símanúmerum. Þessum nafnalista höfðu Stóru systur safnað saman með því að setja auglýsingar á einkamálasíður á netinu þar sem vændi var boðið til sölu. Stóru systur sýndu blaðamönnum brot af þeim samskiptum sem þær höfðu átt við vongóða vændiskaupendur og að blaðamannafundinum loknum afhentu þær lögreglu listann.

*19. júní* spurði Friðrik Smára Björgvinsson, yfirlögregluþjón og yfirmann miðlægrar rannsóknardeildar, hvort nöfnin og símanúmerin á listanum frá Stóru systur hefðu nýst lögreglunni við rannsóknir á vændiskaupum. Friðrik Smári sagði að ekki hefði verið stofnað til sérstakrar rannsóknar út af nafnalistanum því hann væri „ekki gögn í sakamáli“. Mannskapur hjá lögreglu væri ekki nægur til að rannsaka vændiskaup sérstaklega og nauðganir og kynferðisbrot gegn börnum hefðu forgang.

„Skilaboðin sem verið er að senda eru þau að það þurfi að vernda vændiskaupendur fyrir geðveikri vændislöggjöf.“ *Ljósmynd: Anton Brink.*

## „EF VÆNDISKAUPENDUR MEGA VERA NAFNLAUSIR, AF HVERJU ÞARF FÓLK SEM GAGNRÝNIR AÐ LÖGUM SÉ EKKI FRAMFYLGT AÐ KOMA FRAM UNDIR NAFNI?“

***19. JÚNÍ** LAGÐI NOKKRAR SPURNINGAR FYRIR STÓRU SYSTUR*

**Vitið þið til þess að lögreglan hafi nýtt sér þau gögn sem þið færðuð þeim um karla sem hafa reynt að kaupa vændi?**

Við vitum ekki til þess að lögreglan hafi nýtt sér gögnin. Aftur á móti hófu lögreglan og Fréttablaðið samstarf og Fréttablaðið útbjó nýjar vinnureglur til að nota við móttöku smáauglýsinga sem auglýsa nuddþjónustu. Því miður virðist samstarfið aðeins hafa haft skammvinnan árangur, því auglýsingarnar hurfu aðeins um tíma.

Það má segja að við höfum orðið fyrir vonbrigðum með viðbrögð lögreglunnar. Eins og málum er háttað eru mál er varða vændi og mansal undir sama hatti hjá lögreglunni og nauðganir og kynferðisbrot almennt. Bæði skortir fé og mannafla í þennan málaflokk og ekkert virðist eftir þegar kemur að vændi og mansali sem virðist stundað hér án mikillar hættu á afskiptum lögreglu.

Stóra systir hefur ekki verið í beinum samskiptum við lögregluna nema þegar gögnin voru afhent í haust.

**Hvernig hafa viðbrögðin í samfélaginu við aðgerðum ykkar verið?**

Almennt hafa viðbrögðin verið mjög góð. Við höfum fengið mörg þakkarbréf og hvatningu frá fólki. Auðvitað er einhver hópur sem hefur eytt miklu púðri í að tala um aðferðafræði Stóru systur og umræðuna hefur því, eins og oft vill verða í netheimum, borið af þeirri leið sem okkur hefði þótt æskilegust, það er að fjalla um raunverulega stöðu vændis og mansals hér á landi. Það kom okkur verulega á óvart hvað bæði framboð og eftirspurn er mikil.

Annað sem alltaf kemur upp í svona umræðu er að þeir sem berjast gegn því ofbeldi sem vændi og mansal er eru sakaðir um tepruskap og siðapredikanir. Þetta er grundvallarmisskilningur. Í fyrsta lagi lítum við svo á að kynlíf komi hvergi við sögu þegar ein manneskja kaupir aðgang að líkama annarrar manneskju heldur á sér þá stað alvarlegt ofbeldi. Ein manneskja kaupir sér vald yfir annarri og við það skapast valdaójafnvægi sem brýtur á mannréttindum þeirrar manneskju sem keypt hefur verið vald yfir.

Varðandi siðaboðskapinn er það þannig að það er bannað með lögum á Íslandi að kaupa vændi. Lagasetningar byggja að sjálfsögðu á siðferðilegum grunni, enda eru þær tæki til að skapa siðað samfélag.

**Af hverju felið þið ykkur?**

Við teljum ekki að við séum að fela okkur. Nafn- og andlitsleysið hefur margþættan tilgang.

Í fyrsta lagi þá er það bragð gegn þeirri íslensku hefð að fara í manninn en ekki boltann, eða svokölluð „argumentum ad hominem“-aðferð. Það skiptir engu máli hverjar við erum, það sem skiptir máli er það sem við viljum vekja athygli á; hér virðist auðvelt að kaupa vændi þrátt fyrir góð og skýr lög gegn því.

Í öðru lagi þá er sá hópur sem stendur fyrir vændi beinlínis hættulegur og rekstur vændis og mansals er nátengdur skipulögðum glæpasamtökum. Sá hópur notar ekki „argumentum“ heldur gengur skrefinu lengra en „ad hominem“ -hópurinn. Þótt við sjálfar séum tilbúnar að leggja okkur í slíka hættu þurfum við að hugsa um fjölskyldur okkar í því sambandi.

Í þriðja lagi þá er þetta háðsádeila á það hversu mikla vernd vændiskaupendur hafa fengið í réttarkerfinu. Ef vændiskaupendur mega vera nafnlausir, af hverju þarf fólk sem gagnrýnir að lögum sé ekki framfylgt að koma fram undir nafni?

**Hvað er næst á dagskránni í baráttu Stóru systur gegn vændiskaupum?**

Stóra systir er ekki með langtímaáætlanir en við erum ekki hættar og ef við fáum góðar hugmyndir erum við ekki lengi að hrinda þeim í framkvæmd.

**Ætlið þið að birta listann sem þið afhentuð lögreglunni?**

Það kemur í ljós :)

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður segir að strangar reglur gildi um notkun tálbeita og hlutverk þeirra í hegningarlögum sé mjög afmarkað. Árið 2007 sýknaði Hæstiréttur til að mynda þrjá karlmenn í Kompásmálinu svokallaða af tilraun til kynferðisbrots, en þeir höfðu mælt sér mót við tálbeitu þáttarins. Í einum dómnum segir: „Af framangreindum reglum ríkissaksóknara, og af viðurkenndum óskráðum meginreglum í íslenskum rétti, er ljóst að lögreglu hefði ekki, við rannsókn máls, verið heimilt að beita þeim aðferðum sem þáttargerðamennirnir notuðu í samskiptum við ákærða. Það er því mat dómsins að verulegur vafi leiki á því hvort lögreglu hafi verið heimilt að nota gögn sem aflað hefur verið á þann hátt sem raun ber vitni sem grundvöll rannsóknar sakamáls.“

Það var því aldrei nein spurning hvort nafnalistinn frá Stóru systur hefði gefið tilefni til ákæru. Það gerir hann augljóslega ekki, enda segir í skýrslu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 1999 um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu: „Það grundvallarskilyrði er haft að leiðarljósi að tálbeita verði ekki notuð til að kalla fram refsiverða háttsemi sem ella hefði ekki verið framin.“

Þorbjörg Inga segir að nafnalistinn hefði þó átt að vera lögreglu tilefni til rannsóknar, enda segir í 52. grein laga um meðferð sakamála nr. 88 2008: „Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki.“

„Listinn frá Stóru systur hefði getað gefið lögreglu tilefni til að taka skýrslur af einhverjum einstaklingum eða rannsaka tölvur þeirra,“ segir Þorbjörg. „Stóra systir var bara að grípa inn í umferð vændiskaupenda.“

### Skortir pólitískan vilja til að taka á vændiskaupum?

Eru vændismál kannski ekki tekin nógu alvarlega í samfélaginu? Skortir viljann til að taka á vændiskaupum? Friðrik Smári segir lögregluna einfaldlega skorta fjármagn til að rannsaka vændi. Deildin innan lögreglunnar sem hefur vændismál á sinni könnu rannsakar brot gegn lífi og líkama. Undir slík brot falla vændi, kynferðisbrot, heimilisofbeldi, manndráp og manndrápstilraunir. Við deildina starfa aðeins 12 starfsmenn, en samkvæmt nýjustu ársskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2010 starfa eingöngu 39 manns á rannsóknarsviði öllu. Til samanburðar má nefna að hjá umboðsmanni skuldara starfa um 80 manns og hjá embætti sérstaks saksóknara eru um 100 starfsmenn.

„Það þarf að sinna málaflokknum betur,“ segir Friðrik Smári. „Við höfum ekki getað sinnt þessu sem skyldi. Árið 2008 samþykktu stjórnvöld aðgerðaáætlun gegn mansali en það fylgdi engin fjárveiting. Þekkingin er að mörgu leyti þegar til staðar innan lögreglunnar en okkur skortir mannskap. Vændismálin eru erfið og tímafrek í rannsókn og sönnunarstaðan er erfið. Oft vill hvorki gerandi né þolandi aðstoða lögreglu við rannsókn og mansalsfórnarlömb treysta oft ekki yfirvöldum. Svo má nefna sem dæmi að til að mega beita símahlerunum í rannsóknum á vændi þyrfti lagabreytingu, því það þarf að vera 8 ára

> „Stóra systir var bara að grípa inn í umferð vændiskaupenda.“

refsirammi við broti til að hlera megi síma, en refsirammi í vændi er aðeins 4 ár. Í fyrra var veitt fjárveiting til að rannsaka skipulagða glæpastarfsemi, en hún var eyrnamerkt svokölluðum MC-hópum. En ef það kæmi upp vændi í tengslum við þá hópa yrði það auðvitað skoðað.“

### Engin yfirsýn yfir vændismarkaðinn

En hver er tilfinning Friðriks Smára gagnvart vændismarkaðnum á Íslandi?

„Það er engin yfirsýn yfir vændi á Íslandi. En hér er líklega öll flóran, fólk sem selur sig sjálft án milligöngu, fíklar sem selja sig og svo skipulagt mansal. Allt kemur til Íslands, fíkniefni og vændi, það kemur hingað seinna en í nágrannalöndunum en það kemur hingað á endanum. Konur frá útlöndum detta ekki inn á vændismarkaðinn án milligöngu. Einhver hefur hönd í bagga og hjálpar þeim. Og mansal mun væntanlega aukast. “

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, verkefnastýra vændisathvarfs Stígamóta, segir að rannsóknir á vændi á Íslandi skorti. Á hverju ári leita um 30 konur til Stígamóta vegna vændis. „En það er bara toppurinn á ísjakanum,“ segir hún. „Það skortir líka viljann til þess að taka á vændiskaupum. Lög um bann við kaupum á vændi fóru í gegn en svo gerðist ekkert meira. Það er engin fjárveiting og það er ekki forgangsraðað.“

Síðasta almenna rannsóknin sem gerð var á vændi á Íslandi var skýrsla unnin fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið árið 2001 og líklegt verður að teljast að umfang og eðli vændis hér á landi hafi mikið breyst á þeim 11 árum sem liðin eru frá útgáfu hennar. Engar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á kaupendum vændis.




### „Tennurnar eru farnar úr lögunum með nafnleyndinni“

Það vakti mikla reiði að þinghald yfir vændiskaupendum sem dæmdir voru fyrir að eiga viðskipti við Catalinu Mikue Ncogo var lokað. Dómari í málinu, Arngrímur Ísberg, vísaði til þess að þó að meginreglan sé sú að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði, þá séu undantekningar frá meginreglunni sem miða að því að vernda sakborninga, brotaþola, vandamenn þeirra, vitni eða aðra sem málið varða. Halla Gunnarsdóttir krafðist þess sem borgari, blaðamaður

> „Opinberaður, ákærður, dæmdur ... Tennurnar eru farnar úr lögunum með nafnleyndinni.“

og talskona Femínistafélags Íslands að þinghaldið yrði opið og skaut málinu til Hæstaréttar, en þar sem hún taldist ekki eiga lögvarða hagsmuni af sakarefni málsins var því vísað frá.

Þorbjörg Inga segir hugmyndafræðina á bakvið lagasetninguna hafa verið þá að hún ætti að hafa fælingarmátt. Dómarnir eru ekki þungir, einungis er um fjársektir að ræða, og átti fælingarmátturinn að felast í nafnbirtingunni. „Opinberaður, ákærður, dæmdur. Það þarf að ráðast á eftirspurnina eftir vændi og fyrir ákveðinn hóp vændiskaupenda er það að upp um þá komist það versta sem getur gerst. Tennurnar eru farnar úr lögunum með nafnleyndinni.“ Friðrik Smári tekur í sama streng og segir aðspurður um nafnaleyndina: „Varnaðaráhrif laganna eru farin.“

„Nafnleynd í dómum byggist á því að vernda þann sem verður fyrir brotinu, eða sakborning ef hann er ungur. Í þessu tilviki var hún hins vegar notuð til að vernda fullorðna sakborninga og fjölskyldur þeirra. Það eru hins vegar fordæmi fyrir því að birta nöfn þeirra sem hafa brotið gegn börnum sem eru ótengd þeim og nöfn sakborninga í manndrápsmálum eru birt,“ segir Þorbjörg Inga.

Athygli vekur að í mjög mörgum viðkvæmum málum er lokuðu þinghaldi hafnað (nýlegt dæmi er t.d. mál Agné Krataviciuté sem var sakfelld í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa orðið barni sínu að bana) og er þá vísað til fyrrnefndrar meginreglu um opna málsmeðferð í dómsmálum. Hvað gerir kaup á vændi viðkvæmara fyrir sakborninga og fjölskyldur þeirra en manndráp og morð?

„Skilaboðin sem verið er að senda eru þau að það þurfi að vernda vændiskaupendur fyrir geðveikri vændislöggjöf,“ segir Þorbjörg Inga.



„Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki.“ *Ljósmynd: Anton Brink.*

# VÆNDIS-KAUPENDUR

Eftirspurnin eftir vændi er meiri en framboðið og af því leiðir að „markaðurinn“ reynir að búa til meira framboð til að anna eftirspurninni. Konur, karlar og börn eru hneppt í ánauð og seld mansali til að svara kalli eftirspurnarinnar. En hverjir skapa og viðhalda eftirspurn eftir börnum, konum og körlum í vændi?

Norrænar rannsóknir hafa sýnt að vændiskaupendur eru yfirleitt karlar. Þeir eru á öllum aldri, úr öllum þjóðfélagsstigum og er stór hluti þeirra giftur eða í samböndum. Flestir eru á aldrinum 25-45 ára. Einnig þekkist að konur eða pör kaupi vændi en þó í mun minna mæli en áðurnefndur karlahópur.

Mikilvægur liður í markaðssetningu vændis er jákvæð ímyndarsköpun. Með því að skilgreina vændi sem val þess sem selur sig geta kaupendur fjarlægst þá hugmynd að um ánauð sé að ræða og geta þar með nálgast vændiskaup sem venjuleg viðskipti frekar en mansal. Þegar kaupendur upplifa það sem svo að þeir séu að kaupa vændi af konu sem velur það ekki sjálf eiga þeir erfiðara með að réttlæta kaupin fyrir sjálfum sér og umheiminum. Með því að sannfæra sig um að um frjálst val sé að ræða þurfa þeir ekki að taka ábyrgð á því að hafa nýtt sér neyð annarrar manneskju.

Athygli vekur að 95% vændiskaupenda á Norðurlöndum segjast geta fengið kynlíf með öðrum hætti en með vændiskaupum og má því draga þá ályktun að vændiskaup séu valkvæð hegðun í mjög mörgum tilfellum.

Árið 2009 var almennum hegningarlögum breytt svo kaup á vændi eru nú ólögleg á Íslandi. Í 206. grein segir: „Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

## Norrænar rannsóknir sýna að:




Heimild: STERK – forvarnamiðstöð

# VERÐUR FORSETINN FEMÍNISTI?

*RITNEFND **19. JÚNÍ** KANNAÐI VIÐHORF FORSETAFRAMBJÓÐENDA TIL FEMÍNISMA OG ALLIR VORU ÞEIR SPURÐIR SÖMU SPURNINGARINNAR: **ERT ÞÚ FEMÍNISTI?***



Ljósmynd: Salbjörg Ríta Jónsdóttir.

## ANDREA J. ÓLAFSDÓTTIR

Já, ég er femínisti. Bæði er ég femínisti og jafnframt kona sem þorir, getur og vill taka þátt í að hafa áhrif á samfélagið. Ég skilgreini femínisma þannig að það er karl eða kona sem áttar sig á að við búum ekki við jafnrétti kynjanna og að það þurfi að gera eitthvað við því (þrátt fyrir að við hér á Íslandi séum lengra komin en víða annars staðar). Til þess geta verið ótal mismunandi leiðir, en aðalatriðið er að átta sig á þörfinni og hafa viljann.



Ljósmynd: Eygló Árnadóttir.

## ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Ég tel að menn leggi almennt ólíkan skilning í hugtakið femínisti. Ef átt er við að femínisti haldi í heiðri jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum samfélagsins og í persónulegum samskiptum þá get ég svarað játandi spurningu um hvort ég sé femínisti.



Ljósmynd: Eygló Árnadóttir.

## HANNES BJARNASON

Ég er upptekinn af jafnrétti á öllum vígstöðvum, þar á meðal jafnrétti kynja. Hins vegar tel ég mig ekki mann öfga á nokkurn hátt. Ef femínismi er skilgreindur sem öfgastefna þá er ég ekki femínisti. Ef femínismi er skilgreindur sem hugmyndafræði sem vinnur að jöfnuði milli kynja þá er ég femínisti.



Ljósmynd: Arnold Björnsson.

## HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR

Já, ég er femínisti af því að ég hef gert mér grein fyrir því nokkuð lengi að jafnréttisbaráttunni miðar ekkert áfram nema við sýnum hugrekki og vekjum stöðugt athygli á óréttlætinu sem því miður bitnar mun meir á konum.



Ljósmynd: Hermann Sigurðsson.

## ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Ég hef ætíð verið eindreginn jafnréttissinni og stutt jafnréttisbaráttu kvenna frá því ég hóf þátttöku í þjóðmálum. Femínisti er hins vegar hugmyndafræðilegt hugtak sem hefur mismunandi merkingar eftir því hver beitir því. Ég hef á margvíslegan hátt lagt jafnréttisbaráttunni lið með þátttöku í viðburðum og áföngum í baráttunni. Þegar ég var ungur fræðimaður að hefja kennslu í þjóðfélagsvísindum við Háskóla Íslands settum við jafnrétti á efnisskrá námsins. Ég stjórnaði síðan fyrstu rannsókninni á jafnrétti kynjanna sem gerð var á Íslandi í kjölfar þingsályktunar sem Alþingi hafði samþykkt en nemandi minn Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir vann að rannsókninni. Síðan annaðist ég ritstjórn rannsóknarinnar þegar hún kom út í bókinni Jafnrétti kynjanna.



Ljósmynd: Ómar Óskarsson.

## ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR

Já, ég er femínisti. Sumir vilja frekar nota orðið jafnréttissinni, en fyrir mér er femínismi einfaldlega lífsskoðun þeirra sem telja að fullt jafnrétti eigi að ríkja á milli karla og kvenna, að því markmiði hafi ekki enn verið náð - og vilja gera eitthvað í því. Við verðum stöðugt að berjast fyrir jafnrétti og vera á varðbergi svo við glötum ekki því sem þegar hefur áunnist. Við maðurinn minn deilum þessari lífssýn og ölum bæði son okkar og dætur upp samkvæmt því.

# „ALNETIÐ ÞARF KNÚZ“

Netmiðillinn Knúz.is var stofnaður í lok síðasta sumars í kjölfar skyndilegs fráfalls Gunnars Hrafns Hrafnbjargarsonar þann 4. ágúst 2011.

Gunnar Hrafn var aðeins 35 ára gamall þegar hann lést og hafði verið liðtækur í jafnréttisbaráttunni. Hann hélt meðal annars úti bloggsíðu hliðarsjálfsins Sigurbjörns femínista þar sem hann gagnrýndi samfélagið á femíniskum forsendum. Þegar hávær rödd Gunnars Hrafns þagnaði tóku félagar hans sig saman og stofnuðu Knúz.is. Vefurinn var bæði stofnaður með það fyrir augum að fylla í skarðið sem Gunnar Hrafn skildi eftir sig í jafnréttisumræðunni auk þess sem hópurinn var sammála um að þörfin fyrir óháðan femíniskan netmiðil væri mikil. Nafnið Knúz kom til vegna þess að orðið var í miklu uppáhaldi hjá Gunnari Hrafni og skömmu fyrir fráfall sitt sagði hann: „Alnetið þarf knúz miklu oftar. Annars breytist það í vígvöll.“

Fjölbreyttur hópur fólks stendur á bak við vefinn og eiga greinarnar sem þar birtast það eitt sameiginlegt að vera skrifaðar á femíniskum forsendum. Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, bókmenntafræðingur og einn af stofnfélögum Knúz.is, segir skort á umræðu um jafnréttismál hafi verið áhyggjuefni. „Okkur blöskraði satt að segja hversu lítið var skrifað um jafnréttismál á netmiðlunum en mikið af alls konar froðu og langaði, í anda vinar okkar, að bæta úr því. Til þess að halda hinum femíniska neista á lífi og til þess að ekki komi þreyta í samstarf okkar, þá skiptum við um ritstjórn reglulega og það kemur í hennar hlut að afla efnis. Fyrst um sinn vorum við stórhuga og frumbirtum eina grein á dag, en öll erum við í fullri vinnu og ekkert okkar þiggur laun fyrir greinaskrif, þannig að við höfum eilítið fækkað birtingum, án þess að slá af kröfum um efnið. Vefurinn er innan við tíu mánaða gamall, en nú þegar hafa birst á honum um 200 greinar eftir fimmtíu höfunda af báðum kynjum, á öllum aldri og um hið fjölbreytilegasta efni. Baráttukrafturinn er hvergi nærri þrotinn og áfram mun Knúz vera vin femínista í eyðimörk netmiðlanna.“

*knúz*
Vefur um knúz og jafnrétti





# HELVÍTIS KELLINGARNAR

HELGA GUÐRÚN JÓNASDÓTTIR, FORMAÐUR KVENRÉTTINDAFÉLAGS ÍSLANDS

Í vetur kvaddi ný rödd sér hljóðs þegar Stóra systir steig óvænt fram í sviðsljósið. Og þvílík rödd, sem þessi huldusamtök hafa ljáð þeim sem enga hafa haft.

Kynferðisglæpir þrífast fyrst og fremst í myrkri þagnarinnar; skömminni, óttanum og niðurlægingunni sem ofbeldið skilur undantekningarlaust eftir sig. Á sama hátt og ofbeldismennirnir skáka í skjóli leyndar, lagði Stóra systir til atlögu gegn þeim, með nafnleyndina að vopni. Búrkuklæddar stigu huldukonurnar fram og kröfðust réttlætis og réttarverndar, aðgerða í stað orða.

Ofstæki eða einurð? Óhætt er að segja Stóru systur eina athyglisverðustu aðgerð síðari tíma gegn kynferðisglæpum. Ekki urðu þó allir jafn hrifnir og virðist karlalandsliðið í andfemínisma hafa haft flest á hornum sér í málflutningi systranna sem ofstækisfullri kvenrembu.

Með slíkum skætingi er augljóslega verið að dreifa umræðunni á dreif. Stóra systir snýst ekki um ofstæki, hvað þá kvenrembu. Stóra systir snýst um gildakerfi þöggunar og kúgunar. Um viðhorf sem réttlæta vændi sem markaðstengd þjónustukaup. Um hina hlið „kynlífsþjónustunnar" - þá sem þrífst neðanjarðar á mannfyrirlitningu, mansali og annarri skipulagðri glæpastarfsemi.

Staðreyndin er kannski sú að það er ekki af aðgerðarsinnum á borð við Stóru systur sem ástæða er til að hafa áhyggjur, heldur þeim sem virðast hrökkva sjálfkrafa í vörn í hvert sinn sem „helvítis kellingarnar" byrja á þessu ofstæki sínu. Þegar allt kemur til alls, í þágu hverra eru þessir aðilar að tala „ofstækisfullu kellingarnar" niður og hverjir skyldu kunna þeim bestu þakkirnar?

Og staðreyndin er jafnvel einnig sú að með einurð sinni og skeleggri framgöngu hefur Stóra systir sýnt áþreifanlega fram á að það býr ein slík í öllum þeim sem samþykkja ekki kynferðislegt ofbeldi, óháð því í hvaða mynd það birtist. Óháð kyni, aldri, stétt og stöðu. Ef það er gjaldið, að verða stimpluð sem ein af þessum „helvítis kellingunum", með því að taka stöðu með Stóru systur þá greiði ég það með glöðu geði og segi: Koma svo – finndu „helvítis kellinguna" í sjálfri þér.

## KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Kvenréttindafélag Íslands eru ein elstu félagasamtök Íslands. Félagið var stofnað árið 1907 á heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur til að starfa að því að íslenskar konur fengju fullt stjórnmálajafnrétti á við karlmenn, kosningarétt, kjörgengi svo og embættisgengi og rétt til atvinnu með sömu skilyrðum og karlmenn. Kvenréttindafélagið hefur starfað sleitulaust í heila öld að því að bæta réttindi kvenna og í ár fagnar félagið 105 ára afmæli sínu.

# STAK-STEINUR

## FEMÍNISK MÁL FRÁ LIÐNU ÁRI GERÐ UPP

### Júní

Í júní árið 2011 var austurríska leiðin lögfest á Alþingi en hún gefur fulltrúa lögreglustjóra heimild til að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum. Heimildinni hefur verið beitt einu sinni.

### Júlí

Fyrsta druslugangan var farin niður Skólavörðuholtið í júlí. Markmið göngunnar er að færa ábyrgð kynferðisbrota frá þolendum yfir á gerendur, til dæmis með því að draga úr áherslu á útlit og atgervi brotaþola og einblína á brotavilja þess sem nauðgar.

### Ágúst

Í ágúst var gagnrýni Maríu Lilju Þrastardóttur á einsleita framsetningu á áhugamálum kvenna í fjölmiðlum túlkuð sem „leðjuslagur" og vildu gagnrýnendur frekar ræða notkun hennar á **varalit** en umræddar birtingamyndir kvenna í fjölmiðlum. María lét ekki slá sig út af laginu og bauð Skjá einum krafta sína við dagskrárgerð til að bjóða upp á fjölbreyttara efni. Tilboði hennar var hafnað.

### September

Það dró til tíðinda í september þegar femíniska vefritið Knúz.is hóf göngu sína. Vefurinn var stofnaður í minningu Gunnars Hrafns Hrafnbjargarsonar femínista með það að markmiði að halda úti gagnrýnni umræðu um málefni sem varða jafnrétti kynjanna.

### Október

Í október boðaði dularfulli hópurinn Stóra systir til blaðamannafundar og kynnti þar lista með 56 nöfnum og 117 símanúmerum áhugasamra vændiskaupenda og afhenti hann lögreglu. Aðgerðin var mjög umdeild og sagði Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður Stóru systur vera „ekkert öðruvísi en önnur pólitísk ofstækissamtök."

### Desember

Í byrjun desember var Egill „Gilzenegger" Einarsson kærður fyrir nauðgun. Öfgalögfræðingurinn Sveinn Andri Sveinsson gaf í skyn að stjórnufemínistar í VG stæðu á bak við kæruna og skrifaði á Fésbókarsíðu sína: „Femínistar hata Egil Gilz. Móðir stúlkunnar sem kærði viku eftir atvikið er í þeim hópi og áhrifamaður í VG. Tilviljun? Kannski. Ég hef aldrei verið trúaður á tilviljanir." **Vefpressan ehf.** fékk mikla gagnrýni í tengslum við sama mál þegar Pressan.is, miðill í eigu félagsins, birti mynd af annarri stúlkunni sem kærði Egil. Í kjölfarið sniðgengu margir vefsíður fyrirtækisins.

### Janúar

Í janúar á nýju ári var Mjólkursamsalan harðlega gagnrýnd fyrir að setja á markað bleikan ís fyrir stelpur og bláan ís fyrir stráka. Ísinn var tekinn af markaði og í kjölfarið sagði markaðsstjóri fyrirtækisins að mat þeirra á markaðssetningu hefði verið „algjörlega rangt". Í sama mánuði komst upp að iðnaðarsílikon væri í **PIP-brjóstapúðum** sem settir höfðu verið í brjóst um 400 íslenskra kvenna. Skiptar skoðanir voru á því hvort ríkið eða konurnar sjálfar ættu að greiða fyrir að láta fjarlægja púðana og standa straum af kostnaði vegna mögulegra sjúkdóma af völdum þeirra. Í lok mánaðarins gagnrýndi bæjarstjóri Akureyrar **FKA** (Félag kvenna í atvinnurekstri) fyrir að veita Já.is hvatningarverðlaun en fyrirtækið hafði lokað stórum kvennavinnustað á Akureyri undangengið sumar auk þess sem Egill „Gilzenegger" Einarsson hafði verið gerður að ritstjóra símaskrárinnar með þeim rökum að hann ætti **„erindi við þjóðina"**, þrátt fyrir að hafa ítrekað gert kvenfyrirlitningu að skemmtiefni. Já.is reyndi að snúa neikvæðri umfjöllun sér í hag með því að bjóða viðskiptavinum upp á límmiða til að líma ofan á myndina af Agli á forsíðunni en höfðu ekki erindi sem erfiði.

### Febrúar

Tímaritið Nýtt líf olli fjaðrafoki í febrúar þegar blaðið birti kynferðisleg bréf Jóns Baldvins Hannibalssonar til unglingsstúlku. Þráinn Bertelsson, þingmaður flokks sem kennir sig við kvenfrelsi, sagði á Fésbókarsíðu sinni að „hræsnisfullir öfgafemínistar" og „athyglissjúkt fólk" vildi niðurlægja Jón Baldvin og að gróðavon lægi að baki umfjölluninni. Skömmu síðar í sama mánuði opnaði **Hildur Lilliendahl** myndaalbúmið „Karlar sem hata konur" á sinni Fésbókarsíðu en þar hafði hún safnað saman skjáskotum af niðrandi ummælum um konur sem karlmenn höfðu látið falla á opinberum vettvangi. Uppátækið olli mikilli reiði, einkum meðal þeirra sem áttu ummæli í albúminu. Leiddi það meðal annars til þess að Hildur var klöguð og sett í bann á samskiptasíðunni. Hún lét sér fátt um finnast og flutti myndasafnið með ummælunum yfir á http://karlarsemhatakonur.tumblr.com og þar stækkar það enn.

### Apríl

Þann 1. apríl boðuðu þær Hildur Lilliendahl, María Lilja Þrastardóttir og Sóley Tómasdóttir til stofnfundar Samtaka aðgerðasinnaðra femínista gegn feðraveldi og óréttlæti, eða *SAFFÓ*. Félagið boðaði „herskárri" aðferðir í jafnréttisbaráttunni og var stofnað til opinbers rifrildis við aðra og ráðsettari femínista á Knúz.is. Gjörningurinn var kallaður „skrípaleikur" og samtökin meðal annars sögð „af sama meiði" og Nasistaflokkurinn. Mörgum kom því á óvart þegar uppátækið reyndist vera mjög vel heppnað aprílgabb.

Sjónvarpsmaðurinn **Sölvi Tryggvason** vakti einnig talsverða athygli í apríl þegar hann sagðist í rannsóknarskyni hafa sett inn auglýsingu á einkamál.is til að laða að vændiskaupendur. Sölvi uppskar annars konar viðbrögð frá samfélaginu en Stóra systir fékk fyrir samskonar vinnu. Til að mynda þurftu hann og samstarfsfélagar hans ekki að sitja undir því að vera kallaðir „pólitísk öfgasamtök" fyrir vikið.

### Maí

Í maímánuði var Eimskip gagnrýnt fyrir kynjað litaval þegar fyrirtækið gaf nemendum í fyrsta bekk grunnskóla bleika og bláa hjálma og var fyrirtækið sakað um að koma börnum fyrir í fastmótuðum hólfum merktum bleikum og bláum lit. Samskonar gagnrýni fékk **Háaleitisskóli á Ásbrú** fyrir framsetningu þemadaga fyrir nemendur í öðrum bekk. Í tilkynningu var þess getið að meðal annars yrði boðið upp á snyrtistöð fyrir stelpur og byggingarstöð fyrir stráka. Foreldrar gagnrýndu skólann fyrir að kynda undir útlitsdýrkun og halda neikvæðum staðalímyndum að börnum.




Kvenréttindafélag Íslands

*19. júní, tímarit Kvenréttindafélags Íslands*
61. árgangur

Hallveigarstaðir
Túngötu 14
101 Reykjavík

www.krfi.is
krfi@krfi.is

*Í stjórn Kvenréttindafélagsins sitja:* Helga Guðrún Jónasdóttir formaður, Ragnheiður Bóasdóttir varaformaður, Hildur Helga Gísladóttir gjaldkeri, Fríða Rós Valdimarsdóttir ritari, Eygló Árnadóttir, Inga Guðrún Kristjánsdóttir, Margrét Björnsdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir.

*Forsíða:* Eygló Árnadóttir og Erla Gerður Viðarsdóttir

*Myndskreyting:* Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

*Umbrot og hönnun:* Erla Gerður Viðarsdóttir

*Ritnefnd:* Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Eygló Árnadóttir, Fríða Rós Valdimarsdóttir, Helga Birgisdóttir, Helga Þórey Jónsdóttir og Hildur Knútsdóttir.

*Sérstakar þakkir fá:* Sveinbjörg Bjarnadóttir, Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir, fyrirsætur á forsíðu, vinkonur og vinir, femínistar og öll þau sem hafa komið að þessu blaði.


# JÁ TAKK!

## ÉG VIL GJARNAN GANGA Í KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Nafn: ____________________

Kennitala: ____________________

Heimilisfang: ____________________

Póstfang og staður: ____________________

Netfang: ____________________

Sendist til Kvenréttindafélags Íslands, Túngötu 14, 101 Reykjavík.
Einnig er hægt að ganga í félagið með skráningu á heimasíðunni **www.krfi.is.**

## STYRKTARAÐILAR:

AB varahlutir ehf
Aðalvík ehf
AFL - Starfsgreinafélag Austurlands
Akureyrarbær
Alcoa-Fjarðaál sf
Arion banki ehf
Auris medica ehf
Álafoss ehf
Árni Reynisson ehf
Bakkabros ehf
Bananar ehf
Bandalag háskólamanna
Bandalag starfsm. ríkis og bæja
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Bílasmiðurinn hf
Bíljöfur ehf
Björnsbakarí ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blikkrás ehf
Blikksmiðja Reykjavíkur
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf
Bónus
Breiðdalshreppur
Bryggjuhúsið ehf
Búnaðarsamband A-Skaftafellss.
Dacoda ehf
Dalabyggð
Dalakofinn sf
Danfoss hf
Delíla og Samson sf
Dignitas ehf /Leiksk. Regnboginn
Efla Verkfræðisstofan hf
Efnalaug Suðurnesja ehf
Eiðfaxi ehf
Eignamiðlunin ehf
Endurskoðun Vestfjarða ehf
ERF ehf
Eyjavík ehf
Eyrir fjárfestingafélag ehf
Fagus ehf
Fagverk verktakar sf
Ferðaþjónustan Hunkubökkum ehf
Ferskfiskur ehf
Félag bókagerðarmanna
Félag hársnyrtisveina
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Félagsbúið Hallgilsstöðum
Fiskmarkaður Bolungarv. og Suðureyrar ehf
Fiskmarkaður Djúpavogs ehf
Fiskmarkaður Grímseyjar ehf
Fiskmarkaður Íslands hf
Fínpússning ehf
Flugfreyjufélag Íslands
Forum lögmenn ehf
Fríhöfnin ehf
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
G.S. varahlutir ehf
Garðabær
Geislatækni ehf, Laser-þjónustan
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Grund dvalar- og hjúkrunarheimili
Grýtubakkahreppur
GT Tækni ehf
Guðmundur Tyrfingsson ehf
H.Ó. & B. sf
Hafnarfjarðarbær
Hársnyrtistofa Margrétar
Hársnyrtistofan Fagfólk ehf
HB Grandi hf
Hefilverk ehf
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
HM Bókhald ehf
Hótel Djúpavík ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hrund sf gjafavöruverslun
Hugsmiðjan ehf
Hús verslunarinnar sf
Húsafl sf
Höfðakaffi ehf
IGS ehf
Ísafjarðarbær
Ísfix ehf
Ísgát ehf
Íslandsbanki hf
Íslandsfundir ehf
Íslandspóstur hf
Íslandsspil sf
Íslenskur textíliðnaður hf
J.B.G. fiskverkun ehf
Jafnréttisstofa
JH29 ehf
Jóhann Hauksson, trésmíði ehf
Jónar Transport hf
JSÓ ehf
K.Þ. Verktakar ehf
Kapalvæðing ehf
KG Fiskverkun ehf
Kj Kjartansson hf
Klausturkaffi ehf
Kleifarás ehf
Knattspyrnusamband Íslands
Kristinn J Friðþjófsson ehf
Kvenfélag Hraungerðishrepps
Kvenfélag Hrunamannahrepps
Kvenfélag Húsavíkur
Kvenfélag Kópavogs
Kvenfélag Mývatnssveitar
Kvenfélag Ólafsvíkur
Kvenfélag Stafholtstungna
Kvenfélag Stokkseyrar
Kvenfélag Öxfirðinga
Kvenfélagið Fjóla
Kvenfélagið Freyja
Kvenfélagið Gleym-mér-ei
Kvenfélagið Hekla / Dagný Úlfarsd.
Kvenfélagið Iðunn
Kynning og markaður - KOM ehf
Landsbankinn hf
Landsnet hf
Landssamband lögreglumanna
Landsvirkjun
Launafl ehf
Lífland ehf
Löggiltir endurskoðendur ehf
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Mangó ehf
Marel Food System hf
Matstofan ehf
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Merlo ehf
Milli Vina menntasetur ehf
Mosfellsbakarí hf
MP banki hf
Mörk ehf, gróðrarstöð
Nanna ehf
Nexus afþreying ehf
Nonni litli ehf
Norðurorka hf
Orlofsbyggðin Illugastaðir
Pílus ehf
Pípulagnaþj. Bjarna Fannberg Jónasson ehf
PON-Pétur O Nikulásson ehf
Pottagaldrar
Póstdreifing ehf
Premmi sf
Rafbreidd ehf
Rafha ehf
Rafport ehf
Rangá sf
Rarik ohf
Renniverkstæði Jens Tómassonar
Reykjanesbær
Réttur - Aðalsteinsson & Partners ehf
Runólfur Hallfreðsson ehf
Samband austur-húnvetn. kvenna
Samey hf
Samfylkingin
Samhentir - umbúðalausnir ehf
Samherji hf
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, SSF
Samvirkni ehf
Satúrnus ehf
Seðlabanki Íslands
Seigla ehf
Siesta-Sól ehf - Sólbaðstofan Sælan
Sigurborg ehf
Síldarvinnslan hf
Sílfell ehf
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Skinney - Þinganes hf
Skútustaðahreppur
Skýlið ehf
Snæland Grímsson ehf
SORPA bs
Sorpsamlag Þingeyinga ehf
Spennubreytar
Starfsmannafélag Reykjavíkur
Starfsmannafélag Suðurnesja
Stekkur ehf
Sunnugarður ehf
Sushi smiðjan ehf
Svalþúfa ehf
Sveitarfélagið Skagaströnd
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sögur ehf
Tannbjörg ehf
Tannlæknast. Jónasar Ragnars ehf
Tapas ehf
Teiknistofan Eik ehf
Teiknistofan Tröð ehf
Themis ehf lögmannsstofa
Tæknivörur ehf
Umbúðamiðlun ehf
Veiðivon
Veisluþjónustan ehf
Veitingastaðurinn Fljótið ehf
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur
Verkalýðsfélag Suðurlands
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkstjórasamband Íslands
Vermir sf
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Verslunartækni ehf, Reykjavík
Vetrarsól ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
Viðskiptahúsið ehf
Viðvík slf
Vignir G. Jónsson hf
Vísir hf
VR
Vörubílastöðin Þróttur hf
Yndisauki ehf
Þ.B. Borg - steypustöð ehf
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf
Þjónustumiðstöðin Vegamót ehf
Þvottabjörn ehf
Örninn Hjól ehf




## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

### Þjónusta

Er tími kominn á að hætta að reykja, léttast, auka sjálfstraustið, eða taka burt kvíða. Þetta er hægt að gera með dáleiðslu. Allir viðskiptavinir mínir eru ánægðir með árangurinn sem hefur náðst. Hringið í Alan í s. 775 7336 eða sendið email á flowwithyourgo@hotmail.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

## HEIMILIÐ

### Dýrahald

Bulldog til sölu, er með enskan bulldog sem verður 3. ára í sept. Mjög barngóður og skemmtilegur hundur, aðeins gott heimili kemur til greina, uppl. í S. 898 - 2225 eftir kl. 16.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

### Fasteignir



**Byggingarlóð fyrir fjölbýlishús til sölu**
Til sölu 1351 fm lóð við Freyjubrunn í Úlfarsfelli. Byggja má 13 íbúðir + bílskýli. Gatnagerðargjöld eru greidd. Ekkert áhvíl. Verð 43.0 millj. Stefán Hrafn hdl gefur uppl. s: 895-2049

### Sumarbústaðir

Sumarhús á Seyðisfirði til leigu. Viku í senn, hægt að sjá nánar á facebook-sumarhús á Seyðisfirði. Laust í Ágúst. Uppl. 895 4948 & 846 1206.

### Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**STAY APARTMENTS**
STAY APARTMENTS leitar eftir þernu í fullt starf. 20 ára eða eldri. Dagvinna og 2. hver helgi. Góð laun fyrir duglegan starfskraft. Vinsamlegast sendið umsóknir í stay@stay.is

Kvikkfix leytar af manneskju í móttöku, lærða bifvélavirkja og mann á verkstæði. Áhugasamir sendi tölvupóst á kvikkfix@kvikkfix.is

Sölufólk óskast í aukavinnu! Nánari upplýsingar á kynstrin@kynstrinoll.is og í s. 690-3569

Stýrimann vantar á tæplega 200 tonna rækjubát. Upplýsingar í síma 845 3480.

### Tilkynningar

Sveitarfélagið ÁLFTANES

# Íbúafundur í kvöld

Álftnesingar munið íbúafundinn í kvöld kl. 20 í hátíðarsal íþróttamiðstöðvarinnar

Bæjarstjórn Álftaness


BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

### Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Þrastarhöfði 2, íbúð 304 - 270 Mosfellsbær**




**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**
Falleg 107,8 fm, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli með miklu útsýni við Þrastarhöfða 2 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 4ra herbergja 100,2 m2 íbúð á efstu hæð, ásamt 7,6 m2 geymslu. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, hol, þvottahús, baðherbergi, stofu, borðstofu og eldhús. **V. 27,3 m.**

**Klapparhlíð 1, íbúð 405 - 270 Mosfellsbær**




**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**
Glæsileg 121,2 m2 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri, með geymslu og bílastæði í bílakjallara við Klapparhlíð 1 í Mosfellsbæ. **V. 39,9 m.**

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
**Sími 562 4250**
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali


Hilmar Óskarsson Framkvæmdar-stjóri


Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali


Guðjón Sigurjónsson Sölumaður

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

# LUNDUR 86-90 – Fossvogsdalur






Stórglæsilegar íbúðir að Lundi 86-90 í Fossvogsdal. Húsin eru 4ra til 6 hæða. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 100,1 fm. til 143,0 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**



**HJALLAVEGUR**
Einbýlishús, áhvílandi 27,5 millj, Verð 32,9 millj.



**SELVOGSGRUNN**
Sérhæð með bílskúr, velskipulögð, verð 41 millj.



**EFSTIHJALLI**
4ra herbergja, vel skipulögð íbúð, stutt í þjónustu, verð 20.7 millj.



**BREKKHUHÚS**
2ja herbergja raðhús, glæsileg íbúð, flottar innréttingar, verð 19.9 millj.



**SMYRILSHÓLAR**
5. herb., Gott skipulag, Nýlegt parket, áhvílandi 18.5millj, Verð 21,9 millj.



**LEIRUTANGI**
Einbýli, ein hæð, flottur garður, mikið áhvílandi, verð 59.5 millj

# tímamót

timamot@frettabladid.is



97 **BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR** (1856-1940) var ein þeirra kvenna sem hélt kvenréttindadaginn hátíðlegan í fyrsta sinn á þessum degi árið 1915.

*„Tíminn er dýrmætastur af öllu því hann er ófáanlegur þegar hann er liðinn.“*


†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN JÓNA LÁRUSDÓTTIR**
**Vogatungu 65, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 16. júní sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Lárus Einarsson** — **Sólveig Þórhallsdóttir**
**Sigurvin Einarsson** — **Kristín Reimarsdóttir**
**Magnús Geir Einarsson** — **Friðbjörg Einarsdóttir**
**Kristján Einar Einarsson**
**Auður Einarsdóttir** — **Kristján Guðbjörnsson**
**Arnar Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Móðir okkar,

**MARÍA SIGURLAUG ÞÓRA JÓNSDÓTTIR**
**frá Húnsstöðum,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi þriðjudaginn 12. júní síðastliðinn. Útförin verður frá Blönduóskirkju föstudaginn 22. júní nk. kl. 14.00.

**Fyrir hönd allra aðstandenda,**

**Sigurbjörg Björnsdóttir**
**Gréta Björnsdóttir**
**Jón Björnsson**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**SIGURÐUR SIGURJÓNSSON**
**húsgagnasmíðameistari,**
**Suðurhlíð 38C,**
**Reykjavík,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut að kvöldi laugardagsins 16. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. júní kl. 11.00.

**Áslaug Emilía Jónsdóttir**
**Ingibjörg Bryndís Sigurðardóttir** — **Örn Halldórsson**
**Sif Arnardóttir** — **Halldór Smári Arnarson**
**Kjartan Sigurjónsson** — **Bergljót S. Sveinsdóttir**
**Sigurjón Bolli Sigurjónsson** — **Jóhanna E. Vilhelmsdóttir**
**Bryndís Sigurjónsdóttir** — **Guðmundur Þorgeirsson**

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**FINNBOGI REYNIR GUNNARSSON**
**Langeyrarvegi 20, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi fimmtudagsins 14. júní.

**Þórdís Egilsdóttir**
**Gunnar Egill Finnbogason** — **Halla Jónsóttir**
**Málfríður Finnbogadóttir** — **Jóhannes Tómasson**
**Reynir Þór Finnbogason** — **Kristín Waage**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Okkar elskulegi

**JAKOB TRYGGVASON**

andaðist á Landakotsspítala sunnudaginn 17. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hallfríður, Birgir og Valgerður Jakobsbörn og fjölskyldur**
**Áslaug Stephensen**
**Bjarney Tryggvadóttir**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**





**FRÁ BJARKALUNDI** Eigendur hótelsins, Árni Sigurpálsson, Kolbrún Pálsdóttir og Oddur Guðmundsson eru í óðaönn að undirbúa veglega afmælishátíð um þar næstu helgi, í tilefni af 65 ára afmæli elsta sumarhótels á landinu.

**HÓTEL BJARKALUNDUR:** ELSTA SUMARHÓTEL LANDSINS 65 ÁRA Í SUMAR

# Stöndum í þakkarskuld við frumkvöðlana

Hótel Bjarkalundur, elsta sumarhótel landsins, fagnar 65 ára afmæli í sumar. Í tilefni af því ætla eigendur hótelsins að blása til veglegrar afmælisveislu í Þorskafirði 29. og 30. júní næstkomandi en vígsluhátíðin var haldin 29. júní 1947.

„Þetta hús á sér mikla og ríka sögu,“ segir Kolbrún Pálsdóttir, einn eigenda Bjarkalundar. Árið 1945 ákvað Barðstrendingafélagið að byggja gistiskála á þessum slóðum og fékk að gjöf land við Berufjarðarvatn, á einum fegursta og besta stað í sveitinni. Tveimur árum síðar var það tekið í notkun, um 300 fermetrar að stærð og með gistipláss fyrir fjörutíu manns. Allt var þetta unnið í sjálfboðavinnu. Það blasti kannski ekki við þá en 65 árum síðar er ljóst hvílíkir frumkvöðlar þessir menn voru sem stóðu að þessu framtaki. Barðstrendingafélagið verðskuldar ævarandi virðingu og þakkir fyrir þennan einstæða dugnað og framsýni.“

Kolbrún var í óðaönn að undirbúa afmælisdagskrána þegar blaðamaður heyrði í henni hljóðið.

„Við ætlum að vera með veglega dagskrá,“ segir hún. „Á föstudeginum byrjum við á grillveislu í boði Bjarkalundar og um kvöldið kveikjum við varðveld. Hann verður tendraður með svolítið sérstæðum hætti; það er stúlka hér í sveitinni sem er mjög slungin bogaskytta og hún ætlar að tendra bálið með logandi ör.“

Á laugardaginn verður þráðurinn tekinn upp aftur með helgistund en að henni lokinni mun Guðjón Arnar Kristinsson, fyrrverandi alþingismaður, halda afmælisræðu. „Frænka hans var lengi hótelstýra svo hann þekkir staðinn vel og hefur til hans sterkar taugar.“

Að því loknu taka konur úr Reykhólasveit sem kalla sig Litlu flugurnar lagið og sýndar verða myndir frá árdögum Bjarkalundar undir kaffihlaðborði.




**DAGVAKTIN** Önnur þáttaröðin í Vaktabálkinum gerðist í Hótel Bjarkalundi og vekja minjagripir úr þáttunum athygli gesta.

„Um kvöldið verður sérstakur hátíðarkvöldverður, sem fólk er beðið að bóka sig í fyrir fram,“ segir Kolbrún. Smiðshöggið verður svo rekið á afmælishátíðina um kvöldið þegar hljómsveitin Skógarpúkarnir slær upp balli.

„Margir minnast dansleikjanna á árum áður. Þá var líflegt hér í lundinum og við ætlum að freista þess að endurvekja þá stemningu.“

Kolbrún segist finna það á hverjum degi að Bjarkalundur eigi sér marga velunnara, en ýmsar breytingar hafa verið gerðar á hótelinu í gegnum tíðina og það stækkað.

„Það hefur alveg ótrúlegur fjöldi fólks unnið hér í gegnum tíðina, auk þess sem þetta er einn helsti áningarstaður ferðalanga á Vestfjörðum og margir sem koma hingað ár eftir ár.“

Orðspor hótelsins barst enn víðar þegar sjónvarpsþátturinn Dagvaktin var tekinn upp í Bjarkalundi og hefur Læðunni, bílskrjóði Ólafs Ragnars, verið komið fyrir í Bjarkalundi sem minnisvarða.

„Það eru mjög margir forvitnir um þættina,“ segir Kolbrún. „Oft komu hingað gestir sem vildu endilega fá að koma inn í eldhús og sjá staðinn þar sem Georg Bjarnfreðarson gerði út af við aumingja Guggu.

Stundum var varla vinnufriður í eldhúsinu, þannig við brugðum á það ráð að hengja pönnuna sem hann notaði fram í matsal,“ segir Kolbrún og hlær. „Og þar hefur hún vakið óskipta athygli.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

**ÞETTA GERÐIST:** 19. JÚNÍ 1960

## Fyrsta Keflavíkurgangan

Þennan dag árið 1960 var fyrsta Keflavíkurgangan gengin en göngurnar voru mótmælaaðgerðir sem Samtök hernámsandstæðinga og síðar Samtök herstöðvaandstæðinga stóðu fyrir í baráttu sinni gegn veru bandaríska herliðsins á Íslandi á árunum 1951 til 2006.

Ýmis félagasamtök hernáms- og herstöðvaandstæðinga stóðu fyrir samanlagt ellefu Keflavíkurgöngum en margar þeirra voru með mestu fjöldaaðgerðum 20. aldar á Íslandi.

Göngurnar fóru þannig fram að þátttakendur söfnuðust saman við hlið herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Þar var haldinn upphafsfundur og síðan gengið undir fánum og kröfuspjöldum sem leið lá til Reykjavíkur, en leiðin var hátt í 50 kílómetra löng. Eftir því sem nær dró Reykjavík fjölgaði jafnan í göngunni en stuttir fundir voru haldnir á hvíldarstöðum á leiðinni.

Aðgerðirnar enduðu svo með fjöldafundi í miðborginni, oftast á Lækjartorgi.



orkan.is/sumarleikur




# -7 kr. í 2 vikur




## Sumarleikur Orkunnar




Skráðu **2 vikna tímabil** í sumar á **orkan.is** og fáðu **7 kr. afslátt** með kortum og lyklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Afslátturinn gildir á bensínstöðvum Orkunnar og Shell um allt land allan tímann. Vinsamlegast athugið að 7 krónu afslátturinn bætist ekki við annan afslátt.

**Orkulykillinn** – *hagkvæmasti ferðafélaginn*

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ílát, **6.** samanburðart., **8.** hestaskítur, **9.** aum, **11.** ónefndur, **12.** táknmynd, **14.** skýli, **16.** í röð, **17.** fiskilína, **18.** upphaf, **20.** tvíhljóði, **21.** engi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mælieining, **3.** bardagi, **4.** fugl, **5.** fag, **7.** kennslubók, **10.** ar, **13.** holufiskur, **15.** innyfli, **16.** geislahjúpur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. vasi, 6. en, 8. tað, 9. sár, 11. nn, 12. ímynd, 14. skáli, 16. áb, 17. lóð, 18. rót, 20. au, 21. akur.
**LÓÐRÉTT:** 1. desi, 3. at, 4. sandlóa, 5. iðn, 7. námsbók, 10. ryk, 13. nál, 15. iður, 16. ara, 19. tu.






# Bara örfá dæmi

**BAKÞANKAR**
**Erlu Hlynsdóttur**



Vinkonu minni hefur verið nauðgað þrisvar. Hún lagði aldrei fram kæru. Hún er lesbía. Einn af þeim sem nauðguðu henni var æskuvinur hennar. Hann vissi að hún var lesbía en var samt sannfærður um að ef hún fengi alvöru karlmann inn í sig þá myndi hún skipta um skoðun. Hún var áfengisdauð þegar hann tók þessa ákvörðun. Þegar hún vaknaði með hann inni í sér fannst henni sem heimur hennar hefði hrunið. Hún hætti að tala við „vin" sinn. En hún vissi að hann var góður gaur og lagði ekki fram kæru. Hún vissi að hann meinti þetta ekki.

**ÉG VAR** um tvítugt þegar ég húkkaði mér far eftir djammið. Þeir voru tveir sem stoppuðu, afskaplega indælir. Annar keyrði og hinn sat aftur í hjá mér. Þegar hann reyndi að nauðga mér fór ég að gráta. Hann stoppaði samt ekki og ég man hvað ég var hissa. Ég var svo hissa á því að einhver vildi ríða grátandi stelpu. Á meðan hann var að klæða mig úr buxunum reyndi ég að finna símann minn. Ég barðist með fótunum en leitaði að símanum mínum því í einhverjum veruleika sá ég fyrir mér að ég myndi geta hringt á hjálp. Ég kýldi hann og sparkaði, ég opnaði hurðina á bílnum á meðan við vorum á ferð og ég reyndi að henda mér út úr bílnum á allt of mikilli ferð. Það endaði með því að bílstjórinn stoppaði og ég hljóp út. Honum hefur væntanlega verið annt um bílhurðina. Aldrei sagði ég mínum nánustu frá þessu. Þeim fannst ég óábyrg að týna símanum mínum.

**ÞAÐ VAR** löngu áður sem ég fór á mína fyrstu útihátíð. Þar hitti ég stelpu sem ég kannaðist við. Hún var í fylgd nokkurra drengja. Hún var full. Ég kastaði kveðju á hana og hélt áfram. Ég gleymi því aldrei þegar ég heyrði að henni hefði verið nauðgað af átta karlmönnum. Mér fannst ég hafa átt að koma henni til bjargar. En þetta var ekki mér að kenna. Þetta var ekki henni að kenna. Þetta voru þeir, sem ákváðu saman, átta drengir, að nauðga einni stelpu.

**ÞETTA ERU** bara svona örfá dæmi. Hvað þekkir þú marga sem hefur verið nauðgað?

**P.S.:** Kunningjakona mín sagði mér um daginn að hún þekkti engan sem hefði verið nauðgað. Ég sagði henni að hún vissi þá bara ekki af því.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Stór nöfn á styrktartónleikum

„Við viljum eiga saman ánægjulega kvöldstund og styrkja hann Davíð okkar í leiðinni,“ segir stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson, einn aðstandenda styrktartónleika fyrir Davíð Örn Arnarsson sem berst við krabbamein í hálsi.

Margt af vinsælasta tónlistarfólki landsins mun stíga á svið á tónleikunum og segir Björgvin sífellt bætast á listann. Meðal þeirra sem þegar eru staðfestir eru Bubbi Morthens, Sálin hans Jóns míns, Brimkló, Krummi, Jón Jónsson, KK og auðvitað Bó sjálfur. Davíð Örn er 31 árs gamall. Hann var greindur með krabbamein árið 2008 og hefur att harða baráttu við það síðan. Hann er sonur þeirra Arnars Sigurbjörnssonar og Sigrúnar Sverrisdóttur, en Arnar var gítarleikari í hljómsveitunum Brimkló, Flowers og Ævintýri. „Þar er tengingin við marga af þessum frábæru aðilum sem að tónleikunum koma. Ég er til dæmis búinn að þekkja Davíð frá því hann var barn,“ segir Björgvin. Allir sem að tónleikunum koma gera það ókeypis svo ágóði tónleikanna rennur óskertur til styrktar Davíð og fjölskyldu hans, en hann er kvæntur með eina dóttur og eina stjúpdóttur.

Tónleikarnir verða klukkan 21 næstkomandi fimmtudagskvöld í Austurbæ og er miðasala í fullum gangi á midi.is. „Það er mikill gangur í miðasölunni og við búumst við fullu húsi á fimmtudaginn. Ég hvet fólk því til að tryggja sér miða áður en það verður of seint, því það verða bara þessir einu tónleikar,“ segir Björgvin.

- trs



**TAKA ÞÁTT** Eilífðartöffararnir í Sálinni hans Jóns míns láta ekki sitt eftir liggja og stíga á svið.



**ARI BRAGI KÁRASON** Trompetleikarinn hlaut verðlaun úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara 2012.

# Hlaut milljón í verðlaun

Trompetleikarinn Ari Bragi Kárason hlaut þann 16. júní síðastliðinn verðlaun úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara. Verðlaunaféð nemur einni milljón króna. Þetta er í fjórða sinn sem verðlaunum er úthlutað úr minningarsjóðnum.

Ari Bragi, sem er fæddur 9. febrúar 1989, útskrifaðist af klassískri braut Tónlistarskóla FÍH 2007 og af jazz- og rokkbraut 2008. Frá hausti 2008 hefur hann stundað nám við The New School of Jazz and Contemporary Music í New York.

Ari Bragi hefur hlotið ýmsar viðurkenningar á ferli sínum. Má þar nefna afreksverðlaunin Maddy Award frá Interlochenskólanum í Michigan 2006 og námsstyrk frá Minningarsjóði Árna Scheving sem hann hlaut 2008. Hann var valinn fyrirliði norrænnar ungdjasskeppni 2007 til 2010 og árið 2011 hlaut hann íslensku tónlistarverðlaunin í flokknum „bjartasta vonin“.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 19. júní 2012**

**➜ Tónlist**

**20.00** Þýski spunatónlistarmaðurinn Christoph Schiller, Ríkharður Friðriksson og fleiri meðlimir S.L.Á.T.U.R. samtakanna taka þátt í spunakenndu verki tengdu sýningunni Volumes of Sound í Nýlistasafninu.

**21.00** Tríó saxófónleikarans Óskars Guðjónssonar kemur fram á jazztónleikaröð KEX Hostels, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Ómar Einars heldur tónleika á Café Rosenberg.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér nánar skilmála vaxtagreiðsluþaksins og þær tegundir lána sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.

**Kostir vaxtagreiðsluþaks**
· Léttir greiðslubyrði ef vextir hækka
· Dregur úr óvissu og veitir öryggi
· Lánstími lengist ekki
· Óverðtryggð lán geta hraðað eignamyndun

**Ókostir vaxtagreiðsluþaks**
· Hluta vaxtagreiðslunnar er frestað
· Höfuðstóll hækkar ef vextir lánsins eru umfram vaxtagreiðsluþakið
· Hærri höfuðstóll hækkar heildarvaxtakostnað lánsins

**Allar upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is**

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# menning

menning@frettabladid.is

**FYRIR HELGI** hófst bókauppboð Bókarinnar á Klapparstíg og Gallerí Foldar á vefnum Uppboð.is. Alls verða 115 bækur úr einkabókasafni Lúdviks Storr, ræðismanns og stórkaupmanns í Reykjavík, boðnar upp. Bækurnar eru margar hverjar áritaðar, flestar í vönduðu skinnbandi og bundnar af bókbandsmeisturum. Uppboðið stendur til 8. júlí.

# Frystiklefinn undir Jökli

**Frystiklefinn er leikhús á Rifi á Snæfellsnesi þar sem Kári Viðarsson leikari hefur komið upp góðri aðstöðu. Um þessar mundir sýnir leikhúsið Trúðleik sem hefur fengið lof gagnrýnenda. Flestir gestir leikhússins eru af höfuðborgarsvæðinu.**

Í leikhúsinu Frystiklefanum á Rifi á Snæfellsnesi er um þessar mundir sýndur Trúðleikur í leikstjórn Halldórs Gylfasonar. Kári Viðarsson rekur leikhúsið í húsi þar sem eitt sinn var fiskvinnsla. Hann er alinn upp á Hellissandi og starfar því í heimabyggð sinni á Snæfellsnesi.

Trúðleikur er þriðja leiksýningin sem sett er á svið í Frystiklefanum. Ásamt Kára leikur Benedikt Karl Gröndal í sýningunni sem hefur fengið mikið lof meðal gagnrýnenda.

Kári útskrifaðist frá Rose Bruford College í Lundúnum árið 2009 og starfaði þar í eitt ár eftir útskrift. Þá kom hann heim og fékk hugmyndina að Frystiklefanum. „Ég var að vinna hérna þegar ég var fjórtán ára," segir Kári. „Húsið hefur verið nýtt sem geymsla síðan um aldamótin. Fólkið sem á húsið geymdi bara fullt af dóti hérna svo ég spurði hvort ég mætti ekki nýta það undir leikhús. Það var vel tekið í það og vinna hófst strax við að breyta því í leikhús."



**GENGUR VEL** Kári er hér með hundi sínum Sólu en hann hefur umbreytt húsi gamallar fiskvinnslu á Rifi í leikhús. Hann vann í fiskvinnslunni þegar hann var fjórtán ára. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Gestirnir aðallega úr borginni

Frystiklefinn hefur því verið starfræktur í þrjú sumur. Í leikhúsinu eru tvö leikrými auk forsals sem hentar vel undir tónleikahald og þess lags skemmtanir. „Stærra leikrýmið sem við erum með er alveg 240 fermetrar," bendir Kári á. Fyrsta sýningin fór fram í minna rýminu þar sem eitt sinn var frystiklefi fiskvinnslunnar sem starfrækt var í byggingunni.

„Aðsóknin er mjög góð. Við erum núna með sæti fyrir sextíu manns," segir Kári. „Við höfum verið með fleiri sæti, áður en við minnkuðum rýmið. Þá voru sæti fyrir níutíu. Við getum auðvitað haft mikið fleiri, en hér er svo lítill markaður fyrir leiksýningar að ef við myndum fullnýta rýmið með 100 eða 200 sætum gætum við kannski bara fyllt eina sýningu."

Uppselt var á sýningu Trúðleiks á sunnudag og næst er sýnt á fimmtudag. Frumsýnt var þann 1. júní. „Mikill meirihluti gestanna á sýninguna sem við erum með núna er af höfuðborgarsvæðinu. Hingað ekur fólk til að kíkja í leikhúsið. Það fer svo um svæðið og tekur hringinn um Nesið."

Spurður hvort hann höfði til ferðamanna sem sækja Snæfellsnesið segir Kári að það sé ekki gert með markvissum hætti „Við erum aðallega að stíla inn á íslenska ferðamenn. En við látum starfsfólkið á tjaldstæðunum og á hótelunum hér í kring vita. Það vita allir þjónustuaðilar af þessu og segja ferðafólki af því."

„Við höfum ekki skipulagt sérstakar ferðir hingað í leikhúsið. En það er alltaf einhver slæðingur af túristum sem kíkir hingað inn."

## Fjölskylduvæn sýning

Kári segir sýninguna höfða til allra aldurshópa. Hann hafi þó rekið sig á að vera með örlítið blóðuga sýningu í fyrrasumar.

„Þetta er mjög fjölskylduvæn sýning og hentar fyrir alla aldurshópa," segir Kári. „Síðast vorum við með sýningu sem var eiginlega bönnuð börnum. Góðir hálsar var svolítið blóðug enda fjallaði hún um Axlar-Björn, einhvern þekktasta raðmorðingja Íslandssögunnar."

Trúðleikur verður sýndur fram í miðjan júlí en stefnt er að því að ljúka sýningum þegar bæjarhátíð á Hellissandi fer fram. „Við sýnum aðallega um helgar og ætlum að klára þessa sýningu á bæjarhátíð hér á Hellissandi," segir Kári. „Á Sandaragleðinni 13. til 15. júlí verðum við með þrjár sýningar, fimmtudag, föstudag og laugardag."

## Miklar framtíðaráætlanir

Í Frystiklefanum leynast miklir möguleikar. Kári á sér þann draum að innrétta húsið svo hægt sé að bjóða leikurum og leiklistarnemum upp á fullkomna æfingaaðstöðu, með svefnplássi, leikrýmum og öðrum vistarverum. Þannig sér hann fram á að geta haft starfsemi í húsinu á veturna.

„Þá geta leikarar komist út úr sínu reglulega umhverfi," segir Kári.

birgirh@frettabladid.is

# Sýpur sálarhveljur í Galtarvita

Á miðvikudag opnar Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður sýningu í Galtarvita á Vestfjörðum. Opnun sýningarinnar verður fagnað við varðeld og súpu á þessum lengsta degi ársins, sumarsólstöðum.

Hrafnkell hefur dvalið einsamall í faðmi náttúrunnar á Galtarvita um nokkra hríð, en sýninguna vann hann alfarið á staðnum. Hann lýsir vinnufyrirkomulaginu, sem er honum nýlunda, sem eins konar klausturvist, eins og segir í tilkynningu um viðburðinn. Segir hann tilhugsunina um einsemdina, að horfa niður úr fjallinu út á óendanlegt hafið, sem hvelfist um jarðarkúluna, vekja upp tilfinningu um að súpa sálrænar hveljur.

Á sjötta tug listamanna hefur dvalið og unnið að sinni listsköpun á Galtarvita síðan núverandi landeigendur keyptu jörðina og vitann, nokkrum árum eftir að vitavarsla var þar formlega lögð niður, árið 1996.

Leiðin út að Galtarvita er greiðust sé gengið úr Skálavík. Farið er frá Bolungarvík, ekið í Skálavík og gengið þaðan um Bakkadal og um Bakkaskarð. Gott er að reikna með um þremur til fjórum tímum í gönguna, sé farið yfir á þægilegum hraða. Á staðnum er boðið upp á tjaldstæði eða svefnpokapláss og algert net-, síma- og tímaleysi.

Sýningin stendur til 7. ágúst 2012.

- hhs



**HRAFNKELL Á GALTARVITA** Sýning Hrafnkels Sigurðssonar verður opnuð í Galtarvita á sumarsólstöðum. Gestir þurfa að ganga þriggja tíma leið til að vera þar viðstaddir.









E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


30 LJÓSÁR
Rafkaup hefur verið starfrækt í 30 ár.
Fagnaðu með okkur í afmælisvikunni.
Laser Sjón
Laser Sjón
Rafkaup
Rafkaup
Rafkaup
Allt að
30%
afsláttur af
völdum vörum
AFMÆLISVIKA 18. – 22. júní
www.rafkaup.is
Opnunartími:
10:00 – 18:00 virka daga
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800



**28 VIKUR HEFUR** lagið Titanium með DJ David Guetta setið í toppsæti Billboard Dance-listans. Aðeins lagið Thriller með Michael Jackson hefur setið lengur á toppnum, eða í alls 36 vikur.



**KVEÐJA** Orðrómur er á kreiki um að The Rolling Stones ætli að leggja upp laupana á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leggur upp laupana

Hljómsveitin The Rolling Stones mun leggja upp laupana að ári liðnu ef marka má frétt tímaritsins The Mirror.

Sveitin hyggst hætta öllu tónleikahaldi eftir tónleika sína á Glastonbury-hátíðinni næsta sumar.

„Allir meðlimir sveitarinnar eru sammála um að það rétt sé að hætta samstarfinu. Tónleikarnir á Glastonbury verða þeirra síðustu og þeir eru allir fullir tilhlökkunar,“ hafði tímaritið eftir innanbúðarmanni.

Sveitin var stofnuð í London árið 1962 og hefur starfað allar götur síðan. Elsti meðlimur sveitarinnar er trommarinn Charlie Watts sem er 71 árs að aldri.



**AÐLAGAST AÐSTÆÐUM** Jack Osbourne ætlar að takast á við MS-sjúkdóminn og fara vel með sig. Hér er hann með unnustu sinni, Lisu Stelly. NORDICPHOTOS/GETTY

# Greindist með MS

Jack Osbourne greindist með sjúkdóminn MS fyrr í þessum mánuði. Frá þessu segir yngsti sonur Osbourne-fjölskyldunnar í viðtali við breska blaðið Hello. Osbourne, sem er þekktur fyrir þátttöku sína í Osbourne-raunveruleikaþáttunum og sem þáttastjórnandi vestanhafs, segir að það hafi verið erfitt að takast á við sjúkdómsgreininguna.

„Á meðan ég beið eftir svari frá lækninum mínum varð ég mjög reiður. Svo varð ég leiður. En ég áttaði mig á að reiði og leiðindi gera illa verra. Nú einbeiti ég mér að því að aðlagast breyttum aðstæðum og fara vel með mig,“ segir Osbourne en sjúkdómurinn uppgötvaðist þegar hann fór að missa sjón á öðru auganu og fór til læknis.

Foreldrar Jacks, þau Sharon og Ozzy Osbourne, koma líka fram í viðtalinu og segja að þeim hafi brugðið mjög við fréttirnar. „Ég fór að hugsa hvort ég hafi drukkið eitthvað eða borðað vitlaust á meðgöngunni því innst inni kennir maður sjálfum sé um,“ segir Sharon. Jack er nýbakaður faðir en hann og unnusta hans Lisa Stelly eignuðust dóttur í lok apríl á þessu ári.






**KRÖFUHÖRÐ** Madonna er kröfuhörð á tónleikaferðalögum sínum, einkum hvað þægindi varðar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jógakennari með í för

Söngkonan Madonna er á tónleikaferðalagi um þessar mundir og er sögð kröfuhörð hvað vellíðan varðar milli tónleika.

In Touch Magazine segir söngkonuna ferðast með tvö hundruð manna teymi með sér og krefjist þess að auki að hótelherbergin sem hún gisti í séu búin húsgögnum í hennar eigu. Í hópi starfsfólksins má finna þrjátíu lífverði, kokka, nálarstungulækni, jógakennara og þvottakonu.

Í búningsherbergi sínu vill Madonna hafa hvítar og bleikar rósir í blómavösum og grænmetissnarl. „Madonna er sú stjarna sem hefur lengsta kröfulistann og hún ætlast til þess að honum sé fylgt út í ystu æsar,“ hafði tímaritið eftir heimildarmanni.

# Jay Z fékk þotu að gjöf

Feðradagurinn var haldinn hátíðlegur í Bandaríkjunum á sunnudag og ólíklegt er að nokkur hafi fengið stærri gjöf í tilefni dagsins en rapparinn Jay Z.

Jay Z og Beyoncé eignuðust sitt fyrsta barn í byrjun ársins og því var þetta í fyrsta sinn sem rapparinn hélt daginn hátíðlegan. Samkvæmt Mediatakeout.com fékk Jay Z einkaþotu af gerðinni Bombardier Challenger 850 að gjöf frá konu sinni.

Vélin er búin setustofu, eldhúsi, svefnherbergi og tveimur fullbúnum baðherbergjum og er sögð hafa kostað um fimm milljarða króna.



**VEGLEG GJÖF** Jay Z fékk þotu í gjöf frá eiginkonu sinni í tilefni feðradagsins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Feiminn á tökustað

Leikarinn Robert Pattinson kveðst feiminn þegar hann þarf að leika í kynlífssenum í kvikmyndum. Hann segir vandræðagang oft fylgja slíkum tökum og að hann viti sjaldnast hvað hann eigi að segja við mótleikkonur sínar að þeim loknum.

„Slíkar senur eru ávallt erfiðar. Juliette Binoche er ein af mínum uppáhaldsleikkonum og fimm mínútum eftir að hafa hitt hana í fyrsta sinn áttum við að leika í kynlífssenu. Leikstjórinn sagði einfaldlega; „Gerið það bara“, en mér fannst þetta mjög vandræðalegt. Ég þurfti einnig að leika á móti Patriciu McKenzie í einni slíkri senu og hún hafði varla yrt á mig fram að því, ég hélt að hún þoldi mig einfaldlega ekki,“ sagði leikarinn í viðtali við breska GQ.

Pattinson fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Cosmopolis í leikstjórn Davids Cronenberg.



**FEIMINN** Robert Pattinson segist feiminn þegar hann þarf að leika í kynlífssenu. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÁFALL** Meðlimur í föruneyti Radiohead lést er svið sem hljómsveitin átti að koma fram á hrundi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Harma sviðsslys í Toronto

Einn maður lést þegar svið sem hljómsveitin Radiohead átti að leika á í Toronto hrundi til grunna og þrír aðrir slösuðust. Enn er ekki ljóst hvað olli slysinu.

Scott Johnson, hljóðmaður í föruneyti Radiohead, lést er sviðið hrundi og var úrskurðaður látinn á staðnum. Meðlimir sveitarinnar sendu frá sér tilkynningu þar sem þeir segjast miður sín vegna slyssins. „Scott var ljúfur maður, ávallt jákvæður og skemmtilegur. Hann var einstaklega hæfileikaríkur og vel liðinn og við munum sakna hans mjög mikið. Hugur okkar er hjá fjölskyldu Scotts,“ stóð í tilkynningunni.

# Trúir ekki á hjónaband

Kardashian-fjölskyldan sat fyrir svörum hjá spjallþáttadrottningunni Opruh Winfrey fyrir skemmstu og meðal þess sem fjallað var um var skilnaður Kris Jenner og Roberts Kardashian heitins.

Systkinin sögðust hafa verið meðvituð um að skilnaðurinn hafi átt sér stað vegna hjúskaparbrots móður þeirra. „Mér finnst erfitt að takast á við þá vitneskju. Ég hef reynt að setja mig í hennar fótspor en ég get ekki ímyndað mér að ég gæti nokkru sinni gert börnum mínum slíkt. Vegna þessa trúi ég ekki á hjónaband,“ sagði Kourtney Kardashian um atvikið.



**ÓSÁTT** Kourtney Kardashian á erfitt með að fyrirgefa móður sinni að hafa haldið framhjá. NORDICPHOTOS/GETTY




Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði fyrir stuttu úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppþvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrist í henni. Þessi uppþvottavél er í **ecoPLUS**-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki.

**Einnig fáanleg í stáli.*

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum.
Umboðsmenn um allt land.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Verður í Reykjavík um helgar

**Tökur á stórmyndinni Oblivion fara fram hér á landi um þessar mundir og það hefur varla fram hjá neinum farið að aðalleikari myndarinnar, Tom Cruise, er á Íslandi. Sjöundi hluti myndarinnar er tekinn upp hér á landi og helmingur tökuliðsins kemur frá Íslandi.**

Tom Cruise ætlar sér að eyða helgunum í Reykjavík á meðan hann dvelur hér á landi við tökur á stórmyndinni Oblivion, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Tökur á myndinni fara fram fyrir norðan, meðal annars við Hrossaborgir á Mývatnsöræfum, en eins og fram hefur komið hefur leikarinn tekið á leigu glæsihýsið Hrafnabjörg í Eyjafirði á meðan á tökum stendur.

Leikarinn flaug hingað til lands með einkaflugvél á föstudaginn ásamt eiginkonu sinni Katie Holmes og dóttur þeirra Suri. Ekki er vitað hvort mæðgurnar fóru norður með leikaranum á mánudaginn en fjölskyldan dvaldi í svítunni á Hótel Hilton Reykjavik Nordica og má því gera ráð fyrir því að Cruise ætli sér að dvelja þar næstu helgar og njóta höfuðborgarinnar.

Tökulið Oblivion samanstendur af 300 manns og þar af er helmingurinn Íslendingar samkvæmt Claire Raskind, fjölmiðlafulltrúa myndarinnar. Hún segir jafnframt að liðið hafi verið að stilla saman strengi um helgina áður en haldið var norður á sunnudag og mánudag og bætir við að þeim hafi verið sagt að tökuliðið hafi tæmt bílaleigur landsins af jeppum.

Það var íslenska landslagið sem heillaði leikstjórann Joseph Kosinski er hann kom fyrst til landsins fyrir ári til að leita að tökustöðum. Sjöundi hluti myndarinnar er tekinn hér á landi en aðrir tökustaðir eru Louisiana, New Orleans, New York og Kalifornía. Tökur hefjast í vikunni og standa yfir næstu 2-3 vikurnar.

Aðalframleiðandi myndarinnar er Universal Pictures en undirbúningsteymi hefur verið við störf hér á landi síðustu átta vikurnar. Ráðgert er að tökum á myndinni ljúki um miðjan júlí en Oblivion verður frumsýnd þann 26. apríl á næsta ári. Fyrir utan Tom Cruise leika Morgan Freeman, Melissa Leo og Andrea Riseborough í myndinni.



**Á SETTINU** Tom Cruise var glaðbeittur á setti þegar Oblivion var í tökum í New York á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

## STÓRMYNDIN OBLIVION Í TÖLUM

Tökuliðið kemur meðal annars frá **Bandaríkjunum**, **Póllandi**, **Þýskalandi** og **Bretlandi**.




Talið er að framleiðsla myndarinnar kosti *130 milljónir dala.*

Það eru um *16 milljarðar* íslenskra króna.

Undirbúningur fyrir myndina hefur staðið yfir hér á landi í *8 vikur.*

Tökuliðið hyggst vera á Íslandi í *2 til 3 vikur.*

**TOM CRUISE...**

...kom til landsins ásamt fjölskyldu sinni 15. júní.

...er *49 ára* gamall.

...verður *fimmtugur* 3. júlí næstkomandi.

...er *172 cm* á hæð.




Myndin verður frumsýnd **26. apríl** á næsta ári.

# Bieber maður helgarinnar

Justin Bieber var svo sannarlega í sviðsljósinu þegar kanadísku tónlistarverðlaunin, MuchMusic Video Awards, voru veitt síðasta sunnudag. Hann hlaut tvenn verðlaun, það er sem uppáhaldslistamaður hátíðarinnar og fyrir alþjóðlegt myndband ársins með kanadískum listamanni, og ekki nóg með það, heldur stal hann athyglinni þegar hann birtist á rauða dreglinum með litla bróður sinn í fanginu. Sá heitir Jaxon Bieber og er rúmlega tveggja ára.

Bieber hlaut flest verðlaun allra listamanna á hátíðinni ásamt Carly Rae Jepsen sem hlaut tvenn verðlaun fyrir myndband sitt við popplagið Call Me Maybe, sem situr í toppsæti bandaríska Billboard-listans um þessar mundir. Til gamans má geta þess að vinsældir Jepsen má rekja til myndbands sem Bieber og félagar hans gerðu við lagið og birtu í netheimum.

Bieber nýtti helgina ekki einungis með bróður sínum heldur lyfti hann sambandi sínu og kærustunnar, Selenu Gomez, upp í nýjar hæðir með rómantísku þyrluflugi yfir Níagarafossa á sunnudaginn milli æfinga fyrir verðlaunahátíðina. Ekki er þó um óvenjulegt stefnumót að ræða hjá ungstirninu en hann er vanur að tjalda öllu sem til er fyrir kærustuna.



**LITLI BRÓÐIR** Justin Bieber stal athyglinni á MuchMusic Video Awards um helgina með bróður sinn í fanginu. Hér er hann ásamt Carly Rae Jepsen en þau voru bæði sigurvegarar á hátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| PROMETHEUS 3D | 7, 10 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |
| FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 4 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| PRIANHA 3D ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| INTOUCHABLES ÍSL. TEXTI | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PIRANHA 3D | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3DD | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.45 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ M/ ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:10 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ENSKU. TALI | KL. 4 - 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 5:20-8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 3:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 3D | L |
| RAVEN | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| LOL | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 3:30 - 4 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| PROMETHEUS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 6 - 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 3:30 | 2D | L |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 3D | 10 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTXT M/ ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:10 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| LOL | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ÍSL TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ENSKU TALI - ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 3D | L |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 3D | 16 |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| IMPY´S WONDERLAND M/ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

ÞRIÐJUDAGUR: **UNG (GOODBYE FIRST LOVE)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ TYRANNOSAUR 18:00 ■ IRON SKY 22:10 ■ *BLACK'S GAME* 20:00, 22:00

21. JÚNÍ: **MARLEY + REGGÍHÁTÍÐ!**

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



## HREYFING TIL FYRIRMYNDAR



# TAKK FYRIR DAGINN!

Frábær þátttaka var í

**Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ**

á laugardaginn.

Um 15.000 konur tóku þátt í hlaupinu á 80 stöðum um allt land og á 16 stöðum erlendis.

Brjóstahaldarasöfnunin gekk vel og mun Rauði krossinn sjá um að koma fatnaðinum sem safnaðist til kvenna sem á þurfa að halda um allan heim.

**Við þökkum öllum sem tóku þátt og gerðu þennan dag svona skemmtilegan.**

**Sjáumst hressar á næsta ári!**

100

1912-2012

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-0892

# sport

sport@frettabladid.is



**HELGA H. MAGNÚSDÓTTIR** sem setið hefur í mótanefnd Evrópska handknattleikssambandsins undanfarin tólf ár er í framboði til framkvæmdastjórnar sambandsins. Helga gæti skráð nafn sitt á spjöld sögunnar en kona hefur aldrei setið í stjórninni. Kosið verður á ársþingi sambandsins í Mónakó á laugardag.

## ÚRSLIT

### EM í knattspyrnu:

**Króatía-Spánn** **0-1**
0-1 Jesús Navas (88.)

**Ítalía-Írland** **2-0**
1-0 Antonio Cassano (35.), 2-0 Mario Balotelli (90.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Spánn** | **3** | **2** | **1** | **0** | **6-1** | **7** |
| **Ítalía** | **3** | **1** | **2** | **0** | **4-2** | **5** |
| Króatía | 3 | 1 | 1 | 1 | 4-3 | 4 |
| Írland | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-9 | 0 |

**LEIKIR DAGSINS:**

**England - Úkraína** **kl. 18.45**
**Svíþjóð - Frakkland** **kl. 18.45**



**SANDRA MARÍA** Brosti út að eyrum eftir fyrsta landsleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sandra og Margrét Lára:

## Keimlík fyrstu landsliðsspor

**FÓTBOLTI** Hin 17 ára gamla Sandra María Jessen skoraði með sinni fyrstu snertingu í sínum fyrsta landsleik þegar Ísland vann 3-0 sigur á Ungverjalandi í undankeppni EM um helgina.

Svo skemmtilega vill til að þessi draumabyrjun hennar á mjög margt sameiginlegt með fyrstu sporum markadrottningarinnar Margrétar Láru Viðarsdóttur í A-landsliðinu.

Margrét Lára skoraði líka með sinni fyrstu snertingu í sínum fyrsta leik í sigri á Ungverjum í júnímánuði 2003, þá á 17. ári. Margrét Lára tók sér reyndar fjórar mínútur í að komast á blað en Sandra María skoraði eftir aðeins þrjár mínútur. **- óój**

# Stelpurnar bakdyramegin til Serbíu

**Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik verður meðal þátttökuþjóða á Evrópumótinu í desember. Í gær var tilkynnt að Serbar myndu hlaupa í skarðið fyrir Hollendinga sem gáfu gestgjafahlutverkið frá sér á dögunum. Ísland hafði bestan árangur liða í þriðja sæti riðils síns í undankeppninni og fer því til Serbíu.**

**HANDOLTI** „Þetta eru frábærar fréttir fyrir íslenskan kvennahandbolta. Algjörlega stórkostlegar,“ segir Hrafnhildur Skúladóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins, sem var skiljanlega í skýjunum eftir að hafa heyrt tíðindin í gær.

Íslenska liðið fékk sæti Hollendinga sem hættu við að halda keppnina á dögunum. Serbar, sem þegar höfðu tryggt sér þátttökurétt á mótinu, verða gestgjafar og því fékk Ísland sætið með bestan árangur þeirra liða í undankeppninni sem höfðu ekki komist áfram.

„Um leið og við lentum í Keflavík eftir Úkraínuleikinn sagði Einar (Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ) mér að Hollendingar væru hættir við að halda keppnina. Þá rauk ég í tölvuna og sá að við vorum með bestan árangur í þriðja sætinu. Þetta er stórkostlegt,“ segir Hrafnhildur. Miðað var við árangur þjóðanna í þriðja sæti gegn liðunum tveimur í sætunum fyrir ofan. Ísland og Pólland unnu bæði einn leik af fjórum en markatala Íslands úr leikjunum var betri og munaði þar ellefu mörkum.

### Var orðin fáránlega bjartsýn

„Einhver sagði við mig að það yrði miklu erfiðara fyrir mig að kyngja því að fá ekki þetta pláss en að tapa upphaflega á móti Úkraínu. Ég var orðin það fáránlega bjartsýn,“ segir Hrafnhildur en þetta er þriðja stórmótið í röð sem kvennalandsliðið mætir á þó svo liðið fari bakdyramegin inn í þetta skiptið.

„Þetta er náttúrulega fáránlegt en þetta hefur gerst tvisvar hjá karlaliðinu,“ segir Hrafnhildur og rifjar upp Ólympíuleikana 1984 og 1992 þegar karlalandsliðið fékk óvænt sæti á leikunum. Liðið náði góðum árangri í bæði skiptin og fróðlegt verður að fylgjast með gengi stelpnanna í Serbíu.

### Serbía kom strax upp í kollinn

Fjölmargar þjóðir lýstu yfir áhuga á að halda mótið þegar Hollendingar hættu við. Helga H. Magnúsdóttir, sem situr í mótanefnd Evrópska handknattleikssambandsins, segir Serbíu góðan kost.

„Serbía var fyrsta landið sem kom upp í hugann þegar þessi ósköp gengu yfir. Serbar voru nýbúnir að halda karlamótið sem þeir gerðu mjög vel. Það er allt klárt þar sem skiptir máli með svo stuttum fyrirvara. Það verða notaðir sömu keppnisstaðir og þeir segja að mannskapurinn sé tilbúinn og allt klárt,“ segir Helga.

Serbar verða einnig gestgjafar á heimsmeistaramótinu í handbolta kvenna í desember 2013 og segir Helga að handknattleiksforysta landsins njóti greinilega mikils stuðnings yfirvalda þar í landi.

Helga segir það strax hafa litið þannig út að Ísland myndi hljóta lausa sætið ef nýr gestgjafi yrði þjóð sem hefði þegar tryggt sér þátttökurétt á mótinu.

„Þetta var eiginlega borðleggjandi en maður þorir aldrei að fullyrða neitt fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir,“ segir Helga sem segir að þó hafi komið upp í umræðunni að Holland og Ísland myndu spila um lausa sætið.

„Sú hugmynd var hins vegar drepin í fæðingu,“ segir Helga.

Ísland verður því í pottinum þegar dregið verður í riðla á ársþingi EHF sem fram fer í Mónakó á föstudaginn.

**kolbeinntumi@365.is**



**GLEÐI** Hrafnhildur og félagar eru orðnir fastagestir á stórmótum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Óvæntir farseðlar á stórmót í handbolta

Í bæði skiptin sem íslenska karlalandsliðið hefur farið bakdyramegin inn á stórmót í handbolta hefur góður árangur náðst. Tveimur mánuðum fyrir Ólympíuleikana 1984 í Los Angeles bauðst íslenska landsliðinu sæti á leikunum þar sem Sovétríkin og fleiri Austur-Evrópuþjóðir hættu við þátttöku. Ísland hafði náð sjöunda sæti í B-keppninni ári áður sem dugði til sætis í Los Angeles. Íslenska liðið hafnaði í þriðja sæti síns riðils og lék um fimmta sætið gegn Svíum sem höfðu betur.

Aftur fengu „strákarnir okkar" sæti á Ólympíuleikunum í Barcelona árið 1992. Vegna stíðsástandsins í Júgóslavíu ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að Júgóslavía fengi ekki að senda lið til þátttöku í leikunum þótt einstaklingum væri enn þá heimil þátttaka. Íslenska liðið hafði æft vel um sumarið en boð á leikana barst þó ekki fyrr en örfáum dögum fyrir setningu þeirra. Íslenska liðið, sem lék án sterkra lykilmanna á borð við Kristján Arason og Sigurð Sveinsson sem glímdu við meiðsli, komst í undanúrslit. Niðurstaðan varð fjórða sætið eftir tap gegn Frökkum í leiknum um þriðja sætið.


www.icewear.is

**Icewear óskar eftir að ráða í eftirtalin störf:**

**Sölumaður**

Í starfinu felst að heimsækja viðskiptavini fyrirtækisins um land allt og afgreiða vörur úr bíl, fylgja þar af leiðandi mikill ferðalög. Fyrirtækið er með sendibíl með kerru. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, hraustur og áreiðanlegur. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Lagerstarfsmaður**

Icewear, óskar eftir að ráða starfsmann á lager og útkeyrslu. Í starfinu felst m.a. tiltekt pantana, móttaka á vörum og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, hraustur og áreiðanlegur.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá skal senda á netfangið: icewear@icewear.is og agust@icewear.is **fyrir 20. júní.**

**Um Icewear:** Icewear var stofnað 1972 og starfaði í ullariðnaði. Á undanförum árum hefur fyritækið þróað útvistarlínu sem er seld í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku undir vörumerkjunum Icewear og Norwear. Víkurprjón er alfarið í eigu Drífu ehf.




**EKKI ORÐ** Leonardo Bonucci passar upp á að Mario Balotelli tali ekki af sér. FRÉTTABLALÐIÐ/AP

C-riðillinn kláraðist á EM í fótbolta í gærkvöldi:

## Spánn og Ítalía áfram

**FÓTBOLTI** Spánverjar og Ítalir unnu lokaleiki sína í C-riðli Evrópumótsins í fótbolta og tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum. Ítalir voru ekki í miklum vandræðum með að vinna Íra 2-0 en Spánverjar sluppu með skrekkinn á móti Króötum og tryggðu sér 1-0 sigur í lokin.

Antonio Cassano og Mario Balotelli skoruðu mörk Ítala á móti Írum. Cassano skoraði fyrra markið með skalla eftir horn Andrea Pirlo í fyrri hálfleik en Balotelli það síðara í lokin með viðstöðulausu skoti eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

Spánverjar tryggðu sér sigur í riðlinum með því að vinna 1-0 sigur á Króatíu. Jesús Navas kom inn á sem varamaður fyrir Fernando Torres eftir klukkutíma og skoraði eina mark leiksins tveimur mínútum fyrir leikslok. Króatar fengu nokkur flott færi úr skyndisóknum í seinni hálfleik en með því hefðu þeir getað slegið út spænska liðið.

Úrslitastund leiksins var kannski á 59. mínútu þegar Iker Casillas varði frábærlega skutluskalla frá Ivan Rakitic eftir skyndisókn og undirbúning Luka Modric. Mark þarna hefði breytt miklu. Mark Króata kom ekki og Jesús Navas skoraði sigurmarkið á 88. mínútu eftir stoðsendingu Andrés Iniesta og frábæra sendingu Cesc Fabregas inn í teiginn. **- óój**



**ROONEY OG HODGSON** Fyrir æfingu enska liðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

EM í fótbolta í kvöld:

## Rooney má loksins spila

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney hefur þurft að dúsa uppi í stúku í tveimur fyrstu leikjum Englendinga á EM en í kvöld fær hann loksins að klæðast tíunni og hjálpa enska liðinu til þess að komast í átta liða úrslitin. Rooney viðurkennir að það hafi verið erfitt að horfa á fyrstu tvo leikina. „Það er miklu erfiðara að horfa á leiki en spila þá því þú getur ekkert gert uppi í stúku,“ sagði Wayne Rooney.

Rooney kemur væntanlega beint inn í byrjunarliðið fyrir Úkraínuleikinn en enska liðinu nægir þar jafntefli. Andy Carroll og Danny Welbeck skoruðu báðir í sigrinum á Svíum og annar þeirra þarf því að víkja. Pressan verður á Rooney að skila meiru en á síðustu stórmótum enda þá með fleiri rauð spjöld en mörk.

Það er hins vegar mörgum í fersku minni þegar hann 18 ára gamall skoraði 4 mörk í fjórum leikjum á sínu fyrsta og eina Evrópumóti í Portúgal árið 2004. **- óój**

# Fasteignamat 2013

## – einn, tveir og þrír

Þjóðskrá Íslands tilkynnir fasteignaeigendum um nýtt fasteignamat sem gildir fyrir árið 2013 og miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2012. Frestur til að gera athugasemdir við nýja fasteignamatið er til 1. ágúst 2012.

Fasteignamat er birt á upplýsinga- og þjónustuveitunni Ísland.is og geta fasteignaeigendur skoðað mat eigna sinna þar þegar þeim hentar.

### 1 Fara á Ísland.is

Smelltu á borðann til að skoða fasteignamat eigna þinna




### 2 Tvær leiðir til auðkenningar

Þú skráir þig inn á *Mínar síður* með rafrænum skilríkjum eða með aðalveflykli ríkisskattstjóra. (Týndur veflykill – sjá skattur.is.)




### 3 Tilkynningaseðill

Tilkynningaseðill fasteignamats er í pósthólfinu þínu á Ísland.is.




Fasteignaeigendur geta einnig nálgast fasteignamatið á vefnum **skra.is** með því að slá inn götuheiti eða haft samband við Þjóðskrá Íslands og óskað eftir að fá tilkynningaseðilinn sendan með bréfpósti.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Sími 515 5300 | skra@skra.is | www.skra.is

ÞÍ 12062012 RRS

> **Stöð 2 Sport kl. 21.00**
**Tvöfaldur skolli**

*Þorsteinn Hallgrímsson og Logi Bergmann Eiðsson stýra léttum og skemmtilegum þætti þar sem þeir skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum. Meðal efnis í þættinum í kvöld er viðtal við Íslending sem hefur farið holu í höggi bæði með hægri og vinstri, Haukadalsvöllur við Geysi er skoðaður, golfkennsla með Luke Donald og margt fleira.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ LES

# *Hljómsveit án frontmanns*

Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi á dögunum að fá gefins ævisögu Levons Helms, en hann var trommuleikari í The Band. Sagan er mögnuð heimild um byltingu í þjóðlagarokki á sjöunda áratugnum, en ekki síður skemmtileg saga um líf tónlistarmanna þegar allt var nýtt og ferskt.

The Band hét áður The Hawks og hóf feril sinn með Ronnie Hawkins í framlínu. Rokkabillíið var alls ráðandi, en svo fór að meðlimir sveitarinnar vildu þróa sig áfram. Þeir hittu Bob Dylan og léku með honum, en voru alltaf að semja eigin tónlist, bæði með honum og án. Þeirra draumur var að vera með hljómsveit án frontmanns og það gerðu þeir svo sannarlega. Útgáfufyrirtækið klykkti svo út með því að gefa þeim nafnið The Band, en þeir höfðu skilað



upptökum inn undir nafninu The Crackers.

Hví er verið að þusa um þetta bókarkorn í pistli um ljósvakamiðla? Jú, það er sumar og ekkert í sjónvarpinu nema EM í fótbolta og nóg hefur verið skrifað um það.

### FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bóndi er bústólpi **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sveiflan sem sigraði heiminn **19.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **20.00** Leynifélagið **20.35** Listahátíð í Reykjavík 2012 - Duo Harpverk og Páll Ragnar Pálsson **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Girni, grúsk og gloríur **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

---

**14.00 Baráttan um Bessastaði - Frambjóðendur kynntir** (4:8) (Ari Trausti Guðmundsson) (e)
**14.30 Leiðarljós** (Guiding Light)
**15.15 Táknmálsfréttir**
**15.25 Í fyrsta sæti er ... - Söngkeppni framhaldsskólanna** Þáttur um sigurvegarana í Söngkeppni framhaldsskólanna.
**16.00 EM í fótbolta** Endursýndur leikur frá mánudagskvöldi.
**18.00 Fréttir og veður**
**18.25 EM stofa** Hitað upp fyrir leik á EM.
**18.45 EM í fótbolta** BEINT frá leik Svía og Frakka eða Englands og Úkraínu.
**20.40 EM kvöld**
**21.10 Gulli byggir - Í Undirheimum**
**21.40 Anna** Stuttmynd eftir Helenu Stefánsdóttur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veðurfréttir**
**22.30 Baráttan um Bessastaði** (Ólafur Ragnar Grímsson) Frambjóðendur til embættis forseta Íslands kynntir.
**23.00 Hafinn yfir grun: Rauða Dalían** (3:3) (Above Suspicion II: The Red Dahlia) Anna Travis rannsakar dularfullt mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.50 Aðþrengdar eiginkonur** (23:23) (Desperate Housewives VIII) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.35 EM í fótbolta** Endursýndur leikur frá því fyrr í kvöld
**02.15 Fréttir**
**02.40 Dagskrárlok**

**08.00 Austin Powers in Goldmember**
**10.00 Love Happens**
**12.00 Marmaduke**
**14.00 Austin Powers in Goldmember**
**16.00 Love Happens**
**18.00 Marmaduke**
**20.00 Inkheart**
**22.00 Angels & Demons**
**00.15 Lions for Lambs**
**02.00 Die Hard**
**04.10 Angels & Demons**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (19:23)
**08.30 Oprah**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (73:175)
**10.15 The Wonder Years** (5:24)
**10.40 The Middle** (18:24)
**11.00 Hot In Cleveland** (1:10)
**11.25 Two and a Half Men** (21:22)
**11.50 The Amazing Race** (1:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (11:40) (12:40)
**15.45 Sjáðu**
**16.15 Barnatími Stöðvar 2** (2:45)
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (4:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Simpsons** (13:22)
**19.35 Arrested Development** (1:18)
**20.00 Two and a Half Men** (17:24)
**20.25 The Big Bang Theory** (8:24)
**20.45 How I Met Your Mother** (11:24)
**21.10 White Collar** (16:16)
**21.55 Girls** (3:10)
**22.30 Eastbound and Down** (3:7)
**23.00 The Daily Show: Global Edition** (20:41)
**23.25 New Girl** (18:24)
**23.50 2 Broke Girls** (6:24)
**00.15 Drop Dead Diva** (2:13)
**01.00 Gossip Girl** (18:24)
**01.45 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (2:7)
**02.30 Entourage** (8:12)
**02.55 Breaking Bad** (8:13)
**03.40 White Collar** (16:16)
**04.25 Two and a Half Men** (17:24)
**04.45 The Big Bang Theory** (8:24)
**05.05 How I Met Your Mother** (11:24)
**05.30 The Simpsons** (13:22)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

**18.00 Man. City - Man. Utd.**
**19.50 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattspyrnu.
**21.00 Tvöfaldur skolli**
**21.30 Arsenal - Leeds**
**23.15 NBA: Miami - Oklahoma** Útsending frá þriðja leik liðanna í úrslitaeinvíginu.
**01.00 NBA: Miami - Oklahoma** BEINT Fjórði leikur liðanna í úrslitaeinvíginu.

**17.55 Wolves - Arsenal**
**19.40 PL Classic Matches: Manchester City - Tottenham, 1994**
**20.10 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.40 Man. City - Wigan**
**22.25 Fulham - Swansea**

**19.30 The Doctors** (139:175)
**20.15 Monk** (14:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Glee** (10:22)
**22.30 Suits** (2:12)
**23.15 Silent Witness** (7:12)
**00.00 Supernatural** (17:22)
**00.45 Flight of the Conchords** (2:10)
**01.10 Monk** (14:16)
**01.55 Íslenski listinn**
**02.20 Sjáðu**
**02.45 The Doctors** (139:175)
**03.25 Fréttir Stöðvar 2**
**04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**14.55 Eldhús sannleikans** (6:10) (e)
**15.15 Innlit/útlit** (4:8) (e)
**15.45 Life Unexpected** (7:13) (e)
**16.30 90210** (21:24) (e)
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 Got to Dance** (16:17) (e)
**19.20 30 Rock** (1:23) (e)
**19.45 Will & Grace** (5:27) (e)
**20.10 Necessary Roughness** (11:12) Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle sem á erfitt með að láta enda ná saman í kjölfar skilnaðar. Hún tekur því upp á að gerast sálfræðingur fyrir ruðningslið með afbragðsgóðum árangri. Vinsældir hennar aukast jafnt og þétt og áður en hún veit af eiga hörkuleg meðferðarúrræði hennar upp á pallborðið hjá stærstu íþróttastjörnum landsins. Dani leggst í sjálfsskoðun þar sem að nú er liðið ár frá því að hún skildi og umbreytti lífi sínu.
**21.00 The Good Wife** (21:22)
**21.50 Unforgettable** (9:22) Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
**22.35 Jimmy Kimmel**
**23.20 In Plain Sight** (8:13) (e)
**00.05 Teen Wolf** (2:12) (e)
**00.55 Necessary Roughness** (11:12) (e)
**01.45 The Good Wife** (21:22) (e)
**02.35 Unforgettable** (9:22) (e)
**03.25 Pepsi MAX tónlist**

**06.00** ESPN America **07.00** US Open 2012 (1:4) **12.00** Golfing World **12.50** US Open 2012 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** Wells Fargo Championship 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2002 - Official Film **23.50** ESPN America

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

### BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **07.35** My Family **08.05** Dalziel and Pascoe **09.50** Deal or No Deal **10.25** EastEnders **10.55** Come Dine With Me **11.45** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** My Family **14.40** Top Gear **15.35** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** Live at the Apollo **18.55** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Nighty Night **21.45** Live at the Apollo **22.35** Top Gear **23.44** QI **00.50** The Graham Norton Show **01.35** Nighty Night **02.40** Live at the Apollo **03.25** QI

### DR 1

**11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies australske kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Masha og bjørnen **14.30** Lille Nørd **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det Søde Sommerliv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** EURO 2012 **18.45** Fodbold. Euro 2012 **19.30** TV Avisen **19.40** Fodbold. Euro 2012 **20.30** EURO 2012 **21.00** Wallander. Hundene i Riga **22.45** OBS **22.50** Verdens børn er blevet voksne

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Sjøsprøyt **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Grønn glede **18.15** Munter mat **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Frå Lark Rise til Candleford **20.30** Jeg er på vandring **21.00** Kveldsnytt **21.20** I skuddlinjen **22.10** Livvaktene **23.05** Gintberg i utkanten **23.35** Jeg er på vandring **00.05** Frå Lark Rise til Candleford **01.05** Grønn glede **01.35** Munter mat

### svt1

**111.05** Drottning Elizabeth II, regent i 60 år **11.55** EM-magasinet **12.25** Kostervalsen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** The Big C **15.25** The Big C **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Sidenvägen på 30 dagar **17.00** Seventies - Crosby, Stills and Nash **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sommarsverige idag **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Fotboll. Euro 2012 **21.00** EM-magasinet **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.45** Fotboll. Euro 2012 **22.00** Fängelset **23.30** Rapport

### iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Björgvin Halldórsson - Bubbi Morthens - KK
## Sálin hans Jóns míns - Dúndurfréttir - Brimkló - Jón Jónsson
### Krummi - Illgresi - Sigga Beinteins - Guðrún Árný Karlsdóttir - 1860 - Kalli - The Saints of Boogie Street

# STÓRTÓNLEIKAR Á FIMMTUDAG
### AUSTURBÆR KL. 21.00 - MIÐAVERÐ 3.500 KR. - MIÐASALA Á MIÐI.IS



## Styrktartónleikar fyrir Davíð Örn Arnarsson og fjölskyldu hans

Davíð Örn greindist með krabbamein í hálsi í janúar 2008 og hefur síðan háð hetjulega baráttu við sjúkdóminn, dyggilega studdur af konu sinni og dætrum. Slík barátta er ætíð erfið og kostnaðarsöm ungri fjölskyldu og því er nú blásið til sóknar og slegið upp ógleymanlegum styrktartónleikjum. Allur aðgangseyrir rennur óskiptur til fjölskyldunnar. Ef þið hafið ekki tök á að mæta á tónleikana, en langar að leggja ykkar af mörkum, er bent á styrktarreikning: **324-26-171105** kt. **171180-5549**.

midi.is AUSTURBÆR



Performer í samstarfi við Gilbert úrsmið og JS Watch co. Reykjavik kynna:
JETHRO TULL
IAN ANDERSON
FLYTUR
THICK AS A BRICK
Í heild sinni Eldborgarsal
Hörpu 21. júní & 22. júní
21.6 Ósóttar pantanir seldar núna!
22.6 Örfá sæti laus!
Allra síðustu forvöð!
Miðasala á midi.is og harpa.is
JETHRO TULL
The St. Cleve Chronicle
& Linwell Advertiser
THICK AS A BRICK GOES ON TOUR !!
ENTIRE CLASSIC ALBUM PLAYED LIVE. FIRST TIME SINCE '72
PARRIT ROOMS
HEAD INJURY
COMPACT disc DIGITAL AUDIO
HEIMSVIÐBURÐUR Á ÍSLANDI
Tilefnið er 40 ára afmæli plötunnar.
Mögnuð videosýning og breskir leikarar
taka þátt að gera uppsetningu verksins
sem eftirminnilegasta.
GILBERT
ÚRSMIÐUR
performer
JS Watch co.
REYKJAVIK

SUMARFRÍIÐ



*„Ég fer ekki í formlegt sumarfrí í ár en er á leið til Bandaríkjanna í júlí og fæ þá einn frídag. Svo fer ég vonandi með vini mínum til útlanda í lok sumars. Það er þó enn óvíst hvert ferðinni er heitið.“*

Fannar Sveinsson, annar umsjónarmanna Hraðfrétta.

# Söngvari Bombay Bicycle Club á Hressó

„Við ætlum að fá innblástur frá náttúrunni,“ segir Jack Steadman, söngvari þekktu indírokkhljómsveitarinnar Bombay Bicycle Club sem heldur tónleika í Hressingarskálanum ásamt tónlistarkonunni Þorbjörgu Ósk Eggertsdóttur annað kvöld. Tónleikarnir verða órafmagnaðir og munu þau flétta tónsmíðar sínar saman. „Svo verður eitthvað óvænt sem kemur út úr æfingaferð til Vestmannaeyja.“

Þorbjörg er fyrrverandi meðlimur hljómsveitarinnar Mukkaló og kynntist Steadman þegar hann spilaði á Iceland Airwaves haustið 2010. „Meðlimir Mukkaló komu til kærustunnar minnar og sögðust vera að spila á tónleikum, sem við mættum á og þeir voru snilld.“ segir hann og leggur áherslu á orðið „snilld“ með að segja það á íslensku.

„Ég og kærastan mín keyrðum svo út á land með þeim síðasta kvöldið okkar. Við fórum að Seljalandsfossi og vorum þar allt kvöldið,“ segir hann gáttaður yfir íslenskri náttúrufegurð og þá sérstaklega birtunni á sumrin. „Ég kom út af skemmtistað í fyrrinótt klukkan eitt og fríkaði alveg út.“ Hann bætir við að Íslendingar hafi meiri tíma fyrir vikið og að hann hafi blásið á áhyggjur Þorbjargar af litlum æfingatíma þar sem þau hefðu tvöfalt meiri tíma því það yrði aldrei dimmt.

Í framhaldi af kynnum Bombay Bicycle Club og meðlima Mukkaló fyrr um árið spilaði Mukkaló með þeim á tveimur tónleikum í Queen Elizabeth Hall í London í desember 2010.

Spurður um gang mála hjá bresku sveitinni svarar hann: „Við höfum verið að spila mikið og erum að byrja að semja fyrir fjórðu plötuna okkar, sem er væntanleg eftir ár.“



**ÞEKKTIR SMELLIR** Þorbjörg og Jack Steadman flytja smelli Bombay Bicycle Club í bland við frumsamið efni Þorbjargar á Hressó annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tónleikarnir hefjast í Hressingarskálanum í Austurstræti klukkan 22 og er aðgangur ókeypis. - hþt






RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR: ÓTRÚLEGA ERFITT VERKEFNI

# Sýnir mynd um transkonu á fyrsta degi Gay Pride

Ný heimildarmynd Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur um manneskju sem leiðréttir kyn sitt verður frumsýnd 7. ágúst, eða á fyrsta degi Gay Pride-hátíðarinnar.

„Þetta er búið að vera alveg ótrúlega erfitt verkefni og mikill rússíbani enda er þetta gífurlega mikil tilfinningaleg flækja sem manneskja fer í gegnum sem er að leiðrétta kyn sitt. Samt sem áður er þetta búið að vera rosalega lærdómsríkt,“ segir Ragnhildur Steinunn um gerð myndarinnar, sem nefnist Hrafnhildur.

Hún fylgdi í fjögur ár eftir manneskju sem fer frá því að vera líffræðilegur karl sem breytist að lokum í konuna Hrafnhildi. Fylgst er með öllu ferlinu, þar á meðal ferðum hennar til geðlæknis og hormónameðferðinni. „Við fylgjumst með öllum þeim sálarflækjum sem hún gengur í gegnum og hvernig kerfið tekur henni. Þetta er bara upp og niður og veggir og hindranir alls staðar. Svo er mjög fróðlegt að komast að því hvort þessi aðgerð veiti henni sálarró eða hvort ný vandamál taki við,“ segir Ragnhildur, en þeim spurningum verður svarað í lok myndarinnar. „Það sem er merkilegast við þessa manneskju er að hún þagði yfir þessu í 26 ár. Þessi þögn var við það að ganga frá henni. Það voru í rauninni tveir valkostir, annaðhvort að taka sitt eigið líf eða að stíga út úr þessu og sem betur fer valdi hún seinni kostinn.“

Innt eftir því hvers vegna hún ákvað að gera myndina segir Ragnhildur: „Þegar ég var yngri þjálfaði ég strák í fimleikum sem upplifði sig sem stelpu. Hann var bara sjö ára,“ segir hún og á þar við Völu Grand. „Þá vissi maður ekki neitt um þetta. Síðan þá hefur maður verið frekar forvitinn en aldrei skilið þetta almennilega. Þetta var tilraun mín til að átta mig betur á hugarheimi þessa hóps,“ greinir hún frá.

Myndin verður frumsýnd í kvikmyndahúsum 7. ágúst og skömmu síðar verður hún sýnd í Sjónvarpinu. Að sögn Ragnhildar er vel við hæfi að frumsýna myndina á fyrsta degi Gay Pride. „Transhópurinn er eiginlega einu skrefi á eftir samkynhneigðum en þetta ár er mikið að gerast hjá transhópnum. Í síðustu viku voru samþykkt lög sem eiga að tryggja þessum einstaklingum jafna stöðu á við aðra en það átti sér stað fyrir nokkrum árum hjá samkynhneigðum. Barátta transfólks er rétt að hefjast og almenningur er fyrst núna að byrja að viðurkenna þetta sem leysanlegan vanda.“

freyr@frettabladid.is






**FRUMSÝNIR HEIMILDARMYND**

Ragnhildur Steinunn frumsýnir heimildarmynd um íslenska transkonu á fyrsta degi Gay Pride, 7. ágúst.



**HÆTTI VIÐ HEIMILDARMYND UM VÖLU GRAND**

Heimildarmynd Ragnhildar Steinunnar átti fyrst að fjalla um Völu Grand. Þegar á reyndi ákvað Ragnhildur að fjalla frekar um aðra transkonu. „Vala Grand er mjög ótýpísk transmanneskja. Oftast eru þetta einstaklingar sem vilja litla sem enga athygli og vilja falla inn í samfélagið. Mér fannst hún í rauninni ekki gefa raunsæja mynd af hugarheimi þessara einstaklinga og ég ákvað því að leita annað.“

# Hringir bjöllunni í Reykjavík

„Það geta allir fengið ís hjá okkur og það þarf aldrei að skilja neinn útundan þó hann sé með ofnæmi eða neitt svoleiðis. Við erum með eitthvað fyrir alla,“ segir Ásgeir Baldursson, eigandi fyrirtækisins Ísbílsins.

Nú í maí varð stór breyting á rekstri Ísbílsins þegar ákveðið var að byrja að hringja bjöllunni á höfuðborgarsvæðinu líka, en hingað til hafa ísbílarnir aðeins keyrt um úti á landi. „Við erum búin að setja upp tuttugu leiðir í Reykjavík og nágrenni, en þær enda örugglega á að verða um 100 árið 2015 þegar við stefnum á að vera komin með ferðir um allt svæðið,“ segir Ásgeir og bætir við að bensínkostnaður spili tvímælalaust stórt hlutverk í rekstri sem þessum, en að með töluverðri hagræðingu hafi þó náðst að halda ísnum á sama verði frá árinu 2010. Ísbíllinn hefur verið á ferðinni frá árinu 1994 og nú eru alls átta ísbílar á landinu sem keyra eftir áætlun og eru á hverjum stað á tveggja vikna fresti. „Í upphafi fóru bílarnir bara um sumarhúsahverfin og minni bæi landsins en núna erum við farnir að keyra um allt land, á öll pláss og í allar sveitir. Ég hugsa að ég hafi farið á hvern einasta sveitabæ á landinu og í öll þorp,“ segir Ásgeir.

Í Ísbílunum er líklega að finna mesta úrval landsins af frosnum íspinnum, en þar eru seldar 43 mismunandi tegundir og til dæmis hægt að fá sjö mismunandi tegundir sem eru framleiddar í algjörlega hnetufríu umhverfi. „Við erum með ís frá Emmessís, Kjörís, Beint frá bónda og að norðan og gerum okkar besta til að þjónusta alla kúnnahópa eins vel og möguleiki er á,“ segir Ásgeir að lokum. - trs



**BJALLAN GÓÐA** Ásgeir og félagar hjá Ísbílnum hringja bjöllunni sinni alls staðar sem þeir koma, en slagorð Ísbílsins er „Þú þekkir mig á bjöllunni“.




Domino's Pizza®

www.dominos.is sími 58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000KR.

**Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.**



## PANTAÐU Á NETINU!

Á vefnum okkar, dominos.is, getur þú skoðað matseðilinn, pantað og fylgst með pizzunni frá pöntun til afhendingar!

**GÆÐI ALLA LEIÐ!**



**Kjúklingabaka:** Léttbotn, græn paprika, minni sósa, minni ostur, laukur, kjúklingur og sveppir

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kaupþingsmenn hjóla



**Ármann Þorvaldsson**, fyrrverandi forstjóri Kaupthing Singer & Friedlander, og Bjarki Diego, fyrrverandi framkvæmdastjóri útlána hjá Kaupþingi, eru meðal liðsmanna í hjólreiðaliðinu „Kátir hnakkar“ sem tekur þátt í Heillakeðju flugfélagsins WOW. Um er að ræða hjólreiðamaraþon með áheitum og rennur ágóðinn til Barnaheilla. Eiginkonur þeirra, Þórdís Edwald og Svanhvít Birna Hrólfsdóttir, eru titlaðar sem bílstjórar liðsins. Í liðslýsingu á heimasíðu WOW segir að konurnar hafi báðar unnið Gullna stýrið („Das Goldenes Lenkrad“) í Austur-Berlín á áttunda áratugnum. „Þær eiga jafnframt langan feril í sparaksturskeppnum og hafa aldrei keyrt hraðar en á 30 km hraða, sem mun koma sér vel í keppninni.“

### Á hliðarlínunni uppi á Skaga



Knattspyrnumaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen var staddur uppi á Akranesi um helgina þar sem Norðurálsmót 7. flokks í fótbolta fór fram. Eiður Smári stóð á hliðarlínunni og hvatti yngsta son sinn, Daníel, áfram en hann keppti fyrir hönd HK. Eiður Smári er búsettur ásamt fjölskyldu sinni í Aþenu þar sem hann spilar fyrir AEK Aþenu en nýtti einnig tímann á Íslandi til að sletta úr klaufunum. Til hans sást á skemmtistaðnum B5 á föstudagskvöldið ásamt útvarpsmanninum Auðuni Blöndal, Agli Einarssyni og yngri félögum sínum í íslenska landsliðinu þeim Jóhanni Berg Guðmundssyni og Kolbeini Sigþórssyni.

- sv / áp

## Mest lesið vísir

1. Hindruðu að barnaskóli fengi uppstoppaðan fálka að gjöf
2. Feðgin hætt komin þegar gúmmíbát hvolfdi
3. Offitusjúklingar stefna fæðuöryggi í hættu
4. Leyft að selja afurðir kannabisplöntu
5. Margir misstu af hátíðardagskrá





